

22

Málar fugla í gríð og erg við miklar vinsældir



30

Bændalúrinn er öllum hollur



34

Bróðurpartur íbúa hefur búið annars staðar en í sveitinni

# Bændablaðið

9. tölublað 2020 ● Fimmtudagur 7. maí ● Blað nr. 562 ● 26. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Meistaravörn Þórdísar Þórarinsdóttur í búvísindum við LbhÍ fór fram í gegnum Zoom fjarfundabúnað, en ritgerðin fjallar um erfðastuðla og erfðaþróun frjósemiseiginleika í íslenska kúastofninum. Hún er nú ásamt unnusta sínum, Eyþóri Braga Bragasyni, að taka við sauðfjárbúi foreldra hans á Bustarfelli í Vopnafirði. Nýorðin meistari fór hún beint út í fjárhús í sauðburðinn á Bustarfelli enda mikil sveitakona. Hún segir það skemmtilegasta við ritgerðarskrifin hafa verið þegar hún fékk niðurstöður úr tölfræðiforritunum eftir marga vikna pælingar og undirbúning. – *Sjá viðtal bls. 28–29* Mynd / einkasafn

## Metframleiðsla á mjólk milli ára

**Samanlögð 12 mánaða framleiðsla á mjólk, miðað við mars ár hvert, hefur aldrei verið meiri heldur en í mars 2020.**

Að liðnum fyrstu 15 vikum ársins 2020 hefur mjólkurframleiðslan verið mitt á milli þess sem hún var á sama tíma árin 2018 og 2019. Síðastliðin þrjú ár, 2017–2019, voru metár í mjólkurframleiðslu, en aldrei hefur verið framleitt jafn mikil mjólk á ársgrunni og á þeim árum.

***Framleiðslan jókst um 2,6% frá apríl 2019 til mars 2020***

Á síðustu 12 mánuðum, þ.e. apríl 2019 til mars 2020, var samanlögð mjólkurframleiðsla 153,7 milljónir lítra. Það er um 2,6% meiri framleiðsla en á 12 mánaða tímabilinu þar á undan.

Umreiknuð sala á innanlandsmarkaði nam 147,7 milljónum á fitugrunni og 126,3 milljónum á próteingrunni. Salan á fitugrunni hefur aukist um 2,06% en dregist saman um 1,47% á próteingrunni á þessu tímabili.

Í Mjólkurpóstinum, fréttabréfi Mjólkursamsölunnar, segir Pálmi Vilhjálmsson, aðstoðarforstjóri MS, að með tilliti til þeirra aðstæðna sem nú ríkja í samfélaginu verði mjög brýnt að fylgjast grannt með þróun í öllum starfsþáttum. Þar með talinni mjólkurframleiðslu, sölu og birgðahaldi. /HKr.

# Ekki færra sauðfé á Íslandi í 40 ár

## – Fækkunin nemur um 50%, en nautgripum hefur fjölgað um 35% á sama tímabili

**Sauðfé hefur ekki verið færra á Íslandi en nú í 40 ár samkvæmt hagtölum landbúnaðarins sem unnar eru úr haustskýrslum. Um síðustu áramót taldist ásett sauðfé vera 415. 949, en þar af eru 1.471 geit.**

Árið 1980 taldist vetrarfóðrað sauðfé vera 827.927 gripir. Árið 1985 var farið að fækka nokkuð í stofninum sem þá var 709.257 fjár. Árið 1990 var talan komin í 548.508 og í 458.341 árið 1995. Árið 2000 var sauðféð 465.777 og hefur sá fjöldi haldist nokkuð svipaður, upp eða niður um 10.000 fjár eða svo. Þannig komst fjöldinn í 479.841 árið 2010 og mest í 486.598 fjár árið 2014. Síðan hefur sauðfénu fækkað nær jafnt og þétt og var komið í 415.949 gripi á síðasta ári eins og fyrr segir.

***Helmingsfækkun á 40 árum***

Er sauðfé í landinu nú um helmingi færra en það var 1980, eða 50,3%, og beitarálag hefur að sama skapi minnkað verulega á flestum landsvæðum.Þá hefur það alveg horfið á stórum svæðum þar sem sauðfjárbúskapur hefur lagst af.




***Norðvesturkjördæmi er öflugasta sauðfjárræktarsvæðið***

Ef skoðað er sauðfjárhald eftir landshlutum er það eins og fyrr öflugast í Norðvesturumdæmi (þar með taldir Vestfirðir), eða 112.085 vetrarfóðraðar kindur. Í öðru sæti er Vesturumdæmi með 102.175 fjár. Þrjú umdæmi koma síðan með nokkuð áþekkan fjölda sauðfjár. Þar er Norðausturumdæmi sem lendir í þriðja sæti yfir landið með 68.789 kindur, Austurumdæmi er í fjórða sæti með 65.753 og Suðurkjördæmi í fimmta sæti með 64.931 kind. Suðvesturumdæmi rekur svo lestina með 2.216 kindur.

***Nautgripum hefur fjölgað um 35% frá 1980***

Í árslok 2019 voru 80.872 nautgripir í landinu og þar af voru 26.217 mjólkurkýr og 2.891 holdakýr. Nautgriparæktin hefur eflst mjög á landinu síðan 1980 þegar nautgripir voru alls 59.933. Þeim fjölgaði í 72.889 árið 1985 og fóru í 74.889 gripi árið 1990. Heldur fór síðan að fækka í stofninum og árið 1995 voru gripirnir 73.195 og 72.135 árið 2000. Lægst fór talan svo í 65.979 gripi árið 2005 en fjölgaði síðan í 73.781 grip árið 2010. Næstu tvö ár var talan undir 70.000 en fór í 74.444 gripi árið 2014. Þá fór að fjölga og voru nautgripirnir flestir 81.636 árið 2018, en voru sem fyrr segir 80.872 árið 2019.

***Langflestir nautgripir eru í Suðurumdæmi***

Suðurumdæmi er langöflugasta nautgriparæktarhérað landsins með 30.712 gripi árið 2019. Í öðru sæti var Norðausturumdæmi með 18.025 gripi. Síðan kom Norðvesturumdæmi í þriðja sæti með 14.138 gripi og Vesturumdæmi var í fjórða sæti með 12.042 gripi. Í fimmta sæti var Austurumdæmi með 4.653 gripi og í sjötta sæti var svo Suðvesturumdæmi með 1.302 nautgripi. /HKr.

*– Sjá nánar bls. 2*

FRÉTTIR



Litla lambið, Pæja Pons, er tvílemba, en systir hennar er miklu stærri.

# Agnar lítið lamb á Neðri-Dálksstöðum

**„Það gengur mjög vel með gimbrina, sem hefur fengið nafnið Pæja pons, hún er sterkur karekter, sem á örugglega eftir að gera það gott þrátt fyrir að fæðast svona ofboðslega lítil, eða rétt um 600 grömm,“ segir Hanna María Brynjólfsdóttir, sauðfjárbóndi á bænum Neðri-Dálksstöðum skammt frá Akureyri.**

Litla lambið er tvílemba, systir hennar er miklu stærri. Mamma lambanna heitir Kisa og pabbi þeirra Hreinn. Á bænum eru um 70 kindur og reiknað er með 130 til 150 lömbum í vor. Hanna María tók meðfylgjandi myndir af Pæju Pons og lambi, sem er jafn gamalt og í eðlilegri stærð, munurinn er mjög mikill. /MHH



Mikill stærðarmundfur er á systrunum.




## Öxarfjörður:

# Níu kílóa lambhrútur fæddist á bænum Bjarnastöðum

**„Þetta er stærsta lamb sem fæðst hefur hér á bæ,“ segir Halldís Gríma Halldórsdóttir á Bjarnastöðum í Öxarfirði. Þar reka foreldrar hennar, Halldór S. Olgeirsson og Elín Maríusdóttir, sauðfjárbú. Undir síðustu helgi fæddist þar 9 kílóa lambhrútur, ansi hreint stór og stæðilegur.**

Halldís Gríma segir að eitt sinn fyrir nokkrum árum hafi fæðst 7 kílóa lamb á bænum, en Trölli, 9 kílóa lambið, sé það allra stærsta sem þau hafi áður séð. Burður gekk hægt, en tókst að lokum.

Heimilismenn á Bjarnastöðum börðust við að halda lífi í lambinu en það lifði í þrjá daga. Telur hún að skaði hafi orðið innvortis í burði.



**Lambhrúturinn lifði í þrjá daga, en líkast til hefur eitthvað gefið sig í honum innvortis við burðinn sem gekk hægt fyrir sig enda hrúturinn engin smásmíði.** Mynd / Elín Maríusdóttir



**Níu kílóa lambhrútur fæddist á bænum Bjarnastöðum i Öxarfirði undir síðustu helgi. Sá stærsti sem þar hefur komið í heiminn.** Mynd / Halldís Gríma Halldórsdóttir

Lambhrúturinn stóð upp og hann hélt haus.Móðir lambhrútsins er tvævetra undan hrút úr Broddanesi á Ströndum en faðirinn er heimahrútur á Bjarnastöðum.

Um 350 ær bera þetta vorið á Bjarnastöðum í Öxarfirði og segir Halldís Gríma að vel gangi í sauðburði það sem af er. „Við erum ríflega hálfnuð núna og það gengur allt samkvæmt áætlun,“ segir hún. /MÞÞ




**Búfénaður landsmanna taldist vera 1.556 dýr, en inni í þeirri tölu er áætluð hrossaeign upp á 71.000 hross.**

# Búfjáreign Íslendinga var samtals um 1,6 milljónir dýra í árslok 2019

**Búfénaður landsmanna taldist vera 1.556 dýr, en inni í þeirri tölu er áætluð hrossaeign upp á 71.000 hross, en erfiðlega virðist ganga að fá sannar rauntölur um hross frá eigendum þeirra.**

Hefur þetta verið viðvarandi vandamál um áraraðir þó reynt hafi verið að gera ýmsar ráðstafanir á undanförnum árum til að lagfæra framkvæmd gagnasöfnunar um hrossaeign.

Samkvæmt haustskýrslum bænda eru hrossin talin vera 54.715 en þeir sem best þekkja til telja þá tölu ekki standast. Því er sett hér inn áætluð hrossaeign upp á 71.000 hross. Þarna er skekkja upp á 16.285 hross sem hrossaeigendur hljóta sóma síns vegna að leggja áherslu á að koma á hreint.

Tölur um svín sýna einungis gyltur og gelti, enda erfitt að henda reiður á fjölda grísa frá mánuði til mánaðar. Það sama á við um fjölda unga í alifuglaeldi. Í sauðfé er einungis verið að tala um vetrarfóðrað fé, ekki lömb sem fæðast að vori og er slátrað að hausti. Í loðdýraeldi er líka einungis verið að tala um fullorðin eldisdýr, högna og læður. /HKr.



**Sauðburður er nú að ná hámarki og frjósemi víða góð. Þessi golsótta ær karar hér nýborin lömb sín á bænum Syðstu-Fossum í Borgarfirði.** Mynd /Unnsteinn Snorri Snorrason

MEISTARAFÉLAG KJÖTIÐNAÐARMANNA
MFK
- STOFNAÐ 1990 -



**FAGKEPPNI MEISTARAFÉLAGS KJÖTIÐNAÐARMANNA MARS 2020**

# KJÖTMEISTARI ÍSLANDS 2020

## BJARKI FREYR SIGURJÓNSSON




Bjarki Freyr var stigahæstur allra í fagkeppninni og því réttnefndur Kjötmeistari Íslands. Fast á hæla honum kom svo annar kjötiðnaðarmaður frá SS, Steinar Þórarinsson en kjötiðnaðarmenn SS stóðu sig afburða vel í keppninni í ár eins og svo oft áður. Besta matarpylsan 2020 að mati MFK og almennings var: Ostapylsa frá Sláturfélagi Suðurlands.

***Fleiri verðlaun féllu fagmönnum Sláturfélagsins í skaut og eru þau talin upp hér fyrir neðan:***

Besta varan úr svínakjöti:
***Rauðvínssalamí***
Benedikt Benediktsson, SS
—
Besta varan úr folalda- og hrossakjöti:
***Fjalla-Cayen-grafið hrossafillé***
og besta varan úr nautakjöti sem og
í flokknum sælkeravörur:
***Grafið nautafillé með lakkrískeim.***
Jónas Pálmar Björnsson, SS

Lambaorðan, besta varan úr lambakjöti:
***Tindfjallahangikjet***
Oddur Árnason, SS
—
Besta varan í elduðum kjötvörum:
***Sviðasulta***
Steinar Þórarinsson, SS
—
Besta varan í flokknum soðnar pylsur:
***Piparostapylsur með sveppum***
Jón Sigurðsson, SS



**Við hjá SS óskum okkar metnaðarfullu fagmönnum hjartanlega til hamingju með árangurinn og vonum að hann verði enn fleirum hvatning til að gera vel í greininni.**

SS fremst fyrir bragðið
Síðan 1907

FRÉTTIR

### Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda:

# Vinir og ættingjar eru til aðstoðar

## – Tvær beiðnir borist afleysingaþjónustu Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambandanna

**Nokkur umræða hefur verið á undanförnum vikum um möguleg vandamál stærri sauðfjárbúa við mönnun starfa á sauðburði á tímum COVID-19 farsóttarinnar. Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, skrifaði um nokkrar hliðar þessara mála í síðasta Bændablað. Mælti hann með því að þeir bændur sem ættu eftir að útvega sér vinnuafl á sauðburði leituðu til afleysingaþjónustu bænda, sem haldið er úti af Bændasamtökum Íslands (BÍ) í samvinnu við búnaðarsamböndin. Það virðist hafa verið raunin í einhverjum tilvikum, þó langflestir sem þurftu utanaðkomandi aðstoð hafi leitað annarra leiða.**

Guðbjörg Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá BÍ, hefur tekið stöðuna hjá búnaðarsamböndunum varðandi það hvort einhver eftirspurn hafi verið hjá sauðfjárbændum að þiggja aðstoð frá afleysingaþjónustunni. „Það hafa örfáar beiðnir um mönnun á sauðburði borist til búnaðarsambandanna; ein á Suðurlandi og önnur í Húnavatnssýslum, en ekkert í öðrum landshlutum. Þessir aðilar sem réðu sig á viðkomandi bú voru á lista bakvarðarsveitar í landbúnaði sem sett var á fót vegna COVID-19. Þessir aðilar voru ákaflega þakklátir að fá starf,“ segir Guðbjörg.



Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda og bóndi á Straumi, telur að flestir bændur hafi nýtt fyrri hluta apríl til að viða að sér þeim aðföngum sem þarf í sauðburðinn og hafi svo haldið sig heima og alveg lokað sínum búum fyrir utanaðkomandi til að verjast smiti. Mynd / smh

### *Bændur hafa unnið í málunum undanfarnar vikur*

Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir nokkur af stærri búunum hafi haft erlent vinnuafl á sauðburði undanfarin ár en það verði í fæstum tilfellum af því þetta árið. „Þeir bændur hafa verið að leysa sín mál undanfarnar vikur og vonandi hefur það alls staðar gengið upp. Í einhverjum tilfellum hafa þeir bændur leitað til aðila sem gáfu sig fram á afleysingalista BÍ og búnaðarsambandanna vegna veikinda bænda af völdum COVID-19. Þá hafa flestir bændur fengið ættingja og aðra vini til aðstoðar í sauðburði, til dæmis um helgar eða yfir mesta álagstímann, en margir hafa haft áhyggjur af því að það muni ekki ganga upp þetta árið. Eftir því sem nýjum og virkum smitum fækkar aukast þó líkurnar á því að það verði mögulegt sé varkárni gætt.

Það er því mikilvægt tengt sauðburðinum eins og alls staðar í samfélaginu að allir fari vel eftir fyrirmælum stjórnvalda svo síður komi upp aukið smit að nýju. Ég held að flestir bændur hafi nýtt fyrri hluta apríl til að viða að sér þeim aðföngum sem þarf í sauðburðinn og hafi svo haldið sig heima og alveg lokað sínum búum fyrir utanaðkomandi til að verjast smiti. Ég hef heyrt nokkuð af því að það sama hafi gilt um það vinnuafl sem bændur fá, hafi það verið mögulegt, að þeir aðilar hafi farið í tveggja vikna sjálfskipaða sóttkví núna seinni hluta af aprílmánuði en það er auðvitað ekki í öllum tilfellum mögulegt,“ segir Guðfinna Harpa.



Sauðburður hófst á Straumi þann 28. apríl með sæðingalömbum og er kominn á fullt nú í byrjun maí. Mynd / Guðrún Katrín Helgadóttir

### *Sauðburður hófst 28. apríl á Straumi*

„Sauðburður var að hefjast með sæðingalömbum núna 28. apríl og fer svo á fullt um og upp úr helginni,“ segir Guðfinna Harpa spurð um hvernig málum hátti til hjá henni á Straumi. „Við erum yfirleitt fjögur í sauðburðinum en höfum svo eins og flestir fengið aðstoð ættingja á kvöldin og um helgar og hafa þeir haldið sig sérstaklega til hlés til að geta komið til okkar. Við eigum til dæmis einn háskólanema sem er búinn að vera í hálfsmánaðar sjálfskipaðri sóttkví og vonandi náð að klára flest verkefnin sín á meðan.“ /smh

### Trausti Hjálmarsson, sauðfjárbóndi í Austurhlíð í Biskupstungum og stjórnarmaður í LS:

# Ekki heyrt af vandamálum við mönnun starfa á sauðburði

## – Lengra burðartímabil í Austurhlíð svo ekki er þörf á utanaðkomandi aðstoð

**Trausti Hjálmarsson, sauðfjárbóndi í Austurhlíð í Biskupstungum og stjórnarmaður í Landssamtökum sauðfjárbænda, segir að hann hafi ekki heyrt af vandamálum sauðfjárbænda við mönnun starfa á sauðburði. Sjálf þurfi þau ekki að leita að starfsfólki utan bús, þar sem burðartímabilið sé langt og því dreifðara álag.**

„Ætli það séu ekki um sex hundruð kindur sem munu bera hjá okkur. Til að þurfa ekki mikinn viðbótarmannskap almennt á sauðburði – fyrir utan okkur fjölskylduna – þá höfum við frekar lengt í sauðburðartímabilinu. Við eigum fjóra duglega krakka sem hjálpa okkur og það dugar til. Vinnum þá í tveimur hópum.

En þó við lengjum í sauðburðinum og ráðum ekki til okkar starfskraft, þá koma nú fjölskylda og vinir dag og dag og létta undir,“ segir Trausti.

### *Sumir hafa treyst á erlent vinnuafl*

„Ég veit hins vegar til þess að mörg af stærri búunum hafa um nokkurt skeið treyst á vinnuafl erlendis frá, það var búið að ganga frá ráðningu á fólki sem svo ekki komst til landsins. Það sem maður hefur heyrt er að flestir hafi farið fljótlega í að leita annarra lausna. Fólk reynir þá að nýta tengsl og fjölskyldubönd til að manna þessi störf. Auðvitað ætlaði enginn að láta taka sig í bólinu með þetta þegar það fór að skýrast hvernig þetta var allt að þróast. Þá fóru bændur náttúrlega að undirbúa sig og tryggja sig fyrir þetta tímabil með baklandi sínu. Ég vona bara að allir þeir sem þurftu að fara aðrar leiðir í að manna þessi störf hafi gert viðeigandi ráðstafanir, til að tryggja sína velferð og dýranna. Ég hef ekki heyrt af neinum vandamálum í kringum mig.“

### *Þurfum áfram að gæta að okkur*

Við þurfum auðvitað að gæta að okkur áfram, því það eru reglur enn í gangi. Fólk vinnur þá frekar saman sem býr undir sama þaki og eru í nánum samskiptum frá degi til dags. Maður heyrir ekki annað en að flestir séu bara jákvæðir, það er helst að það séu áhyggjur á ákveðnum landsvæðum út af kali.

„Sauðburður, það sem af er, gengur mjög vel. Gott heilbrigði í lömbum og féð virðist heilt yfir, samkvæmt því sem maður heyrir, vel framgengið eftir veturinn. Svo hjálpar tíðarfarið núna heilmikið, alls staðar þurrt um og í húsum – og auðvitað gott að koma fénu út í hey.

„Sauðburðurinn er svona að komast í fullan gang, en það er um vika síðan þetta fór af stað,“ sagði Trausti þegar rætt var við hann um miðja síðustu viku. Maður verður var við það á samfélagsmiðlum að það er heilmikið að gerast vítt og breitt um landið á sauðburði – það er til dæmis gaman að fylgjast með Snapchat-reikningum bænda. /smh



Fyrstu gemlingarnir settir út í vorið. Trausti með Ingibjörgu Elínu, 4 ára.



Gemlingarnir komnir í rúllu.


Lambamjólkurduft

-Óerfðabreytt innihaldsefni
-Hátt hlutfall mjólkurprótína
-Auðmeltanleg prótín
-Inniheldur góða gerlaflóru
-Einstaklega bragðgott
-Hentar einnig fyrir kið
-Auðuppleysanlegt
-Inniheldur sýringaduft




Verð 16.490 m/vsk

KB BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI
Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Sími: 430-5500

Pantaðu á netverslun okkar
www.kb.is
Sendum um allt land










# Pöttinger jarðvinnslutæki frá Kraftvélum

Þrátt fyrir að Pöttinger séu hvað þekktastir fyrir framúrskarandi heyvinnutækin sín bjóða þeir líka upp á jarðvinnslutæki í hæsta gæðaflokki sem hafa nú þegar notið mikillar velgengni hér á landi.

**Plógar • Herfi • Jarðtætarar • Sáðvélar**

Við hvetjum áhugasama til þess að hafa samband við sölumenn Kraftvélar fyrir allar nánari upplýsingar.

KRAFTVÉLAR

PÖTTINGER

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

# Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Kerfisvandi

**Heimsfaraldur vegna COVID-19 hefur kostað yfir 250 þúsund mannslíf á heimsvísu. Vegna skilvirkra aðgerða gegn faraldrinum á Íslandi hefur tekist að halda dánartölunni hlutfallslega lægri hér á landi en þekkist í flestum öðrum löndum. Þrátt fyrir þá ógn sem af faraldrinum stafar, þá hafa viðbrögð við honum sýnt að stjórnsýslan m.a. á Íslandi þarf ekki að vera eins þunglamaleg og óskilvirk og viðgengist hefur.**

Stjórnkerfi og stjórnarhættir í vestrænum lýðræðisríkjum hafa stöðugt verið að þróast í átt til aukins skrifræðis. Um leið hefur raunverulegt vald verið að færast frá löglega kjörnum fulltrúm löggjafarþinga til opinberra embættismanna. Yktasta dæmið um þetta er trúlega Evrópusambandið. Fjölmargir stjórnmálamenn og fræðimenn hafa bent á þessa þróun áratugum saman, en á það virðist lítið hlustað. Flækjustigið verður bara stöðugt meira og stjórnsýslan, sem vinnur samkvæmt lögum og stöðugt flóknara reglugerðarfargani, sem oftast er samið af embættismönnum, verður sífellt óskilvirkari.

Fjölmargir þingmenn sem hætt hafa þingmennsku hafa bent á óskilvirkni þingsins sem alvarlegan galla í okkar stjórnkerfi. Nú síðast Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, í viðtali við Fréttablaðið.

„Alþingi er sennilega óskilvirkasti vinnustaður sem ég hef unnið á. Ég tek það þó fram að skilvirkni er ekkert endilega sá mælikvarði á gæðin sem við notum fyrst, en það er engu að síður margt sem mætti bæta,“ sagði Þorsteinn. Þór Saari, fyrrverandi alþingismaður, er líka einn þeirra sem bent hefur ítrekað á þessa vankanta í okkar stjórnkerfi og fleiri mætti nefna.

Talandi um skilvirkni er stórfurðulegt að enn skuli viðgangast að þingmál sem ekki ná í gegn á vorþingum séu þurrkuð út. Oft er búið að eyða mikilli vinnu í þessi mál. Til að nýta það vinnuframlag væri eðlilegast að málin væru tekin upp strax á haustþingi. Þarna er óskaplega sóun á tíma og peningum og almenningi sendur reikningurinn.

Af ummælum þingmanna má greinilega ráða að brýn þörf sé á að endurskipuleggja vinnubrögðin á Alþingi. Heimsfaraldur vegna COVID-19 ætti að hafa kennt mönnum að breytt vinnulag eru engin geimvísindi. Það sýna t.d. skjót viðbrögð ríkisstjórnar og stjórnkerfisins alls þegar á þurfti að halda vegna faraldursins. Öllum til undrunar virtist þá vera hægt að stíga yfir nær ókleifa þröskulda í kerfinu við ákvarðanatöku með örskömmum fyrirvara um risaútgjöld ríkisins. Útgjöldum sem engin dæmi eru um frá stofnun íslenska lýðveldisins.

Fyrst hægt er að afgreiða slík risamál á örskotsstundu, hvað er því þá til fyrirstöðu að þingmenn setjist niður og ákveði að fara í gagngera uppstokkun á öllu stjórnkerfinu á Íslandi og verkferlum innan stofnana?

Er það t.d. eðlilegt að vegalagning á Vestfjörðum dragist áratugum saman vegna kerfis sem búið er að koma á, og gerir félagasamtökum kleift að halda málinu í gíslingu með endalausum kærum á kostnað ríkisins?

Þykir fólki virkilega eðlilegt að hagsmunir íbúa heils landshluta í samgöngumálum séu fótum troðnir af félagsamtökum sem styrkt eru af ríkinu, til að verja hagsmuni fjársterkra eignamanna – gegn hagsmunum íbúa og kjörinna fulltrúa þeirra. Líka gegn lögmætum framkvæmdum ríkisfyrirtækis?

Er ekkert skrítið við það að Ríkisendurskoðun skuli ekki vera búin fyrir löngu að fara í saumana á því hvað slíkur áratuga leikaraskapur er búinn að kosta þjóðina í beinhörðum peningum – svo ekki sé talað um mannslíf? */HKr.*

# Rekum öfluga hagsmunabaráttu fyrir bændur í landinu


**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is






**Í upphafi þessa pistils vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að viðbragðshópi Bændasamtakanna vegna kórónufaraldursins fyrir vel unnin störf á erfiðum og krefjandi tímum. Þar hafa allir unnið sem einn maður að úrlausn mála sem snúið hafa að landbúnaði í heild sinni.**

Verkefnin hafa verið fjölbreytt og snerta allar búgreinar, svo sem málefni einstakra bænda, verkefni sláturhúsa, afleysingaþjónustu, leiðbeiningar til bænda um umgengni á búum og svo mætti lengi telja. Einnig vil ég þakka bændum fyrir ábyrgð í rekstri sinna búa þar sem um frumframleiðslu er að ræða og nauðsyn okkar að sinna fæðuöryggi á þessum undarlegu tímum.

### *Útfærsla félagsgjalda*

Talsverð umræða hefur verið um aðildargjald að Bændasamtökum Íslands, en tillaga að veltutengdu gjaldi var samþykkt af Búnaðarþingi sem haldið var í byrjun marsmánaðar. Stjórn ræddi næstu skref á grundvelli samþykktar þingsins á fyrsta stjórnarfundi sínum þann 12. mars. Þar var rætt um tillögu Búnaðarþings þar sem því var vísað til stjórnar að útfæra breytt fyrirkomulag félagskerfis Bændasamtakanna til næstu ára.

Á næsta fundi á eftir átti að ræða útfærslur á aðkomu bænda að Búnaðarþingi og atkvæðavægi á grundvelli veltu og annarra ákvæða sem unnið var að í aðdraganda þingsins. En ýmislegt breyttist í störfum og áherslum með samkomubanninu. Þetta var eitt af því sem því miður þurfti að fresta en vinna hefur verið sett í gang á ný þar sem við höfum heldur rýmri tíma til að sinna öðru en COVID-19. Það er von okkar að tillögur verði formaðar nú í byrjun sumars og í framhaldinu kynntar fyrir bændum.

### *Stöndum vörð um hagsmuni bænda*

Stjórn Bændasamtakanna hefur ekki aðrar forsendur til innheimtu félagsgjalds en þær sem samþykktar voru á Búnaðarþingi til að reka Bændasamtökin. Síðan er vinnan eftir við að útfæra atkvæðavægi og skilgreiningu á öllum aðildarfélögum innan Bændasamtakanna. Nauðsynlegt er að einfalda fyrirkomulagið.

Í mínum huga felst mikill mannauður í þeim starfsmönnum sem vinna nú þegar hjá BÍ og hinum ýmsu búgreinafélögum og er mikilvægt að skoða hvernig við nýtum þá sem best. Sama á við um fjármuni sem fara í rekstur, bæði hjá búgreinafélögunum og hjá Bændasamtökunum. Ef við sem bændur höfum ekki efni á að reka eigin hagsmunagæslu þá veit ég ekki hver á að standa straum af henni. Bændasamtökin eru ekki fyrir stjórn samtakanna heldur fyrir bændur á Íslandi. Bændasamtökin bera mikla ábyrgð á lagalegum grunni og fer til dæmis með samningsumboð fyrir hönd bænda við gerð búvörusamninga. Mér hefur þótt umræðan vera á þeim grunni að það skipti litlu máli. Ég vil hvetja bændur til að standa vörð um eigin hagsmuni og verða aðilar að Bændasamtökunum, efla þau frekar en hitt og stefna bjartsýn inn í framtíðina.

Enn og aftur vil ég hvetja bændur til að skrá sig inn á Bændatorgið og uppfæra sína félagsaðild svo við í sameiningu getum rekið öfluga hagsmunabaráttu fyrir bændur í landinu.

### *Við þurfum sterkt landbúnaðarráðuneyti*

Annað baráttumál bænda er að endurheimta landbúnaðarráðuneytið sem eftir nokkra snúninga á síðustu árum heitir nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Í mínum huga finnst mér þessi mikilvæga atvinnugrein fá lítið vægi innan núverandi fyrirkomulags. Það er eitt af því sem við verðum að taka samtal um við ríkisvaldið. Þar þurfum við að horfa til allra mála. Ein spurningin er af hverju skógræktin er vistuð í umhverfisráðuneytinu. Hún á miklu frekar heima innan landbúnaðarráðuneytisins ásamt öðrum málefnum sem snúa beint að bændum.

### *Matvælasjóður í burðarliðnum*

Mikil tækifæri eru í nýstofnuðum Matvælasjóði fyrir íslenskan landbúnað. Talsverð vinna er eftir við útfærslu hins nýja sjóðs, m.a. að móta reglur og aðra umgjörð. Ég hvet bændur til að fylgjast með þegar auglýst verður eftir umsóknum í sjóðinn sem verður vonandi seinna í sumar. Með sjóðnum opnast ýmis tækifæri til nýsköpunar í landbúnaði og framþróunar á öllum sviðum matvælaframleiðslunnar.

## *ÍSLAND ER LAND ÞITT*



**Gjögur er fornfræg veiðistöð í norðanverðum Reykjarfirði í Árneshreppi á Ströndum. Þar var vísir að þorpi á 20. öld. Nú býr þar enginn lengur allt árið, en nokkuð er um að fólk hafi þar sumardvöl. Gjögur er utan við Sætrafjall á Reykjanesi, milli Trékyllisvíkur og Reykjarfjarðar. Þar var fræg hákarlaveiðistöð á síðustu öld og margir voru þar í verbúðum yfir veiðitímabilið. Gengu þá oft þaðan 15–18 opin skip til hákarlaveiða samtímis og voru 7–11 menn á hverju skipi.**
Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Flestum virðist tamara að nota orðið Bólstaðarhlíðarbrekka um þennan vegarkafla sem liggur um Vatnsskarð á milli Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, fremur en nafnið Botnastaðabrekkur, sem virðist réttara samkvæmt örnefnum á svæðinu og skilningi staðkunnugra. Verktakafyrirtækið Víðimelsbræður ehf. á Sauðárkróki annast þarna snjómokstur en brekkan getur verið mikill farartálmi. Þessi mynd var tekin af snjómokstri í brekkunni núna í apríl og hjá Víðimelsbræðrum nota menn bæði nöfnin á þessari brekku jöfnum höndum. Mynd / Víðimelsbræður ehf.

Vangaveltur um örnefni á Íslandi:

# Bólstaðarhlíðarbrekka eða Botnastaðabrekkur?

**Í síðasta Bændablaði var mynd á blaðsíðu 6 sem tekin er í brekku gegnt Bólstaðarhlíðarfjalli á þjóðveginum um Vatnsskarð á milli Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu.**

Flestir þekkja þessa brekku trúlega undir nafninu Bólstaðarhlíðarbrekka og þannig er hún nefnd áratugum saman á fjölmörgum kortum, vefsíðum og í bæklingum. Einnig í fréttum m.a. á liðnum vetri af ófærð þar sem þessi brekka hefur oft verið til vandræða m.a. fyrir flutningabíla. Þá hefur hún líka gjarnan verið nefnd Bólstaðarhlíðarbrekka í fréttum af vegaframkvæmdum í hlíðinni. Þar með er þó ekki endilega sagt að sú nafngift sé rétt, allavega má ætla að staðkunnugir og heimamenn viti þetta best.

*Botnastaðabrekkur og alltaf í fleirtölu*

Pétur Þorleifsson, sem er dyggur lesandi Bændablaðsins, hafði samband við ritstjórn og benti á að þetta væri ekki rétt nafn á brekkunni. Þessi staður héti Botnastaðabrekkur og væri alltaf skrifað í fleirtölu. Hann sagðist lengi hafa barist fyrir að fá þetta leiðrétt, en brekkurnar hétu eftir eyðibýlinu Botnastöðum sem var þarna fyrir neðan brekkurnar en er löngu horfið. Þarna fyrir ofan er svo Botnastaðafjall.

Fyrir neðan brekkuna rétt hjá eyðibýlinu Botnastöðum er reyndar líka bærinn Bólstaðarhlíð sem kann að hafa ýtt undir það að margir telji rökrétt að nefna brekkuna eftir þeim bæ.



**Myndin úr síðasta Bændablaði sem vakti umræður um hvort brekkan héti í raun Bólstaðarhlíðarbrekka eða Botnastaðabrekkur.** Mynd / HKr.

*Örnefni upp af bænum Botnastöðum*

Botnastaðabrekkur er m.a. að finna á örnefnasjá og korti á vefsíðu geo.alta.is. Þar er örnefnið staðsett í fjallinu beint upp af eyðibýlinu Botnastöðum, en ekki á veginum sjálfum. Eðlilegt væri samkvæmt því að telja að þessi vegarkafli sé um Botnastaðabrekkur.

*Verktakar og vegfarendur tala gjarnan um Bólstaðarhlíðarbrekku*

Víðimelsbræður ehf. á Sauðárkróki, sem er verktakafyrirtæki manna sem þekkja þarna vel til og hafa m.a stundað þarna snjómokstur, nefna þessa brekku í síðasta mánuði á Facebook-síðu sinni Bólstaðarhlíðarbrekku. Á öðrum stað nota þeir bæði nöfnin í inngangstexta í flottu myndbandi þ.e. Bólstaðarhlíðarbrekka/Botnastaðabrekka og þá í eintölu. Þannig að nafnið Bólstaðarhlíðarbrekka er greinilega orðið ansi fast í hugum margra, m.a. sumra flutningabílstjóra sem þarna aka reglulega. Hjá Víðimelsbræðrum fengust þær upplýsingar að mörgum væri orðið tamara að nota nafnið Bólstaðarhlíðarbrekka, en þeir notuðu sjálfir bæði nöfnin jöfnum höndum.

*Botnastaðir eða Bottastaðir*

Það er fleira en nafn brekkunnar sem deilt er um. Þar virðist heldur ekki hafa verið eining um bæjarnafnið Botnastaði og þar með heitið Botnastaðabrekkur. Á vefsíðu Feykis frá 11.11. 2018 má sjá umfjöllun eftir Margeir Pétursson um torskilin bæjarnöfn undir fyrirsögninni Botnastaðir í Svartárdal. Þar kemur fram að í manntalsbókum Húnavatnssýslu hafi bærinn verið nefndur Bottastaðir og í öðru riti er lagt líkum að því að nafnið „Botta“ sé stytting úr nafninu Bótólfur. Var sú tilgáta m.a. tekin upp í árbók Hins íslenzka fornleifafjelags 1923. Hugsanlega kann þetta þó að vera sprottið af misritun eins og Margeir bendir á.

*Víða klæmst með örnefni*

Pétur Þorleifsson sagði í samtali við Bændablaðið að því miður hafi oft verið farið rangt með örnefni á Íslandi sem hafi valdið því að rangnefnin hafi fest í vitund manna og í ritum. Þannig hafi Vegagerðin t.d. margsinnis sagt að fyrstu jarðgöng á Íslandi væru í gegnum Arnardalshamar, en hann er ekki til heldur heiti hamarinn Arnarneshamar. /HKr.

# Fljúgandi forystulömb í Borgarbyggð

**Sigríður Ævarsdóttir á bænum Gufuá í Borgarbyggð náði nýlega þessum flottu myndum af „fljúgandi“ forystulömbum á bænum enda mikill leikur í lömbum á þessum árstíma.**

Sigríður, ásamt Benedikt Líndal og yngsta barni þeirra, Sigurjón Líndal Benediktsson, fluttu í sveitina fyrir einu og hálfu ári en jörðin hafði þá verið í eyði frá því 1964.

„Við erum að byggja upp á bænum og búum með íslensku húsdýrin, ferðaþjónustu, skógrækt og fleira. Við erum með nokkrar forystukindur + hrúta, geithafra og hross og þjónustu í kringum hestamennsku, svo sem reiðkennslu, kennsluefnisgerð og reiðtygjasölu. Í sumar er svo að hefjast hjá okkur ný tegund ferðamennsku sem eru stuttar heimsóknir fólks á bæinn okkar til að skoða, upplifa og heyra sögu forystukindanna, taka göngutúr með tamda geithafra eða fara í náttúrugöngu um landareignina undir leiðsögn. Tilvalið fyrir fólk sem er á ferðinni og langar að fá smá fjárhúsalykt í nefið og prófa öðruvísi afþreyingu. Geiturnar og forystuféð er notað í þessum tilgangi. Við bjóðum sem sagt upp á að fólk komi í heimsókn í fjárhúsið okkar og kynnist forystukindum í návígi, hafi gaman, fái fræðslu og megi snerta og upplifa,“ segir Sigríður. /MHH



Fjölskyldan á Gufuá í Borgarbyggð býður fólki að koma í heimsókn í fjárhúsið sitt þar sem hægt er að skoða íslenskt forystufé, hrúta, ær og lömb. Nánari upplýsingar má sjá á þessari heimasíðu, https://www.inharmony.is/samspil-manns-og-hests

**Ein skemmtileg mynd, sem Sigríður tók af forystulambi sem finnst fátt skemmtilegra en að hoppa og stökkva í gerðinu sínu.**

## MÆLT AF MUNNI FRAM 249

Mikil hlýðni og samkennd ríkir í okkar samfélagi á tímum veiruvár í landinu. Allir hlýða **Þórólfi** og **Víði** og **Ölmu**. Í kostulegu tölvubréfi frá **Jóhannesi bónda Sigfússyni** á Gunnarsstöðum leggur hann til að við hlýðum einnig **Ólafi Stephensen**, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda á Íslandi ( bænda), sem öðrum fremur gætir hagsmuna okkar allra. Tillaga Jóhannesar er því eftirfarandi:

*Gegnum nú Ólafi glaðir í lund,*
*gleypum það hrátt er hann sagði,*
*og kaupum í matinn kínverskan hund*
*með kórónaveirubragði.*

Meira að segja hyggst **Einar Kolbeinsson** hlýða yfirvöldum, sem verða að teljast nokkur tíðindi:

*Hann að mæla hefur lög,*
*hafnar öllu flani,*
*trúr í verki og traustur mjög*
*Tóti veirubani.*

Í síðasta vísnaþætti var birtur kveðskapur eftir **Benedikt Einarsson**, sem var fæddur 1796 og bjó á Hnausakoti í Miðfirði. Úr ljóðabréfi sem hann reit vini sínum tilgreinir hann í tveimur næstu vísum helstu tíðindi úr héraði:

*Eitt það má ég athuga*
*í annars bágu standi.*
*Eg fann dáinn Illuga*
*úti á snjá liggjandi.*

*Eftir þetta óhapp þá*
*annað rétt svo skeði:*
*Fram af kletti í Austurá*
*Ólöf detta réði.*

„Ungskáld“ seinni tíma leggja nokkuð mikið upp úr rími þótt önnur bragþekking sé ekki fyrir hendi. Meðan „Alþýðumaðurinn“ var og hét, mátti þar stundum lesa vísnamál. Margt var þar misgott ort. **Rósberg G. Snædal** orti af því tilefni:

*A-M skáld með óðinn bruðla,*
*allt á þrykk er sett,*
*þó aldrei höfuðstaf né stuðla*
*staðsetji þau rétt.*

**Sr. Sigurður Norland** tjáði sig ítrekað um bragleysur þess tíma, ( 1885–1927):

*Þeir sem geta ekki ort*
*af því rímið þvingar,*
*ættu að stunda annað sport*
*eða hugrenningar.*

*Rímlaust kvæði að réttum sið*
*ritgerð fyrr var kallað,*
*en sem kvæði álitið*
*ákaflega gallað.*

Undir vísnaskotnu ræðuhaldi orti **Jóhannes á Gunnarsstöðum**:

*Íslenska stakan var allt í senn*
*óður trega og vona,*
*ég verð því hryggur meðan menn*
*misþyrma henni svona.*

Einn hagyrðingurinn enn, **Óskar Sigurfinnsson** í Meðalheimi, orti við lestur nýútkominnar ljóðabókar:

*Ljóðabók ég las á jólum,*
*lítið gladdist hugur minn,*
*gæsahúð með grænum bólum*
*gerði strik í reikninginn.*

Og **Bjarni frá Gröf** orti líka til atómskáldanna á árinu 1968:

*Ég neita síst að atómskáldin geti verið góð*
*og gera vil ei þeirra hlut neitt smáan.*
*Þótt Drottinn kæmi sjálfur og læsi þessi ljóð*
*þá leiddist öllum samt að hlusta á'ann.*

**Karl Ísfeld** ku eiga þessa snilldarvísu:

*Oft ég heyrði svein og svanna*
*syngja í moll og dúr*
*í Vaðlaheiðarvegamanna-*
*verkfærageymsluskúr.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*



**FRÉTTIR**

# Stofnun Matvælasjóðs

## – Ætlað að skapa efnahagslega viðspyrnu



Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Mynd / HKr.

**Eitt af úrræðum ríkisstjórnarinnar til að efla nýsköpun og þróun í innlendri matvælaframleiðslu vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar, er að stofna Matvælasjóð með 500 milljóna króna stofnframlagi.**

Lög um sjóðinn voru samþykkt á Alþingi á þriðjudaginn.

Í tilkynningu úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu kemur fram að unnið hafi verið að stofnun sjóðsins undanfarið ár í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Ákveðið var að flýta vinnu við að setja sjóðinn á fót sem hluta af aðgerðum til að skapa efnahagslega viðspyrnu þegar þetta tímabundna ástand er gengið yfir.

***Nýsköpun og þróun***

Matvælasjóður mun hafa það hlutverk að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi. Sjóðurinn mun styrkja verðmætasköpun við framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu matvæla og verður við úthlutun sérstök áhersla lögð á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og almennar aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu.

Matvælasjóður verður til með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi. Til stofnunar sjóðsins verður varið 500 m.kr. sem verður úthlutað á þessu ári. Við úthlutun þeirra fjármuna, en einnig við frekari stefnumótun fyrir hinn nýja sjóð, verður þess gætt að skipting fjármagns til landbúnaðar og sjávarútvegs verði með sambærilegum hætti og verið hefur.

Í tilkynningunni er haft eftir Kristjáni Þór að með því að stofna Matvælasjóð sé í krafti nýsköpunar og þróunar verið að hvetja til aukinnar verðmætasköpunar í landbúnaði og sjávarútvegi til hagsbóta fyrir allt samfélagið.

„Við Íslendingar erum enda matvælaþjóð. Byggjum afkomu okkar öfluga samfélags að stórum hluta á því að nýta auðlindir okkar með sjálfbærum hætti, bæði til sjós og lands. Því er stofnun Matvælasjóðs, með áherslu á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu, ekki bara skref í rétt átt – heldur ein forsenda þeirrar sóknar sem fram undan er í íslenskri matvælaframleiðslu,“ segir Kristján Þór. */smh*













Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála,- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, með Gunnar Þorgeirsson, formann Bændasamtaka Íslands, á milli sín á fjarfundi. Mynd / Golli

### Íslenskt – gjörið svo vel:

# Sameiginlegt átak stjórnvalda og atvinnulífsins

## – um að verja störf og auka verðmætasköpun

**Föstudaginn 24. apríl var undirritaður samstarfssamningur milli stjórnvalda og fulltrúa atvinnulífs um að verja störf og auka verðmætasköpun undir heitinu „Íslenskt – gjörið svo vel“.**

Það voru Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála,- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sem skrifuðu undir fyrir hönd stjórnvalda, en af hálfu atvinnulífsins koma Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök fjármálafyrirtækja, Samorka og Bændasamtök Íslands að verkefninu.

Í tilkynningu úr Stjórnarráði Íslands kemur fram að markmið samningsins sé að móta og hrinda í framkvæmd sameiginlegu kynningarátaki sem miðar að því að hvetja landsmenn, almenning og fyrirtæki til viðskipta við innlend fyrirtæki á fjölbreyttum sviðum; við val á framleiðslu, vörum og þjónustu. „Með því verði lögð áhersla á mikilvægi þeirrar keðjuverkunar og þeirri hringrás sem verður til við val á m.a. innlendri framleiðslu- og þjónustustarfsemi sem stuðlar að því að atvinnustarfsemi helst gangandi, störf almennings eru varin, efnahagslegur stöðugleiki eykst og verðmætasköpun eykst og verðmætasköpun er aukin,“ segir í tilkynningunni.



Ráðherrarnir og samningsaðilar undirrituðu samninginn rafrænt, en hittust á fjarfundi til að innsigla samkomulagið. Á mynd eru Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA, Jón Ólafur Halldórsson, formaður SVÞ, Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF, Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku og Gunnar Þorgeirsson formaður BÍ.

***100 milljónir frá ríkinu***

Stjórnvöld leggja 100 milljónir króna til verkefnisins sem verður nýtt í fjármögnun á hönnun, framleiðslu og birtingu kynningarefnis.

„Grunnur samningsins er það fordæmalausa ástand sem uppi er í heiminum vegna útbreiðslu COVID-19 og þau áhrif sem faraldurinn hefur haft hér á landi. Átakið er liður í efnahagsaðgerðum stjórnvalda gegn COVID-19 en með átakinu verður unnið gegn efnahagslegum samdrætti vegna heimsfaraldursins með það fyrir augum að lágmarka áhrifin á atvinnulíf, til skemmri og lengri tíma,“ segir í tilkynningunni. Haft er eftir Kristjáni Þór af þessu tilefni að nauðsynlegt sé að lágmarka neikvæð áhrif á íslenskan landbúnað og sjávarútveg og milda höggið af COVID-19, sem sé þó óhjákvæmilegt.

Þórdís Kolbrún segir að með framlagi stjórnvalda sé höndum tekið saman við atvinnulífið og spornað gegn áhrifum COVID-19. */smh*

### Sorpstöðin Strönd á Rangárvöllum:

# Engar athugasemdir við tillögur um brennsluofn fyrir dýrahræ

## – Sótt verður um undanþágu fyrir urðun þar til ofninn kemst í gagnið

**Á fundi í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu nýverið var lögð fram tillaga um að sækja um undanþágu til að urða dýrahræ þar til brennsluofn verður settur upp.**

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu kom nýlega saman þar sem Stefán Gíslason hjá UMÍS ehf. Environice mætti á fundinn. Fór hann yfir stöðu mála vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum og tillögu að matsáætlun um brennsluofn fyrir dýrahræ og dýraleifar á starfsstöð sorpstöðvarinnar á Strönd á Rangárvöllum. Hefur tillagan verið kynnt almenningi og umsagnaraðilum. Engar athugasemdir bárust og hefur matsáætlunin verið send til Skipulagsstofnunar. Á fundinum kom einnig fram að ekki er lengur hægt að fara með dýrahræ og leifar í Fíflholt í Borgarfirði. Var því lögð fram tillaga um að sækja um undanþágu til að urða slíkan úrgang þar til bresnnluofninn verður kominn í gagnið. Ágústi Sigurðssyni, sveitarstjóra Rangárþings ytra, var falið að hafa samband við forstjóra Umhverfisstofnunar. */MHH*


Þú getur unnið sem bóndi
Malaðu gull með einum músarsmelli og kauptu miðann þinn á das.is. Dregið vikulega.
das
HAPPDRÆTTI
das.is

FRÉTTIR

## Ræktun og framleiðsla úr iðnaðarhampi í Gautavík í Berufirði:

# Hugmyndin að setja hampte á markað í haust

**Bændurnir í Gautavík í Berufirði stefna að því að rækta iðnaðarhamp á um hektara í sumar. Auk þess sem áfram verður unnið að því að finna yrki sem dafna vel hér á landi og þróa aðferðir við að fullnýta afurðirnar. Hugmyndin er að setja hampte á markað í haust.**

Pálmi Einarsson, iðnhönnuður og bóndi í Gautavík í Berufirði, segir að hann sé búinn að moka út úr fjárhúsunum, bera sauðfjáráburð á akrana og tæta þá niður. Hann stefni að því að sá í fyrstu viku í maí ef tíð leyfir.

„Reglugerðarbreyting heilbrigðisráðherra gerir það að verkum að nú geta allir, bæði bændur og aðrir, farið að rækta iðnaðarhamp löglega. Hvað okkur í Gautavík varðar þá ætlum við að auka ræktunina lítillega og vera með iðnaðarhamp á rúmum hektara í sumar.

Við munum nota sömu yrki og í fyrra, 'Finola', 'Felina' og 'Futura', og eigum nóg af fræi síðan í fyrra, en munum einnig gera tilraunir með aðrar tegundir.“






Pálmi Einarsson, iðnhönnuður og bóndi, í Gautavík í Berufirði. Til hliðar er tilraunaframleiðsla á hamptei til einkanota. Mynd ir/ Úr einkasafni

### *Áframhaldandi vinnsla*

„Næsta skref hjá okkur er að þróa aðferðir við að fullnýta uppskeruna og við stefnum að því að setja einhverjar vörur á markað í haust, til dæmis hampte. Við erum búin að koma upp 75 fermetra innisvæði til tilraunaræktunar og jafnstóru úrvinnslusvæði. En til þess þarf tæki og tól og í ferli er meðal annars að fjárfesta í afhýðingarvél sem aðskilur trefjarnar frá kjötinu.

Það á við um iðnaðarhamp eins og annað sem fólk ákveður að framleiða, mikilvægt er að vera búinn að ákveða hvað geri eigi við uppskeruna svo það sitji ekki uppi með hana og komi henni ekki í verð.

Úr uppskeru síðasta árs bjó ég til steypukubba og trefjaplötur sem heppnaðist vel. Úr plötunum skar ég út nokkrar gjafavörur og gerði tilraunir með eldþol steypukubbsins, en hampsteypa er eldþolin, létt, andar og myglar því ekki.“

### *Hampte og hampsalt*

Pálmi segist einnig hafa gert te úr blómum og laufum plöntunnar sem hann þurrkaði og jafnframt búið til hampsalt úr sjávarsalti frá Hafsalti á Djúpavogi. „Teið drekkum við okkur til heilsubótar og notum hampsaltið í matreiðslu heimilisins, enda hampur skilgreindur sem heilsuvara.“



Steypa úr pressuðu stöngulkjöti hefur mikið viðnám gegn eldi.

### *Óendanlegir möguleikar*

Þetta er þó bara brotabrot af því sem hægt er að gera því möguleikarnir á nýtingu plöntunnar eru nánast óendanlegir.

„Hampur var í gegnum aldirnar algengt skepnufóður og notaður í undirburð og fengu okkar kindur að gæða sér á smá hampi síðastliðið haust og líkaði vel.

Næst ætla ég að prófa sameldi á bleikju og hampi en þá er hampurinn látinn nærast á úrgangi frá fiskum. Fyrir rúmum áratug var búinn til lífdísill úr hampi í Háskólanum á Akureyri sem var ræktaður af Sveini á Kálfskinni í Eyjafirði árið 2008. Það er eitt af því sem okkur langar að prófa.“

### *Meiri tími til að sinna ræktuninni*

„Ég er að vona að ég geti haft betri yfirsýn og stjórnað ræktuninni betur í ár en á síðasta ári þar sem framleiðsla Geisla á gjafavörum og öðru



Þverskurður af hampstöngli sem sýnir vel trefjarnar og kjötið.



Gjafavara skorin úr hamptrefjaplötu.

hefur dregist verulega saman vegna COVID-19.

Bæði hef ég meiri reynslu og ekki síst tíma núna og þarf ekki að vera að sinna ræktuninni seint á kvöldin og fram á nótt eins og í fyrra.“

Pálmi segir að í fyrra hafi afföll af sáningunni verið mikil og að upp hafi komið 1/10 af því sem var sáð og stafaði það meðal annars af miklum þurrkum í maí og júní, stórum hvellum í byrjun júní og um miðjan ágúst og afar lágum meðalhita. „Í ár er ég betur undirbúinn og með reynslu síðasta árs í fararteskinu.“

### *Tilraunir með forræktun og yrki*

„Ég er einnig að gera tilraunir með að forrækta plöntur inni og gróðursetja þær á mismunandi vaxtarstigi. Í dag eru þrjú sett í gangi, þar af eru tíu plöntur í tjaldi sem hafa náð tveggja metra hæð og eru í fullum blóma. Annars staðar eru 25 plöntur sem eru um 80 sentímetra að hæð. Svo er ég með slatta af græðlingum og á eftir að fjölga þeim fljótlega. Græðlingana ætla ég að setja í tvö beð og skýla þeim sérstaklega og sjá hvernig þeir koma út í samanburði við sáningu.“

Að sögn Pálma er meginástæðan fyrir innirræktunarsvæðinu að kynbæta plöntur og finna yrki sem henta hér á landi, en til standsetningar þess og ræktunarinnar fengu þau styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands í vor.

„Yrkin sem við notum í dag þurfa 140 daga til að plönturnar nái fullum þroska og nái að mynda fræ, en við þurfum að finna yrki sem eru 120 daga. Ég fann eitt slíkt fyrir skömmu sem gæti lofað góðu. Það yrki verður ekki nema 150 til 180 sentímetrar að hæð sem er kostur fyrir okkur og er á sáðvörulista ESB.“

### *Engin mörk fyrir CBD eða aðra kannabinóíða*

Reglugerðarbreytingin sem heimilar ræktun iðnaðarhamps ef THC er undir 0,2% setur ekki skilyrði varðandi magn annarra kannabinóíða eins og CBD, en hún er byggð á regluverki ESB. Pálmi segir að yrkin sem þau notuðu í fyrra eigi samkvæmt framleiðanda að innihalda 3 til 6% CBD. /VH






## Landstólpi:

# Flytur inn fræ af iðnaðarhampi

**Landstólpi ætlar að flytja inn 300 til 500 kíló af iðnaðarhampsfræi fyrir sumarið en rúmlega 30 aðilar hafa sýnt áhuga á að rækta plöntuna í sumar. Mast og Lyfjaeftirlitið hafa gefið vilyrði um að flýta afgreiðslu leyfa fyrir innflutningunum.**

Með reglugerðarbreytingu heilbrigðisráðherra er leyfilegt að rækta iðnaðarhamp hér á landi líkt og í löndunum í kringum okkur. Ræktun hampsins er háð ýmsum takmörkunum og óvíst að margir geti nýtt sér leyfið þar sem langt er liðið á vorið.

Rúnar Skarphéðinsson, sölustjóri búrekstrardeildar Landstólpa, sem meðal annars flytur inn sáðvöru, segir að stutt sé síðan reglugerðinni var breytt og málin hafa gengið hratt fyrir sig síðan þá. „Ég fékk fljótlega fyrirspurnir frá áhugasömum ræktendum um hvort Landstólpi ætlaði að flytja inn fræ fyrir sumarið en eftir að hafa haft samband við



Rúnar Skarphéðinsson.

nokkra birgja taldi ég litlar líkur á að svo yrði.“

### *Flutt inn frá Finnlandi*

„Ég hélt samt áfram að reyna að vinda ofan af málinu og niðurstaðan var sú að ég komst í samband við tékkneskt fyrirtæki sem er með nokkur yrki af iðnaðarhampi í boði og það kom mér í samband við finnskt fyrirtæki sem heitir Fonola sem getur selt okkur fræ. Fræin eru af yrkinu 'Finola' sem hefur reynst ágætlega hjá bændunum í Gautavík í Berufirði.

Mast og Lyfjaeftirlitið hafa gefið okkur vilyrði um að flýta afgreiðslu leyfa fyrir innflutningunum.“

Rúnar segir að um 30 pantanir hafi borist og að þær sái á bilinu eitt til til tíu kíló og svo aðrir sem ætla að sá í hálfan eða einn hektara.

### *300 til 500 kíló*

„Mér sýnist magnið sem við komum til með að flytja inn að þessu sinni vera á bilinu 300 til 500 kíló. Ég vonast til að sendingin berist til landsins 18. til 20. maí enda má það ekki vera mikið seinna svo að plantan nái að þroskast hér á landi.“

Verð á kílói er 2.537 krónur og er það jafnframt minnsta pöntun. /VH

can-am

BRP

TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á



## OUTLANDER
MAX PRO 650 6X6

VERÐ ÁN VSK
**2.650.000 KR.**

VERÐ MEÐ VSK
**3.290.000 KR.**



## OUTLANDER
450 PRO

VERÐ ÁN VSK
**1.443.000 KR.**

VERÐ MEÐ VSK
**1.790.000 KR.**



## OUTLANDER
450 PRO 6X6

VERÐ ÁN VSK
**1.927.000 KR.**

VERÐ MEÐ VSK
**2.390.000 KR.**



## OUTLANDER
570 XT MAX

VERÐ ÁN VSK
**1.846.000 KR.**

VERÐ MEÐ VSK
**2.290.000 KR.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ELLINGSEN.IS

# ELLINGSEN.IS

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

**FRÉTTIR**


Frá handverkshátíð á Hrafnagili í Eyjafirði. Mynd / HKr.

Hrafnagil í Eyjafirði:

# Handverkshátíðinni frestað um eitt ár

**Handverkshátíðin í Eyjafjarðarsveit hefur verið haldin á hverju ári síðastliðin 28 ár. Hátíðina sækja árlega 10–15 þúsund gestir og eru sýnendur yfir 100 talsins.**

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu hefur stjórn Handverkshátíðarinnar í samvinnu við aðildarfélög ákveðið að fresta hátíðinni fram til ársins 2021. Ákvörðunin var tekin að vel ígrunduðu máli í samráði við helstu samstarfsaðila að því er fram kemur í tilkynningu. Enn fremur að ákvörðunin hafi verið erfið en nauðsynleg í ljósi aðstæðna vegna COVID-19 faraldursins og útgefinna leiðbeininga um samkomur.

„Á hverju ári koma margir að uppsetningu Handverkshátíðarinnar og lítur stjórn svo á að það sé hennar ábyrgð og skylda að hlýða settum reglum og vernda starfsmenn sína, gesti og þátttakendur og koma í veg fyrir enn frekari smit í samfélaginu með því að fresta Handverkshátíðinni til næsta árs,“ segir í tilkynningu vegna frestunar Handverkshátíðar. Handverkshátíðin er ein helsta fjáröflun ýmissa félaga í Eyjafjarðarsveit og hafa félagsmenn lagt á sig mikla og óeigingjarna sjálfboðavinnu í þágu samfélagsins í gegnum árin til að halda frábæra Handverkshátíð.

Þeir sem sóttu um og höfðu fengið pláss á hátíðinni sem vera átti í sumar eru hvattir til að senda inn umsókn fyrir hátíðina sem haldin verður dagana 5.–8. ágúst 2021. /MÞÞ

# Prjónagleði frestað

## – en efnt til prjónasamkeppni um höfuðfat

**Ákveðið hefur verið að fresta Prjónagleðinni sem fram fer á vegum Textílsetursins á Blönduósi um eitt ár og verður hún haldin dagana 11.–13. júní 2021. Ástæða frestunar er ástandið vegna COVID-19 faraldursins.**

Til að viðhalda sköpunar- og prjónagleðinni á meðan efnir Textílsetrið til prjónasamkeppni þar sem verkefnið er höfuðfat og þemað er Blanda – Jökulsá í Austur-Húnavatnssýslu.

Samkeppnin fer þannig fram að þátttakendur senda myndir og upplýsingar um höfuðfatið og verða þær birtar á Facebook-síðu Prjónagleðinnar. Gestir síðunnar kjósa sitt uppáhaldshöfuðfat í framhaldinu og þeir vinna sem fá flest stig. Verðlaun verða veittir fyrir þrjú efstu sætin og horft til frumlegustu og bestu útfærslunnar. /MÞÞ




Góð áburðarsala:

# Einhverjar tafir á afgreiðslunni ytra hjá sumum áburðarsölum

**Þegar land lifnar við að vori huga bændur að sinni áburðardreifingu – og hafa margir þeirra valið og keypt sinn áburð fyrir allnokkru síðan. Að einhverju leyti virðast áburðarsalar hafa keypt inn sínar áburðartegundir áður en íslenska krónan veiktist verulega en óhjákvæmilega hefur einhver hækkun orðið vegna stöðugrar veikingar hennar frá áramótum. Einhverjar tafir eru á afgreiðslu ytra.**

Svo virðist sem sala á áburði hafi verið mjög góð í vor, en einhver brögð eru að töfum á afgreiðslu áburðar frá birgjum ytra vegna áhrifa af COVID-19 faraldrinum.

Sigurður Sigurðsson hjá Fóðurblöndunni segir að salan hjá þeim hafi gengið mjög vel. „Við birtum okkar verðskrá í janúar og þegar krónan fór að gefa eftir var búið að selja megnið af áburðinum,“ segir hann.

### *Vandræði með mönnun í áburðarverksmiðju*

Jóhannes Baldvin Jónsson hjá Líflandi segir að fyrirtækið hafi staðið frammi fyrir seinkun á komu áburðar vegna vandræða með mönnun í áburðarverksmiðju ytra. „Sú seinkun mun þó ekki koma að teljandi sök, viðskiptavinum er haldið upplýstum og áburðurinn mun skila sér til viðskiptavina á næstu vikum. Talsverðar hækkanir hafa orðið á áburðinum vegna veikingar á gengi krónunnar,“ segir hann.

„Salan hjá Skeljungi hefur verið góð þetta árið, stefnir í 10.500 tonn,“ segir Lúðvík Bergmann. „Sem betur fer vorum við búin að greiða stærsta hluta þess áburðar sem við flytjum inn. Hvað COVID-19 varðar þá varð aðeins töf á afgreiðslu skipa erlendis en það hefur alveg sloppið til að mestu.“

### *Sala umtalsvert meiri í ár*

„Sala á Yara áburði hefur gengið vel um allt land. Búið er að selja umtalsvert meira af Yara áburði í ár en í fyrra,“ segir Elías Hartmann Hreinsson hjá Sláturfélagi Suðurlands (SS).

„Útkeyrsla á áburði er hafin fyrir nokkru og gengur vel. SS býr að góðri



aðstöðu fyrir áburð í Þorlákshöfn en þar hefur félagið um 3.500 fermetra vöruhús sem rúma allt að 9.000 tonn af áburði. Innflutningur á áburði til Þorlákshafnar var því hafinn mjög snemma árs sem mildar meðal annars áhrif gengisbreytinga sem hafa verið miklar að undanförnu. SS leggur áherslu á að eiga ávallt til birgðir af áburði um allt land til að þjónusta vel kaupendur á Yara áburði,“ segir Elías.

Einar Guðmundsson hjá Búvís segir stöðuna hjá þeim svipaða og í fyrra. „Vorið er að koma á fullu þessa dagana, virðist já vera örlítið seinna á ferðinni fyrir norðan en sunnan heiða.

Við vorum ekki búnir að kaupa allan áburð áður en krónan féll og ekki búnir að greiða alla erlenda kostnaðarliði,“ segir Einar. /smh

Sameiningarmál í Austur-Húnavatnssýslu:

# Ákvörðun um sameiningarviðræður hefur verið frestað fram á haust

**Ákvörðun um formlegar sameiningarviðræður fjögurra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu verður tekin í september.**

Upphaflega var gert ráð fyrir að sveitarstjórnirnar tækju ákvörðun um slíkt í lok aprílmánaðar eða í byrjun maí. Vegna heimsfaraldurs COVID-19 hefur verið ákveðið að gera breytingar á tímalínu verkefnisins.

Nú er gert ráð fyrir að ráðgjafarkynni niðurstöður greininga og tillögur á fundi sameiningarnefndar í lok maí eða byrjun júní. Tímasetning þess fundar mun ráðast af þróun samkomubanns. Sameiningarnefndin mun svo móta áherslumál og verkefni í sumar og eiga samráð við þingmenn og




ríkisstjórn. Um miðjan ágúst er svo gert ráð fyrir að nefndin fjalli um tillögu um hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður og í september er áætlað að sveitarstjórnir afgreiði tillöguna. Þetta kemur fram á vefnum huni.is.

### *Akrahreppur ekki með*

Akrahreppur í Skagafirði hafnaði boði frá sameiningarnefnd Austur-Húnavatnssýslu, en hún hafði sent erindi til hreppsins og óskað eftir því að sveitarstjórn Akrahrepps taki afstöðu til þess hvort hún hafi áhuga á þátttöku í sameiningarviðræðum með sveitarfélögum í sýslunni. Þakkaði Akrahreppur boðið og óskaði Austur-Húnvetningum góðs gengis í þeim sameiningarviðræðum sem fram undan eru. /MÞÞ

BÍ mæla með að bændur takmarki gestakomur á bú sín:

# Sveitaheimsóknir á tímum veirufaraldurs

**Um árabil hafa bændur boðið upp á sveitaheimsóknir á vorin. Þúsundir leikskólabarna og grunnskólanemenda hafa farið í vorferðir með foreldrum og kennurum og heimsótt bæi undir merkjum Opins landbúnaðar. Þá hafa ferðaskrifstofur skipulagt heimsóknir á bú fyrir erlenda ferðamenn og Íslendingar hafa verið duglegir að nýta sér ýmsa þjónustu og afþreyingu sem er í boði hjá bændum.**

Vegna COVID-19 faraldursins eru breyttar forsendur fyrir heimsóknum í sveitina. Þann 13. mars sl. gáfu Bændasamtök Íslands út tilmæli til bænda þar sem þau mæltu með því að heimsóknir á bú og samgangur á milli fólks væri í algjöru lágmarki. Þessar ráðstafanir voru gerðar til að sporna við veirusmiti á milli manna og tryggja hnökralausa búvöruframleiðslu.

Nú þegar faraldurinn er í rénun hafa borist fyrirspurnir til BÍ hvort sveitaheimsóknir barna verði á dagskrá í vor. Samtökin mæla með því að bændur, sem stunda búvöruframleiðslu, viðhafi áfram smitgát og


Mikill fjöldi barna hefur í gegnum tíðina heimsótt bændur á vorin. Vegna kórónuveirufaraldursins eru breyttar forsendur fyrir heimsóknum. Mynd /bbl

takmarki gestakomur á bú sín eins og kostur er.

Aðstæður eru misjafnar og á einhverjum búum er hægt að taka á móti gestum, t.d. þar sem búvöruframleiðsla er í lágmarki eða skipulag með þeim hætti að heimilisfólk treystir sér til að taka á móti hópum. Í þeim tilvikum eru bændur hvattir til að fara að þeim reglum sem gilda um heimsóknir hópa eftir breytingar á samkomubanni 4. maí sl. Engar takmarkanir eru á samveru skólabarna en á mannamótum þarf að tryggja að nánd á milli fullorðinna (eldri en 16 ára) sé yfir tveir metrar. Fólk er áfram hvatt til þess að stunda handþvott, nota sprittheinsi eftir atvikum og viðhafa almennar smitvarnir. /TB



HOPP!
HOPP!



STANSLAUST
FJÖR!

# LOFTTRAMPÓLÍN

Lofttrampólín frá Sidijk er góð eign fyrir flest útivistarsvæði, á tjaldstæði, við skóla, sundlaugar og þar sem börn á öllum aldri koma saman. Þau eru endingargóð og nánast viðhaldsfrí.

Lofttrampólínin koma í margskonar litum, formum og stærðum. Rétthyrnd, ferningslaga eða kringlótt, allt er mögulegt! Þau eru ótrúlega sterk og gerð úr bestu mögulegu efnunum.





VÉLAVAL
www.velaval.is

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

Sími 453 8888 - Opið virka daga 9-17



Markmið fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi er að auka framboð íbúðalóða í sveitarfélaginu og þá sérstaklega sjávarlóða með dreifbýlisyfirbragði.

### Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar:

# Sjávarlóðir verða í boði í landi Glæsibæjar

**Breyting hefur verið gerð á aðalskipulagi Hörgársveitar sem gildir til ársins 2024 hvað varðar landnotkun í landi Glæsibæjar í Hörgársveit, þar sem gert er ráð fyrir að skilgreina íbúðabyggð þar sem nú er skógræktar- og landgræðslusvæði og landbúnaðarsvæði.**

Glæsibæjarkirkja mun einnig fá skilgreindan og stækkaðan reit frá núverandi afmörkun í samráði við safnaðarstjórn og Biskupsstofu vegna mögulegrar stækkunar kirkjugarðs, bílastæða og tengdrar starfsemi. Aðalskipulagsbreytingin tekur til hluta jarðarinnar neðan vegar 816, samtals um 13 hektarar. Deiliskipulag verður unnið samhliða aðalskipulagi og verða báðar tillögur auglýstar samtímis.

*Aukið framboð íbúðarlóða í sveitarfélaginu*

Markmið fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi er að auka framboð íbúðarlóða í sveitarfélaginu og þá sérstaklega sjávarlóða með dreifbýlisyfirbragði. Miðað er við að koma fyrir um 18 lóðum á svæði sem skilgreint verður íbúðabyggð. Gengið er út frá blandaðri en lágreistri fjölskylduvænni dreifbýlisíbúðabyggð með lágu nýtingarhlutfalli, góðu rými á milli húsa, útsýni, öryggi, einstakri aðstöðu til útivistar s.s. opnum rýmum, leiksvæðum, gönguleiðum, siglingum og sjóböðum.

Nyrst á svæðinu er gömul malarnáma og er áætlað að nýta efni úr henni til vegagerðar og annarra framkvæmda við lóðir á skipulagssvæðinu og því þarf að skilgreina nýtt efnistökusvæði í landi Glæsibæjar. Markmiðið er einnig að loka því svæði eftir að framkvæmdum lýkur og ganga frá námunni þannig að prýði verði af. Þá verður reitur fyrir Glæsibæjarkirkju S-2 stækkaður vegna mögulegrar stækkunar kirkjugarðs, bílastæða og tengdrar starfsemi.

Markmið sveitarstjórnar er að fyrirhugaðar skipulagsbreytingar skuli ekki þrengja að búrekstri á landbúnaðarlandi umhverfis skipulagssvæðið, og ef til hagsmunaárekstra komi milli landbúnaðar og starfsemi á skipulagssvæðinu muni sveitarfélagið ekki leggja íþyngjandi kvaðir á búrekstur í því sambandi.

*Búið að planta í 143 hektara lands*

Hefðbundinn landbúnaður hefur að mestu lagst af en nú er þar stundaður hrossabúskapur auk smávægilegrar sauðfjárræktar á jörðinni. Litlar forsendur eru fyrir frekari landbúnaði sökum skógræktar, en í gildi er samningur við Norðurlandsskóga um skógrækt á allt að 243 hekturum af landi. Plantað hefur verið í um 143 hektara lands ofan vegar og um 35 hektara neðan vegar. Skógrækt ofan vegar hefur gengið vel og þar er kominn myndarlegur skógur með mjög góða útivistarmöguleika sem áætlanir gera ráð fyrir að efla enn frekar. Norðurlandsskógar eru tilbúnir til að fella neðri hluta jarðarinnar, neðan vegar nr. 816, út úr samningi á þessum forsendum. Samningur við skógræktina gerir auk þess ráð fyrir því að landeigandi geti tekið hluta/heild undan samningi við skógræktina gegn endurgreiðslu þess stofnkostnaðar sem skógræktin lagði til í upphafi.

*Fjögur íbúðasvæði skilgreind í sveitarfélaginu*

Íbúum í Hörgársveit hefur fjölgað nokkuð ört síðastliðin tvö ár. Í byrjun árs 2018 voru íbúar sveitarfélagsins 580 en í lok árs 2018 voru þeir 613 talsins. Í aðalskipulagi eru skilgreind fjögur íbúðasvæði í sveitarfélaginu, í þéttbýlisstöðunum á Hjalteyri og Lónsbakka sem fyrir eru og einnig íbúðasvæði við Blómsturvelli og í landi Glæsibæjar. Á Lónsbakkasvæðinu er áhersla lögð á þéttari byggð og minni íbúðalóðir og á Hjalteyri er áhersla á sértæka uppbyggingingu sem samræmist eldri byggð auk frístundabyggðar. Stærri íbúðalóðir verða svo í landi Glæsibæjar en engin áform eru enn sem komið er með uppbyggingu íbúða á svæðinu við Blómsturvelli í fyrirsjáanlegri framtíð. */MÞÞ*

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



Matarstígur Helga magra hyggst efna til bændamarkaðar reglulega í sumar. Biðla aðstandendur Matarstígsins nú til Eyfirðinga um að rækta matjurtir sem boðnar yrðu til sölu á markaðnum. Myndir / MÞÞ

### Matarstígur Helga magra í Eyjafjarðarsveit:

# Biðlar til sveitunga að auka grænmetisræktun

## – Stefnt að reglulegum bændamörkuðum í sumar en farið að öllum reglum

**Matarstígur Helga magra, verkefni sem stofnað var til í byrjun mars, hefur biðlað til sveitunga sinna í Eyjafjarðarsveit um að kortleggja möguleika á því að rækta matjurtir á komandi sumri í tengslum við bændamarkaði sem Matarstígurinn hyggst efna til reglulega. Unnið er af kappi við að koma upp Matarstígnum en verkefnið mun m.a. standa fyrir bændamörkuðum í sumar.**

Karl Jónsson, verkefnastjóri Matarstígsins, segir að verið sé að kanna meðal landeigenda í Eyjafjarðarsveit hvort þeir hafi land aflögu til að rækta á grænmeti og hafi áhuga fyrir slíkri ræktun. Eins kemur til greina að lána land til þeirra sem áhuga hafa á ræktun.

„Við teljum að auka megi matvælaræktun í sveitinni allnokkuð með þessu móti, auk þess sem þetta gæti gefið smá aur í aðra hönd fyrir viðkomandi. Matarstígurinn opnar tækifæri til að koma uppskerunni í verð og tækifæri til að glæða samfélagið lífi,“ segir Karl. Að auki sé möguleiki á að selja afurðir til veitingahúsa og jafnvel að framleiða sérstaklega fyrir þá matjurtir sem þeir óska eftir. Bendir Karl á að nú sé ekki úr vegi að dusta rykið af vannýttum gróðurhúsum og hefja þar ræktun á nytjajurtum og berjum jafnvel og nýta bændamarkaðina sem söluvettvang.

Þá má nefna að sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt að útbúa matjurtagarða fyrir íbúa sveitarfélagsins nú á komandi sumri. Garðarnir verða í landi Grísarár norðan Bakkatraðar. Hver reitur verður um það bil 15m$^2$ og leigan nemur 4 þúsund krónum fyrir hvern reit á árinu 2020. Kostnaður sveitarfélagsins verður um 100 þúsund krónur.

*Tíu komnir á skrá*

Alls eru nú tíu aðilar á skrá hjá Matarstígnum, einkum matvælaframleiðendur og kaffi/gistihús.

„Ég geri ráð fyrir að þegar líður að því að við bjóðum upp á fyrsta



Karl Jónsson, verkefnastjóri Matarstígs Helga magra.

bændamarkaðinn muni örframleiðendur sjá tækifæri á að skrá sig til leiks og vera með,“ segir Karl. Skólaeldhús Hrafnagilsskóla verður til afnota fyrir örframleiðendur til að framleiða sínar vörur en sú aðstaða hefur starfsleyfi heilbrigðiseftirlits. Eftir sem áður þurfa örframleiðendur að hafa starfsleyfi en þurfa ekki að koma sér upp löglegri aðstöðu sjálfir. Matarstígurinn mun síðan hafa söluleyfi fyrir markaðina „og því er þetta lágmarksfyrirhöfn fyrir örframleiðendur að taka þátt,“ segir Karl.

*Hringferð í boði*

Karl segir að viðræður standi yfir við ferðaskipuleggjendur á svæðinu um að bjóða upp á hringferð um Matarstíginn og þá með vistvænu farartæki, t.d. rafbíl.

„Það yrði verkefni sem hentaði slíkum bílum vel og ætti þátt í jákvæðri ímyndaruppbyggingu Matarstígsins. Sú ferð væri eina opinbera hringferðin inn á Matarstíginn þ.e. sem hefði nafn hans og merki í sinni markaðssetningu,“ segir Karl. Ferðaskrifstofur sem þjónusta skemmtiferðaskip hafa líka áhuga á því að bjóða slíka ferð til sölu árið 2021.

*Styrkur frá Matarauði*

Matarstígurinn fékk nýverið 5 milljón króna styrk frá Matarauði Íslands sem opnar á nýja mörguleika varðandi markaðssetningu og starfsemi Matarstígsins. Karl segir að unnið sé að ýmsum verkefnum, m.a. hafi verið haft samband við Heilbrigðiseftirlit og MAST varðandi leyfisvinnustofu þar sem fólk getur komið og fengið aðstoð við að sækja um leyfi. Vel hafi verið tekið í hugmyndina sem verður framkvæmd þegar þeim takmörkunum sem nú gilda vegna heimsfaraldurs, Covid 19 lýkur.

Styrkurinn gerir Matarstígnum líka kleift að vinna að markaðs- og hönnunarmálum með fagfólki og voru það Kapall markaðsráðgjöf í Reykjavík og DuoDot grafísk hönnun á Akureyri sem mynda markaðs- og hönnunarteymið ásamt verkefnastjóra Matarstígsins. Unnið er með persónuna Helga magra en marga skemmtilega vinkla er hægt að fá á verkefnið með því.

*Vistvæn dreifileið*

Þá nefnir Karl að verið sé að kanna möguleika á framkvæmd verkefnisins Vistvæn dreifileið sem snýst um vistvæna dreifingu matvæla á milli aðila í Eyjafjarðarsveit og frá framleiðendum þar til kaupenda utan sveitar.

„Við erum að þróa þetta verkefni núna og hugmyndin er sú að verða nýttur til að sækja vörur frá matvælaframleiðendum í sveitinni og koma til skila til kaupenda. Hann kæmi þá í stað einkabíla sem hver og einn væri að aka um sveitina til að sækja og senda vörur.

Karl segir að einnig sé fyrir hendi áhugi á að bjóða kvenfélögum sveitarinnar aðgang að Matarstígnum fyrir sína góðgerðarstarfsemi og gæti þá mögulega verið í formi fjáröflunar á vettvangi bændamarkaðanna.

„Kvenfélög eru hornsteinn góðgerðarstarfs í hverju samfélagi og eru þekkt fyrir bakkelsi og kruðerí og það væri gaman að geta lagt þeim til vettvang til að sinna góðgerðarmálunum,“ segir hann.

*Förum eftir öllum reglum*

Forsvarsmenn Matarstígsins fóru yfir starfsáætlun sína varðandi sumarið með tilliti til Covid 19 faraldursins og segir Karl að eins og staðan er nú verði hægt að halda áætlun varðandi bændamarkaði, pop-up viðburði, Matarhátíð Helga magra í ágúst og Local Food sýninguna í Hofi í október, nema bakslag komi í baráttunni.

„Við munum að sjálfsögðu hlíta öllum reglum sem í gildi eru á okkar viðburðum,“ segir Karl. */MÞÞ*



Frá garðyrkjustöðinni á Grísará í Eyjafjarðarsveit. Mynd / HKr.

# YAMAHA




**GRIZZLY** 700 EPS SE
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
***Verð: 2.230.000 kr.***
## *36.000 kr.**
*afborgun á mánuði ***



**GRIZZLY** 700 EPS
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
***Verð: 2.170.000 kr.***
## *32.800 kr.**
*afborgun á mánuði ****



**KODIAK** 700 EPS
700cc-fjórgengis-4WD-H/L drif-driflæsing
spil-306kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla
***Verð: 1.890.000 kr.***
## *29.600 kr.**
*afborgun á mánuði *****



**KODIAK** 450 IRS
421cc-fjórgengis-4WD
H/L drif-spil-289kg
***Verð: 1.690.000 kr.***
## *25.600 kr.**
*afborgun á mánuði ******

Lykill fjármögnun **Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 6,15% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykillána á heimasíðu Lykils **www.lykill.is.** Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er ** 7,86% - *** 7,88% - **** 7,90 - *****7,94% - Öll verð innifela virðisaukaskatt.*

ARCTIC TRUCKS

**YAMAHA** Á ÍSLANDI
ARCTIC TRUCKS

YAMAHA

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | S: 540 49 00 | www.yamaha.is

# STEKKUR

## Krydd í tilveruna

**Eins og ástandið í samfélaginu er þessa dagana hljótum við öll að vera sammála um að ekki veitir af smá tilbreytingu og kryddi í tilveruna. Sólin er komin hátt á loft og því upplagt að sækja sér nokkrar kryddplöntur til að lífga upp á gluggasylluna eða garðinn.**

Aldagömul hefð er fyrir ræktun kryddjurta. Munkar ræktuðu þær í klausturgörðum sínum, grasakonur suðu úr þeim seyði og nú til dags rækta margir krydd sér til skemmtunar. Kryddjurtir bæta bragð matarins og margir trúa að þær hafi lækningamátt.

Jarðvegur fyrir kryddjurtir þarf að vera hæfilega blanda af mold og sandi og yfirleitt þarf að blanda hann með lífrænum áburði og kalki til að bæta hann.

Algengt er að planta kryddjurtum út um mánaðamótin maí og júní. Útplöntunartími er háður því að jarðvegurinn sé orðinn sæmilega hlýr, að minnsta kosti kominn yfir 6 °C, og hætta á næturfrosti liðin hjá. Heppilegast er að gróðursetja í skýjuðu veðri og jafnvel svolítilli rigningu.

Garðablóðberg/timjan (Thymus praecox) er hálfrunni sem nær 10 til 30 sentímetra hæð. Blómin purpurarauð. Til eru fjölmörg yrki af blóðbergi og eitt þeirra er með sítrónukeim. Talið er að Súmerar, sem voru uppi 3.500 árum fyrir Krist, hafi notað timjan sem krydd og til lækninga. Rómverjar töldu plöntuna örva kynhvötina og á miðöldum var timjan tengt ástleitni.

Fáfnisgras / estragon / tarragon (Artemisia dracunculus). Fjölær jurt sem getur orðið rúmur metri á hæð. Rússnesku estragoni er sáð en frönsku og þýsku fjölgað með skiptingu og græðlingum. Gengur undir ýmsum nöfnum, franskt, þýskt eða rússneskt tarragon eða estragon. Franskt og þýskt þykir betra en rússneskt sem heitir reyndar A. dracunculoides á latínu.

Lavender/lofnarblóm/ilmvöndur (Lavandula angustifolia). Sígrænn runni. Blöðin grágræn og ilmsterk, blómin purpurarauð. Þarf skjólgóðan og sólríkan stað. Fer best í potti. Uppruni frá löndunum í kringum Miðjarðarhafið. Laufblöðin notuð í krydd. Blómin ilma vel og eru oft sett í fataskápa til að draga úr fúkkalykt.

Rósmarín (Rosmarinus officinalis). Sígræn jurt sem nær tveggja metra hæð í náttúrulegum heimkynnum sínum við Miðjarðarhaf. Blöðin oddmjó og blómin blá. Ilmsterk. Sáð inni í björtum glugga í febrúar, eins má kaupa stálpaðar plöntur á vorin. Þrífst best í potti á þurrum stað og rýr jarðvegur hentar rósmaríni ágætlega. Gott með öllu kjöti og villibráð. Var tákn tryggðar hjá Forn-Grikkjum og ofið í brúðarvendi og brennt sem reykelsi. Það er sagt örva minnið og hugsun. Virkar á höfuðverk og spennu. Á miðöldum var plantan notuð sem jólaskraut í Evrópu.

Ofangreindar kryddjurtir eru allar þokkalega harðar og geta blóðberg, fáfnisgras og lavender lifað veturinn af á góðum stað í garðinum en rósmarín þolir ekki frost og því best að taka inn fyrir frost.

Allar kjósa ofangreindar kryddjurtir mikla sól.

Tvær geymsluaðferðir eru einkum tíðkaðar fyrir kryddjurtir, þurrkun eða frysting. Í báðum tilvikunum eru plönturnar klipptar niður í þurru veðri. Þær plöntur sem á að frysta eru hlutaðar í sundur og aðeins blöðin hirt, þeim er síðan pakkað í smáböggla í álpappír og bögglarnir frystir strax. /VH

NYTJAR HAFSINS

# Kolinn skilaði 2,7 milljörðum í aflaverðmæti á síðasta ári



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Kolaveiði í dragnót. Mynd / Einar Ásgeirsson

**Kolaveiðar eru ekki mikilvægur þáttur í íslenskum sjávarútvegi en kolinn er góð búbót. Hann skilaði um 2,7 milljörðum króna á síðasta ári í aflaverðmæti og vegur rauðsprettan þar þyngst.**

Sumar kolategundir eru með bestu matfiskum sem völ er á. Litlum sögum fer af kolaveiðum Íslendinga fyrr á tímum enda var lengi vel örðugt að veiða og verka kola fyrir erlendan markað. Ekki verður því sagt að Íslendingar hafi verið iðnir við kolann. Þetta orðtak yfir elju og ástundunarsemi er oftast tengt kolaveiðum en gæti allt eins vísað til kolagerðar sem var tímafrek iðja og krafðist yfirlegu.

Eiginlegar kolaveiðar okkar hófust ekki fyrr en langt var liðið á 20. öldina. Áður hafði kolinn verið lítilsháttar veiddur til heimabrúks í kolanet sem lögð voru grunnt frá landi.

Veruleg sókn í kola hófst fyrst hér við land er breskir togarar komu hingað til veiða suður af landinu og í Faxaflóa í lok 19. aldar við litla hrifningu landsmanna. Bretinn stundaði þessar kolaveiðar í fjölda ára en lagði einnig vaxandi áherslu á veiðar á bolfiski þegar á leið. Fleiri þjóðir komu við sögu, meðal annars Þjóðverjar.

Upplýsingar í þessa grein eru sóttar víða, meðal annars í bókina Íslenskir fiskar eftir Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson og einnig í samantekt um nytjafiska við Ísland eftir Hreiðar Þór Valtýsson.

### Blómatíminn á níunda áratugnum

Kolaveiðar Íslendinga hófust svo á fjórða áratug síðustu aldar í smáum stíl í fyrstu og voru sveiflukenndar lengi vel, eins og þær eru reyndar ennþá. Erlend skip veiddu mörg árin þar á eftir meira af kolanum en Íslendingar.

Eftir að fiskveiðilögsagan var færð út í 200 mílur á áttunda áratugnum sátu Íslendinga einir að kolanum. Blómatími kolaveiða Íslendinga var á níunda áratugnum. Á árinu 1997 náði samanlagður kolaafli okkar til dæmis tæpu 21 þúsund tonni.

Kolastofnarnir eru flestir í nokkurri lægð í dag. Á síðasta ári veiddust um 9.700 tonn samanlagt af kola á Íslandsmiðum, innan við helmingur af því sem var þegar best lét, að aflaverðmæti um 2,7 milljarðar króna. Heildaraflaverðmæti í fyrra var um 145 milljarðar. Kolinn er því 1,8% af heildinni í krónum talið.

Kolar finnast hringinn í kringum landið en veiðast aðallega suður og suðvestur af landinu. Aðalveiðarfærið í beinni sókn er dragnót. Dragnótin er sérhæft veiðarfæri sem danskur bóndi og fiskimaður fann upp á 19. öld til að geta sótt kolann lengra út. Hann mokfiskaði, þénaði vel og hafði loks efni á að kvænast unnustu sinni, en það er önnur saga.

### Kolar og aðrir flatfiskar

Við Ísland eru fimm kolategundir, misverðmætar. Þær eru skarkoli, þykkvalúra, langlúra, sandkoli og flundra. Fjórar fyrstnefndu eru nytjategundir en fimmti kolinn, flundra, er nýbúi og hefur ekki verið nýttur hér til þessa hvað sem síðar verður.

Kolar eru af ættbálki flatfiska. Á Íslandsmiðum hafa fundist 13 tegundir flatfiska. Náskyld kolanum eru lúða, grálúða og skrápflúra. Fjarskyldari eru fiskar af hverfuætt. Fimm tegundir hverfu hafa sést hér við land. Flestar eru flökkufiskar en ein þeirra, stórkjaftan, veiðist sem meðafli.

### Sérkennileg líffræði

Líffræði flatfiska er afar sérstök. Á lirfustigi eru þeir eins og aðrir fiskar, synda með kviðinn niður, bakið upp og augu á hvorri hlið eins og vera ber. Þegar því skeiði líkur umbreytast þeir. Annað augað færist yfir á hina hliðina, ýmist þá vinstri eða hægri. Kjálkinn skekkist líka og fleiri breytingar eiga sér stað. Augu kola og lúðu færast á hægri hliðina en augu fiska af hverfuætt færast á vinstri hlið. Blinda hliðin verður hvít eða ljós en hliðin sem hefur tvö augu verður dökk.

Flatfiskar eru botnfiskar og þegar þeir hreiðra um sig á botninum liggja þeir í raun á annarri hliðinni.

### Afbökun á danska orðinu rödspætte

Skarkoli er mikilvægasta kolategundin við Ísland. Annað nafn yfir þennan kola, og mun algengara í daglegu tali, er rauðspretta. Nafngiftin rauðspretta er afbökun á danska orðinu rödspætte, þ.e. fiskur með rauða díla. Íslendingar hafa skotið inn stafnum „r“ því spretta hljómar kunnuglegra en spetta.

Eftir að Íslendingar sátu einir að kolaveiðunum fór skarkolaafli mest í 14.500 tonn árið 1985. Aflinn hefur annars sveiflast mikið frá um 5 þúsund tonnum á ári upp í um 10 þúsund tonn.

Árið 2019 veiddust 6.835 tonn af skarkola að aflaverðmæti 1,9 milljarðar króna. Algeng stærð í afla er 30 til 50 sentímetrar. Árið 2018 veiddust 67% aflans í dragnót, 29% í botnvörpu og 4% í önnur veiðarfæri.

Skarkoli er afar vinsæll matfiskur víða í Evrópu, einkum í Danmörk og á Bretlandi. Þess má geta að Danir veiddu 21.700 tonn af skarkola á árinu 2019 að aflaverðmæti 294 milljónir danskra króna, um 6,2 milljarðar íslenskra króna.

### Sólkolinn afar verðmætur

Þykkvalúra er önnur mikilvægasta kolategund á Íslandsmiðum. Hún er með verðmætustu fisktegundum sem hér veiðast. Um 670 tonn af þykkvalúru voru seld á fiskmörkuðum landsins í fyrra og meðalverðið var um 488 krónur á kíló. Aðeins lúðan seldist á hærra verði af nytjafiskum, fór á krónur 498 á kíló að meðaltali. Til samanburðar má geta þess að meðalverð á þorski var 330 krónur á kíló.

Þykkvalúra gengur líka undir nafninu sólkoli sem er dregið af enska heiti þessa fisks, lemon sole. Þykkvalúran var mjög eftirsótt af erlendum togurum. Afli þeirra náði hámarki, um 3.000 tonnum, árið 1937. Mestur afli íslenskra skipa varð tæp 2.700 tonn árið 2006.

Árið 2019 veiddust hér tæp 1.450 tonn af þykkvalúru að aflaverðmæti 580 milljónir króna. Megnið er veitt í dragnót og algeng stærð í afla er um 30 sentímetrar.

### Langlúran og listaskáldið góða

Langlúra er miðlungsstór, frekar langur og þunnur flatfiskur. Fyrstur til að lýsa langlúru við Ísland var náttúrufræðingurinn og listaskáldið góða, Jónas Hallgrímsson. Langlúra var annars lítið þekkt hér þar til erlendir togarar fóru að veiða hana.

Fyrst veiddist hún aðeins sem meðafli íslenskra skipa en árið 1986 hófust tilraunaveiðar á langlúru í dragnót á Íslandsmiðum. Langlúruafli okkar fór mest í tæp 4.600 tonn árið 1987. Í fyrra veiddist 881 tonn að aflaverðmæti rúm 161 milljón króna.

Langlúran er eingöngu veidd í dragnót í beinni sókn en vaxandi hluti aflans hefur fengist hin seinni ár sem meðafli í humartroll.

### Sandkolinn ekki hátt skrifaður

Sandkoli hefur ekki verið hátt skrifaður á Íslandi. Þetta er verðlítil tegund sem lengi vel var ekki sinnt um að hirða þegar hún veiddist sem meðafli. Hins vegar er sandkoli vinsæll víða erlendis, meðal annars í Danmörk, Hollandi og Skotlandi.

Veiðar á sandkola hér til útflutnings hófust ekki fyrr en eftir 1984. Hæst fór aflinn í tæp 8 þúsund tonn árið 1996 en hefur hrunið síðan. Hann fór niður í 230 tonn árið 2017. Á síðasta ári veiddust 502 tonn að aflaverðmæti um 35 milljónir.

Sandkoli er nær eingöngu veiddur í dragnót. Hann er lítill samanborið við aðra flatfiska sem teljast til nytjategunda hér, um 20 til 35 sentímetrar á lengd.

### Flundran jafnvíg á ferskvatn og saltan sjó

Fimmta kolategundin hér við land, flundran, er nýbúi eins og áður er getið. Flundran líkist mest skarkola og sandkola. Fyrsta flundran sem veiddist hér við land svo vitað sé fékkst í Ölfursárósi haustið 1999. Flundran hefur dreift sér víða við strendur landsins en er algengust suður og vestur af landinu.

Flundran lifir á grunnsævi og hrygnir í sjó. Hún virðist einnig kunna vel við sig í fersku vatni sem er óvenjulegt. Á sumrin heldur hún sig við árósa og gengur gjarnan upp í ár og læki. Hún er þar ekki aufúsugestur. Hún keppir um búsvæði við bleikju og gæti spillt veiði á henni á vinsælum bleikjusvæðum.

Flundra er nýtt víða erlendis og eru Danir mesta veiðiþjóðin. Engum sögum fer af atvinnuveiðum á flundru hér við land en væntanlega getur hún orðið nytjafiskur í framtíðinni.

### Gert út á tröllafisk

Árið 1889 varð fyrst vart við breska togara á Íslandsmiðum. Bretarnir sóttust þá aðallega eftir flatfiski, bæði kola og lúðu. Þeir fundu fljótlega auðug kolamið á Faxaflóa.

Bretarnir þóttu haga sér eins og villimenn og fóru af þeim ófagrar sögur. Þeir voru sagðir skemma veiðarfæri íslenskra skipa. Óttast var að botntrollið, hið nýja veiðarfæri, myndi spilla fiskimiðunum. Þá hentu þeir gjarnan stórþorski og öðrum fiski fyrir borð í miklum mæli til að hafa sem mest lestarrými fyrir flatfiskinn dýrmæta.

Þótt Bretarnir væru illa liðnir sóttu margir Íslendingar í að fá þorskinn hjá þeim sem annars var hent, gefins eða gegn gjaldi. Þessi fiskur var kallaður tröllafiskur. Nafngiftin er líklega afbökun á trawl-fiskur, þ.e. fiskur sem veiddur var trollið. Fyrstu heimildir um tröllafisk eru frá árinu 1894.

Í byrjun reru menn út á árabátum, fengu fisk fyrir smávarning, en seinna fóru menn hreinlega að gera út á tröllafisk á stærri bátum sem komu oft með góða farma af togarafiski að landi. Margir bátar voru jafnvel í föstum viðskiptum við togarana.

Jón Þ. Þór sagnfræðingur ritaði fróðlega grein í Ægi árið 1981 um tröllafiskinn og eru upplýsingar hér að framan sóttar í hana. Hann nefnir sérstaklega eina ferð sem bátur fór í til að kaupa tröllafisk. Skipverjar höfðu með í för tvo kassa af whisky, 50 bjóra og tvö hvít gæruskinn. Nokkurn tíma tók að finna einn togara sem var ekki þegar kominn í föst viðskipti. Gengið var frá skiptum á vínföngum og þorski og íslenski báturinn sigldi í land með góðan afla!

Íslensk stjórnvöld beittu sér mjög gegn þessum viðskiptum og talið er að þau hafi lagst af árið 1903.


ALLAR OLÍUR FYRIR BÆNDUR
MOTUL Í MEIRA EN 165 ÁR
VÉLFANG
Samstarfsaðili Motul
CLAAS
ROLLANT 455
UNIWRAP
MOTUL
HD-Agri Grease
Extreme Pressure
Feitin sem bændur og verktakar vilja
Nýr söluaðaðili á Austurlandi, Bílaverkstæði Austurlands (BVA) sími 470-5070
Motul á Íslandi Óseyri 1 Akureyri sími 462-4600
893-7917 (Birkir) Netfang motul@motulisland.is
MOTUL


Vortilboð út maí:
Steinn og sökkull, grátt granít
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og N-landi
Frí sending um allt land
STEINSMIÐJA AKUREYRAR
s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is
minnismerki.is
Tilboð 1
Hér hvíla hjónin
Hannes Páll Jónsson
Guðrún Dögg Friðjónsdóttir
Blómarammi - innanmál 45 cm
Verð:
Sett eins og á mynd : 445.000
Sett án blómaramma : 345.000
Steinn : 245.000
Tilboð 2
Hér hvíla hjónin
Guðmundur Hallgrímsson
Sólveig Una Ingólfsdóttir
Blómarammi - 45 cm innanmál
Verð:
Sett eins og á mynd : 530.000
Sett án blómaramma : 430.000
Steinn : 330.000
Tilboð 3
Hér hvílir
Sigurður Sigurðsson
Blessuð sé minning þín
Hægt að setja 2 nöfn
Verð:
Sett eins og á mynd : 295.000
Steinn án aukahluta : 199.000
Tilboð 4
113 eða 111
Hér hvílir
Magnús Magnússon
nr 113
Hér hvílir
Hugrún Hannesdóttir
nr 111
Verð:
Sett eins og á mynd : 180.000
Steinn án aukahluta : 140.000

# Skráningar á kynbótasýningar vorsins



Halla Eygló Sveinsdóttir
ráðunautur, Búfjárræktar- og þjónustusvið
halla@rml.is

**Opnað verður fyrir skráningu á kynbótasýningar vorsins nú í byrjun maí og verður það nánar auglýst á heimasíðu RML. Skráning og greiðsla fer fram í gegnum heimasíðu RML www.rml.is en á forsíðunni er flýtihnappur sem skráð er í gegnum. Að þessu sinni er sett í loftið nýtt skráningakerfi og vonum við að það reynist vel. Á forsíðu WorldFengs er einnig hægt að skrá hross til sýningar.**

Í töflunni hér að neðan má sjá síðasta skráningardag á hverja sýningu en skráningu þarf að vera lokið á miðnætti þess dags. Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfrestur sé ekki útrunninn. Eigandi/umráðamaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu. Til að fá aðstoð er hægt að hringja í síma 516-5000, eða senda tölvupóst á netföngin halla@rml og hross@rml.is. Við bendum á að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umráðamenn til að hafa tímann fyrir sér frekar en hitt þegar kemur að skráningum á sýningarnar.

Í ljósi óvenjulegs ástands munum við bregðast við og fækka dögum á sýningum ef skráningar eru færri en búist er við og sameina sýningar ef þess gerist þörf. Sýning verður ekki haldin nema lágmarksfjöldi skráninga náist sem eru 30 hross. Gerð er undantekning á þessu fyrir sýninguna á Stekkhólma á Fljótsdalshéraði en þar verða að nást 15 skráningar svo sýning verði haldin. Í töflu hér á síðunni má sjá sýningar vorsins og hvenær er síðasti skráningar- og greiðsludagur.

Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasíðunni www.rml.is, þegar þær eru tilbúnar sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.




Af heimasíður RML er auðvelt að skrá hross til sýningar.



| Dags. | Staður | Loka skráningar- og greiðsludagur |
|---|---|---|
| 25.5- 29.5 | Sörlastaðir Hafnarfirði I | föstudagur 15. maí |
| 25.5- 29.5 | Brávellir, Selfossi | föstudagur 15. maí |
| 25.5- 29.5 | Akureyri | föstudagur 15. maí |
| 02.6- 03.6 | Fljótsdalshérað, Stekkhólmi | föstudagur 22. maí |
| 02.6- 05.6 | Sprettur, Kópavogi | föstudagur 22. maí |
| 02.6- 05.6 | Gaddstaðaflatir, Hellu I | föstudagur 22. maí |
| 08.6- 12.6 | Gaddstaðaflatir, Hellu II | föstudagur 22. maí |
| 08.6- 12.6 | Hólar, Hjaltadal I | föstudagur 22. maí |
| 08.6- 12.6 | Sörlastaðir Hafnarfirði II | föstudagur 22. maí |
| 15.6- 19.6 | Sörlastaðir Hafnarfirði III | föstudagur 22 maí |
| 15.6- 19.6 | Hólar, Hjaltadal II | föstudagur 22. maí |
| 15.6- 19.6 | Gaddstaðaflatir, Hellu III | föstudagur 22. maí |
| 15.6- 19.6 | Víðidalur, Reykjavík | föstudagur 22. maí |

Sýningar vorsins og síðasti skráningar- og greiðsludagur

*Sýningargjöld og fleira*

Verð fyrir fullnaðardóm er 28.500 kr. en fyrir byggingadóm/hæfileikadóm 21.900 kr. Ganga þarf frá greiðslu um leið og hrossið er skráð. Hægt er að greiða með debet- eða kreditkortum, ekki er hægt að greiða með millifærslu. Um leið og hrossið hefur verið skráð birtist það strax inn á viðkomandi sýningu. Ef það gerist ekki er rétt að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis við skráninguna.

Aðeins þau hross sem hlotið hafa fullnaðardóm á sama sýningarári er hægt að skrá eingöngu í reiðdóm.

Endurgreiðslur á sýningargjöldum koma því aðeins til greina ef forföll eru tilkynnt fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku í síma 516-5000 en einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið hross@rml.is. Endurgreitt er 15.000 kr. fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og 12.000 kr. fyrir hross sem hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði.

Endurgreiðslukrafa vegna slasaðra hrossa þarf að hafa borist fyrir 1. júlí. Skipti knapi út hrossi í sýningu og velji að sýna annað hross en það sem skráð er, ber sá hinn sami fulla ábyrgð gagnvart þeim sem greiddi fyrir plássið. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.

***Minnum á eftirfarandi:***

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggi fyrir í WF.
- Allir stóðhestar verða að vera DNA greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt.
- Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.

Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar. Hrossum, sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa og uppfylla ekki þessi skilyrði, verður vísað frá sýningu strax hjá mælingarmanni án undantekninga.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni www.rml.is eða hringja í síma 516-5000 hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið hross@rml.is.

NÝTT! NÝTT!
Álrammar með neti fyrir glugga og dyraop



- Sérsniðið að þínum þörfum
- Þú setur saman eða við gerum það fyrir þig
- Val um net
- Val um lamir eða segulfestingar

LÚSMÝNET
SKORDÝRANET
GÆLUDÝRANET
MÚSANET
FRJÓKORNANET

Glugganet.is
Auðbrekka 6 · Kópavogi · Sími: 696 4000
www.glugganet.is · glugganet@glugganet.is

Lely Center Ísland
PICHON HAUGHRÆRUR



**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

# Meiri hrossaútflutningur á fyrri hluta ársins 2020 en í áratug

## – Flutt voru út 494 hross sem er 70 fleiri en á sama tímabili í fyrra

**Á fyrsta ársfjórðungi 2020 voru 494 hross flutt úr landi, eða 70 fleiri en á sama tímabili í fyrra. Það er 17% aukning samkvæmt fréttatilkynningu Horses of Iceland. Það voru fleiri hross flutt út fyrstu þrjá mánuði ársins 2020 en á sama tímabili nokkurt annað ár síðastliðinn áratug.**

Kemur þessi góði árangur í útflutningi á íslenskum hrossum í kjölfar mikils útflutnings á síðasta ári. Árið 2019 var besta árið í hrossaútflutningi í níu ár.

Fólk getur keypt hross frá Íslandi og látið flytja þau nánast hvert sem er, þrátt fyrir ferðatakmarkanir sökum COVID-19 faraldursins.

Árið 2019 var besta árið í hrossaútflutningi í níu ár, en þá voru 1509 hross flutt úr landi, fleiri hross en nokkuð annað ár síðasta áratug eða 2010 undanskildu. Að meðaltali er verðmæti útfluttra hrossa um einn milljarður á ári. Í fyrra – og einnig árin á undan.

Fóru langflest hross, eða 640, til Þýskalands. Þar á eftir kom Svíþjóð með 224 hross og Danmörk með 172 hross. Horses of Iceland hefur einnitt haft þessa markaði í forgangi í sínu markaðsstarfi, auk þess að sækja á aðra og nýja markaði.

Á fyrsta ársfjórðungi 2020 voru 494 hross flutt úr landi: 169 í janúar, 157 í febrúar og 168 í mars. Í tölunum frá mars 2020 eru 27 hross sem flutt voru út í rannsóknarskyni. Samanlagt eru þetta 70 fleiri hross en flutt voru út á fyrsta ársfjórðungi 2019, eða 17% aukning milli ára.

Árið 2019 voru 424 hross flutt úr landi á fyrstu þrem mánuðunum. Það voru 120 í janúar, 132 í febrúar og 172 í mars. Þetta kemur fram í samantekt frá WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins.

***„Fínt að gera“***

„Það hefur verið fínt að gera,“ staðfestir Eysteinn Leifsson hjá Export Hestum.

„Það er klárt mál að Horses of Iceland hjálpar gríðarlega mikið til við að vekja athygli á hestinum á heimsvísu. Þetta er verðmætt, að vera í sameiginlegu markaðsátaki. Ein og sér hefðum við [hagsmunaaðilar] ekki þetta afl eða þennan sýnileika sem Horses of Iceland hefur sannarlega veitt okkur,“ segir Eysteinn.

„Við sjáum líka hvað fólk fylgist mikið með – hvað verkefnið hefur marga fylgjendur á samfélagsmiðlum – sem styður við markaðsstarfið. Auk þess er farið á sýningar. Allt er gert á faglegan og flottan hátt.“

***Horses of Iceland***

Markaðsverkefnið Horses of Iceland var stofnsett árið 2015 til að auka verðmætasköpun í tengslum við íslenska hestinn, styrkja ímynd hans í vitund fólks um allan heim og byggja upp sterkt vörumerki, Horses of Iceland.

Íslandsstofa sér um framkvæmd verkefnisins og starfar með verkefnastjórn sem skipuð er fulltrúum úr hestasamfélaginu, Félagi hrossabænda (FHB), Landssambandi hestamannafélaga (LH), Félagi tamningamanna (FT), auk útflutningsaðila og fulltrúa frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Þann 2. apríl síðastliðinn var samstarfssamningur Horses of Iceland og íslenska ríkisins formlega framlengdur um 18 mánuði. /HKr.

# Náðu lengra með Tækniþróunarsjóði

Einn mikilvægasti stuðningsaðili nýsköpunar í íslensku atvinnulífi.

**Næsti umsóknarfrestur er 15. júní 2020.**

Nánari upplýsingar eru á **tths.is**

tths.is

**Tækniþróunar**sjóður

LANDSTÓLPI 20 ára
—2000—2020—

# Afmælistilboð **Landstólpa**

**20% AFSLÁTTUR AF** hringgerðisgrindum, hringerðishliði og hringgerðispinnum á meðan birgðir endast.

Tengipinni fyrir hringgerðisgrindur kr. 2.194 ( **20% afsl.** - kr. 1.755 )
Grind fyrir hringgerðisgrindur kr. 30.322 ( **20% afsl.** - kr. 24.257 )
Hlið fyrir hringgerði kr. 55.481 ( **20% afsl.** - kr. 44.384 )

* Öll verð eru með vsk

**20%** afsláttur



**Hringgerðin okkar vinsælu.**

Dæmi um stærðir:
Ø10m (10 grindur, 1 hlið og tengipinnar) - Verð kr. 382.827 ( **20% afsl.** - kr. 306.262 )
Ø12m (12 grindur, 1 hlið og tengipinnar) - Verð kr. 447.858 ( **20% afsl.** - kr. 358.287 )

Hægt að kaupa stakar grindur, hlið og tengipinna.
Hentar fyrir hross sem og nautgripi.

* Öll verð eru með vsk

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

FRÉTTASKÝRING

## Vandi er um allt að spá þegar algjör óvissa ríkir um nær allar forsendur viðskipta í heiminum:

# Jafnvel svartsýnustu spár WTO gætu reynst full bjartsýnar þegar upp verður staðið



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Alþjóðaviðskiptastofnunin [World Trade Organization – WTO] spáði þann 8. apríl allt að 32% samdrætti í heimsviðskiptum vegna COVID-19 faraldursins. Samt er þar trúlega um mjög varfærna spá að ræða af hálfu hagfræðinga WTO.**

Svartsýn spá WTO um lækkun skýrist af fordæmalausu eðli þessarar heilbrigðiskreppu og óvissunnar um nákvæm efnahagsleg áhrif hennar. Hagfræðingar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar telja að lækkunin muni líklega vera meiri en samdrátturinn sem varð í viðskiptum sem stafaði af alþjóðlegu fjármálakreppunni 2008–09.



Roberto Azevêdo, framkvæmdastjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO, segir að ekki sé hægt að komast hjá því að spár og tölur um framvindu heimsviðskipta séu ansi ljótar um þessar mundir. Mynd / WTO

### *Allir sérfræðingarnir höfðu rangt fyrir sér í byrjun árs 2020*

Þetta er mikið bakslag, sér í lagi ef horft er á spár fjármálasérfræðinga eins og hjá Alþjóðabankanum í upphafi árs sem spáði 2,5% efnahagsvexti á árinu 2020, síðan 2,6% 2021 og 2,7% 2022. Mestum hagvexti var spáð í Kína á þessu ári, eða 5,9%, en hann var 6,1% árið 2019. Síðan hefur allt farið á verri veg vegna heimsfaraldurs COVID-19, meira að segja viðskipti með olíu á heimsmarkaði hafa hrunið nær algjörlega. Á þeim markaði var reyndar búið að spá 5,4% samdrætti, en samt ekki algjöru hruni. Allir sprenglærðu sérfræðingarnir sáu þessa þróun ekki fyrir og enginn þeirra virðist hafa haft ímyndunarafl til að spá fyrir um þá framvindu sem nú er staðreynd.

### *Óvissan er vond en samt óþarft að endurtaka fyrri mistök*

Áætlanir um endurheimt á árinu 2021 eru jafn óvissar og niðurstöður ráðast að miklu leyti af lengd faraldursins og skilvirkni viðbragða við þessari heilsufarsvá. Það er einmitt óvissan sem er verst í öllu þessu dæmi. Ríkisstjórnir um allan heim eru öfundsverðar af því að þurfa að taka mjög stórar efnahagslegar ákvarðanir þessar vikurnar, án þess að hafa í raun nokkurn skapaðan hlut í höndunum til að byggja sínar spár á um líklega niðurstöðu. Þess vegna er nær öruggt að þegar efnahagskerfi heimsins fara að komast í gang aftur þá muni verða næsta auðvelt að benda á ótal mistök sem örugglega er verið að gera um þessar mundir.







Eins og sjá má á þessu grafi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar stefnir í hrikalegan samdrátt í vöruviðskiptum í heiminum á þessu ári með tilheyrandi áhrifum á þjóðarframleiðslu.

Að vísu búa menn að reynslu frá efnahagskreppunni 2008 um þau mistök sem þá voru gerð og óþarfi að endurtaka þau nú. Í þessu ástandi er þó trúlega það eina sem hægt er að segja með fullri vissu, að ef ekkert er gert, þá muni fara illa. Aðgerðir einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og ríkisstjórna snýst því um að hafa kjark og áræði til að takmarka óhjákvæmilegt tjón eins og kostur er.

### *Heilbrigðiskreppan hefur neytt stjórnvöld til að grípa til fordæmalausra ráðstafana*

„Þessi kreppa er fyrst og fremst heilbrigðiskreppa sem hefur neytt stjórnvöld til að grípa til fordæmalausra ráðstafana til að vernda líf fólks,“ sagði framkvæmdastjóri WTO, Roberto Azevêdo á ráðstefnu í byrjun apríl.

„Óhjákvæmileg samdráttur í viðskiptum og framleiðslu mun hafa sársaukafullar afleiðingar fyrir heimilin og fyrirtæki, ofan á þá þjáningu sem stafar af sjúkdómnum sjálfum.“

Sagði hann mikilvægt að halda faraldrinum í skefjum og draga úr efnahagslegu tjóni hjá fólki, fyrirtækjum og ríkjum heims. Þá yrðu stefnumótendur að byrja strax að skipuleggja framhaldið í kjölfar faraldursins.

### *Ljótar tölur*

„Þessar tölur eru ljótar – það er ekki hægt að komast í kringum það. Hröð og öflug uppbygging er samt möguleg.

Ákvarðanir sem nú eru teknar munu ákvarða framtíðarform bata og hagvaxtarhorfur í heiminum. Við verðum að leggja grunn að sterkum, viðvarandi og félagslega innifalinn bata.

Verslun mun verða mikilvægur liður í þessu ásamt ríkisfjármálum og peningamálum almennt. Að halda markaði opnum og fyrirsjáanlegum, svo og hlúa að hagstæðara viðskiptaumhverfi, er mikilvægt til að örva endurnýjun í fjárfestingu sem nauðsynleg er. Ef lönd vinna saman munum við sjá mun hraðari bata en ef hvert land kemur fram eitt og sér, “ sagði Roberto Azevêdo.

### *Samdráttur var hafinn fyrir COVID-19*

Þegar var farið að hægja á viðskipti árið 2019, áður en COVID-19 skall á. Þá var þegar orðin mikil spenna í viðskiptum og hægt hafði á hagvexti. Heimsviðskipti voru farin að sýna lítils háttar samdrátt á árinu 2019, eða um 0,1% miðað við að hafa aukist um 2,9% árið áður. Á sama tíma lækkaði verðmæti vöruútflutnings heimsins árið 2019 í dollurum talið um 3%, eða í 18,89 billjónir Bandaríkjadala.

### *Þjónustuliðurinn var á góðri siglingu*

Aftur á móti jukust viðskipti í formi seldrar þjónustu árið 2019 og útflutningur í þeim lið jókst í dollurum talið um 2% og fór í 6,03 billjónir Bandaríkjadala. Þensluhraðinn var samt hægari en árið 2018 þegar þjónustuviðskipti jukust um 9%.

### *Horfur fyrir viðskipti árin 2020 og 2021*

Efnahagslegt áfall vegna COVID-19 heimsfaraldurs býður óhjákvæmilega upp á samanburð á alþjóðlegu fjármálakreppunni 2008–09. Þessum kreppum svipar að vissu leyti saman að mati sérfræðinga WTO, en eru samt í eðli sínu ólíkar.

### *Spár byggðar á ágiskunum*

Líkt og á árunum 2008–09 hafa stjórnvöld gripið inn í peningastefnu og ríkisfjármál til að sporna við niðursveiflu og veita fyrirtækjum og heimilum tímabundna tekjutrygginu. Útgöngubann, ásamt takmörkunum á hreyfingu og félagslegri nálægð manna á milli til að hægja á útbreiðslu sjúkdómsins, hafa haft mikil áhrif á framboð, flutninga og ferðir vinnuafls á þann hátt sem ekki varð vart í fjármálakreppunni 2008. Lokað hefur verið fyrir heilu atvinnugreinarnar, þar með talið hótel, veitingastaði og smásöluverslun sem ekki er beinlínis nauðsynlegt að halda gangandi. Ferðaþjónusta og umtalsverður hluti af framleiðslukeðju ríkja hefur stöðvast. Undir þessum kringumstæðum krefst spá um efnahagshorfur þess að forsendur um framvindu sjúkdómsins séu mjög sterkar og meira verður að treysta á áætluð gögn og ágiskanir frekar en staðreyndir vegna skorts á öruggum heimildum.

### *Jafnvel svartsýnasta spá WTO gæti reynst full bjartsýn*

Samkvæmt bjartsýnu atburðarásinni í spám WTO verður viðskiptabati búinn að jafna stöðuna sem var við upphaf COVID-19 þegar undir lok þessa árs. Fáir telja slíka niðurstöðu þó raunhæfa, ekki síst ef tillit er tekið til breyttrar hegðunar fólks vegna heimsfaraldursins, ferðatakmark-



Verulegur samdrátur hefur orðið í vöruflutningum með skipum vegna útbreiðslu COVID-19. Mynd / Port of Hamborg



Meirihluti farþegaflugs liggur niðri vegna heimsfaraldursins og þúsundir flugvéla með gríðarlega fragtflugsgetu hafa verið kyrrsettar. Mynd / PIE

ana og hruns í ferðaþjónustu og flugi. Meira að segja má telja líklegt að svartsýna spá WTO um atburðarásina sé full bjartsýn. Þar er gert ráð fyrir að viðskipti verði komin í sama horf á heimsvísu í árslok 2022 og þau voru á árunum 2013 til 2014.

*Langt frá því að þróuninni fyrir 2008 hafi verið náð áður en COVID-19 braust út*

Eftir fjármálakreppuna 2008–09 voru viðskiptin í heiminum langt frá því að vera búin að ná fyrri þróun þegar COVID-19 skall á. Að mati sérfræðinga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er sterk uppsveifla líklegri ef fyrirtæki og neytendur líta á heimsfaraldurinn sem tímabundið áfall. Í þessu tilfelli gætu útgjöld vegna fjárfestingarvöru og varanlegra hluta haldið áfram á næsta stigi þegar kreppan fer að líða. Á hinn bóginn, ef óvissa verður langvarandi, er líklegt að heimilin og viðskipti fari enn varlegar en áður í að hefja eyðslu á ný.

# Fátt er svo með öllu illt

**Þrátt fyrir þá skelfingu sem COVID-19 hefur skapað í heiminum með tilheyrandi mannfalli, þá sjá menn líka möguleika í að byggja upp jákvæða þætti í kjölfar faraldursins.**

Vaxandi fylgi er við þá hugmyndafræði að augljósasta leiðin út úr ógöngunum sé að nýta sem best alla þætti sem nærumhverfið hefur upp á að bjóða í stað þess að kaupa allar nauðsynjar frá öðrum ríkjum með tilheyrandi sóun. Þar er fæðuöryggi mjög ofarlega á blaði ásamt aðgengi að hreinu neysluvatni og sjálfbærri nýtingu orkulinda. Það getur oft haft í för með sér mun meiri ávinning en flestir gera sér í hugarlund.

Í Bandaríkjunum hafa menn vaknað við þá staðreynd að um leið og veitingastaðir og verslanir lokuðu, þá misstu bændur mikilvæga viðskiptavini. Þá hefur lokun sláturhúsa og kjötvinnslustöðva vegna kórónasmits hjá starfsmönnum gert illt verra. Nú er farin af stað þar í landi hvatningarbylgja þar sem skorað er á fólk að sækja veitingahús í því augnamiði að styrkja með því frumframleiðendur matvæla. Mikill ótti er nefnilega kominn upp um að ef bændur gefist upp, þá geti Bandaríkjamenn verið að horfa fram á fæðuskort á næstu misserum.

Á eylandinu Íslandi er ávinningur af nýtingu matvæla úr nærumhverfinu jafnvel enn augljósari og meiri en í flestum öðrum ríkjum.

Kosturinn við að nýta verslanir og veitingahús sem höndla með íslensk matvæli er margþættur. Nýting á innlendum náttúrugæðum og fæðu sem náttúran gefur af sér, hefur sömu áhrif á nærsamfélagið og efnahagskerfið hér og gerist í öðrum ríkjum:

- Það skapar hringrás peningaveltu í samfélaginu á Íslandi sem annars færi í að skapa sams konar hringrás og styrkja samfélög í öðrum löndum.
- Það sparar m.a. dýrmætan gjaldeyri sem hægt er að nýta til að styrkja okkar eigin innviði.
- Það sparar gríðarlegan kostnað við flutninga.
- Það dregur stórlega úr mengun vegna flutninga um langan veg.
- Það skapar fólki vinnu sem skilar sköttum og gjöldum til að taka þátt í kostnaði af rekstri samfélagsins á Íslandi.
- Það styrkir byggð í dreifbýli sem auðveldar öllum Íslendingum og gestum þeirra að nýta gæði náttúru landsins.
- Það styrkir framleiðslu á heilsusamlegum matvælum þar sem lítt eða ekki eru notuð skaðleg hjálparefni við framleiðsluna.
- Það styrkir framleiðslu á matvælum þar sem lítt eða ekki eru notuð sýklalyf sem skapað geta sýklalyfjaónæmi.
- Það styrkir þróunarvinnu og rannsóknir í landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði og við nýtingu náttúrugæða af öllum toga.
- Það styrkir vísindarannsóknir og tækniþekkingu við framleiðslu tækja og búnaðar fyrir sjávarútveg, landbúnað og margvíslegan iðnað.
- Það styrkir þróunarvinnu og rannsóknir á matvælasviði, líftækniiðnaði og fleiri greinum.
- Það styrkir iðngreinar sem nauðsynlegar eru til uppbyggingar og viðhalds atvinnulífinu í landinu.
- Það gerir Ísland enn ákjósanlegra land til búsetu.

# Efnahagsútlit Evrópu er allt annað en gott vegna COVID-19

## – Spár fjármálasérfræðinga hafa orðið æ svartsýnni á liðnum vikum

**Innan Evrópuráðsins, sem er samtök 47 ríkja í Evrópu, gætir vaxandi svartsýni vegna áhrifa af COVID-19 faraldrinum. Þar ríkti samt talsverð bjartsýni þann 13. febrúar síðastliðinn þegar því var spáð að vöruframleiðsla í Evrópusambandsríkjunum yrði í um 1,2% stöðugum vexti út árið 2020 og 2021.**

Evrópuráðið spáði því líka í febrúar að heildarhagvöxtur innan ESB færi úr 1,5% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 2019 í 1,4% á árinu 2020. Þá var spáð 1,3% verðbólgu á árinu 2020 og 1,4% á árinu 2021.

*Tiltölulega bjartsýn efnahagsheimsmynd hefur hrunið*

Nú er kominn maí og ljóst að þessi áhyggjulitla sýn Evrópuráðsins á stöðu efnahagsmála er algjörlega hrunin vegna COVID-19 faraldursins. Allt annað hljóð var komið í strokkinn í skýrslu Evrópuráðsins þann 17. apríl og talað um harkalegan samdrátt. Vísað er í spá Deutsche bank og í samanburð við fyrri spár og áætlað að verg þjóðarframleiðsla í evru-ríkjunum geti orðið -4,9% vegna COVID-19 í staðinn fyrir +1,2%. Þá er vísað í innanhússspá teymis yfirhagfræðings DG Trade sem gerir ráð fyrir 9,7% samdrætti í viðskiptum á heimsvísu á árinu 2020. Þar er líka spáð 9,2% samdrætti á útflutningi á vörum og þjónustu hjá ESB ríkjunum 27 sem nemur um 285 milljörðum evra samdrætti. Þá verði um 8,8% samdráttur í innflutningi allra Evrópuríkja, eða sem nemur 240 milljörðum evra.

*Dekkri spár hjá WTO*

Alþjóðaviðskiptastofnunin WTO virðist byggja á aðeins öðrum forsendum. Þar er gert ráð fyrir því að neikvæð áhrif COVID-19 að samdráttur í heimsviðskiptum geti numið allt frá 13 til 32% á árinu 2020. Er það byggt á gögnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins IMF, Alþjóðabankans og OECD. Tekið er fram í þessum spám að mikil vafaatriði séu enn í spilunum varðandi framhaldið. Evrópuráðið hugðist birta nýja spá í dag, 7. maí.

Flestum leikmönnum virðist ljóst að þegar skrúfað er nær algjörlega fyrir tekjuinnstreymi í fjölmörgum atvinnugreinum, þá þýði það hreina skelfingu fyrir viðkomandi ríki. Ef fjárhagstaðan hefur verið veik fyrir eins og í mörgum Evrópusambandsríkjunum, þá má líkja stöðunni við efnahagslegar hamfarir. Akkerin í efnahagskerfi ESB landanna hafa verið Þýskaland, Frakkland og Bretland. Nú er Bretland á útleið, svo ríkjasamsteypa ESB verður að reiða sig á mátt Þjóðverja og Frakka til að bjarga málum þar sem ljóst er að bæði Ítalía og Spánn voru fyrir COVID-19 nánast í efnahagslegri gjörgæslu.

*Fyrir tveimur mánuðum voru ekki miklar áhyggjur af einhverjum vírus*

Paolo Gentiloni, framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Evrópusambandinu, var bjartsýnn í febrúar við upphaf heimsfaraldursins þegar hann sagði:

„Horfur í efnahagslífi Evrópu eru fyrir stöðugan, að vísu léttvöxt á næstu tveimur árum. Þetta mun lengja lengsta tímabil vaxtar frá því að evran var tekin upp árið 1999, með samsvarandi góðum fréttum á atvinnumarkaðnum. Við höfum einnig séð hvetjandi þróun hvað varðar minni spennu í viðskiptum og ótta við að Brexit gangi í gegn án samninga. En við stöndum enn frammi fyrir verulegri óvissu sem varpar skugga á framleiðslu. Hvað varðar kórónavírusinn er of fljótt að meta umfang neikvæðra efnahagslegra áhrifa af völdum hans.“

Evrópusambandið hafði á þessum tímapunkti meiri áhyggjur af viðskiptastríði milli Bandaríkjanna og Kína og útgöngu Breta úr ESB en einhverri veirusýkingu. Nú hefur COVID-19 sýnt að kórónaveiran er mun meiri áhrifavaldur á heimsviðskiptin er deilur ráðamanna í Bandaríkjunum og Kína.

/HKr.



Höfuðstöðvar Evrópuráðsins í Brussel í Belgíu.



Paolo Gentiloni.



LÍF & STARF

## Brynja Davíðsdóttir á Selfossi er með keramikdellu:

# Málar fugla á bolla í gríð og erg við miklar vinsældir

**Vorið er komið og fuglarnir staðfesta það með komu sinni, einn af öðrum. Landsmenn hafa fagnað komu þeirra undanfarnar vikurnar og hafa talað mikið saman og deilt myndum á samfélagsmiðlum meðan á samkomubanninu stendur.**

Einn þessara landsmanna sem fylgist með komu farfuglanna er Brynja Davíðsdóttir, betur þekkt síðustu 25 árin sem „Brynja hamskeri“. Brynja er með meistarapróf í náttúru- og umhverfisfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands (2013) og hefur stundað diplómanám í leirlist í Myndlistaskólanum í Reykjavík í vetur.

Brynja hefur lengst af menntað sig og unnið störf sem tengjast varðveislu, vernd eða fræðslu um íslensku náttúruna og þá helst mófuglanna. Hún fagnaði því sérstaklega að fá að vinna heima undanfarinn mánuð þar sem hún hefur fengið útrás fyrir uppsafnaðri vinnugleðinni við frjálsa leirsköpun. Undanfarið rúmt ár hefur hún leirað fugla og dýr fríhendis í steinleir og rennt bolla sem hún teiknar á fuglamyndir og brennir svo við 1260 °C.

*Heilluð af fuglum*

„Mér hefur stundum fundist, hérlendis, fólk leyfa fuglafræðingum að tjá sig mest um fuglana, í stað þess að eigna sér þá fyrst og fremst sjálft með góðri þekkingu og hjartað að leiðarljósi. En það er að aukast að venjulegt fólk, konur og karlar, taki t.d. myndir af fuglum og deili á fuglasíðum samfélagsmiðlanna og ég fagna því sérstaklega því umræðan um algenga fugla er að verða meiri, og einskorðast ekki lengur við fuglafræðinga eða veiðimenn. Nú ber meira á því að fólk sýni áhuga á fuglunum, skilji lífshætti þeirra og nauðsyn þess að spilla ekki náttúrunni með aðgerðum sínum, heldur varðveiti það litla líf sem þrífst hér á þessari harðbýlu eyju. Ég hef verið heilluð af fuglum síðan ég var lítil, og mér finnst það forréttindi að fylgjast með þeim koma heim á vorin og ala upp sína unga áður en fer að dimma aftur í ágúst,“ segir Brynja.





Músarindill og hrossagaukur eru í uppáhaldi hjá Brynju, en hún teiknar fríhendis á bollana sína, sem hún handrennir líka svo engir tveir geta orðið eins.



Brynja, sem hefur heillast af keramiki, en bollarnir eru renndir og skreyttir af henni með handmáluðum íslenskum fuglum. Myndir / Úr einakasafni



Brynja hefur verið heilluð af íslensku bláklukkunum frá því að hún vann sem landvörður á Teigarhorni sumrin 2013 og 2014. Ljósmynd/úr einkasafni



Höfundarmerking er auðvitað á sínum stað.

*Ljáir náttúrunni rödd sína*

Brynja segir að leirlistin sín og uppstoppunin, sem hún stundar líka, sé hennar leið til að ljá náttúrunni rödd sem nær inn á heimili venjulegs fólks, til að minna okkur á hvað vorið og lífið á Íslandi er yndislegt og að við megum ekki gleyma því þó að við dveljum með hugann í mannheimum að stórum hluta. „Ég hef ótrúlega sterka köllun til að vinna með höndunum og hef verið með hugann við fugla og dýralíf heimskautanna frá því að ég man eftir mér. Ég vildi helst geta unnið eingöngu við það að skapa þessa list mína, og að varðveita og miðla þessari sögu og aðdáun minni á dýralífinu okkar.“

*Upplagðar tækifærisgjafir*

Nú í apríl hefur Brynja staðið fyrir sölu á bollum á instagram-síðunni sinni, „brynja.d“, og Facebooksíðunni „Brynja Leirlist“ og var þeim afar vel tekið, „Bollarnir og stytturnar hafa selst vel sem persónulegar eigur og tækifærisgjafir. „Nú er ég í óða önn að fylla brennsluofninn af fleiri fuglabollum sem verða birtir og seldir á síðunum mínum þar til ég get tekið á móti gestum í vinnuskúrnum mínum í Miðtúninu á Selfossi eftir 4. maí næstkomandi,“ segir Brynja. /MHH

UTAN ÚR HEIMI

## COVID-19 og kjötmarkaðurinn í Evrópu:

# Aukin frysting á kjöti rýrir gæði og eykur kostnað

**Hrun í rekstri veitingastaða og matvælaþjónustu í Evrópu vegna COVID-19 hefur leitt til aukinnar frystingar á kjötvörum. Það eykur kostnað og mun að mati kjötráðs Norður-Írlands (LMCNI) leiða til hækkunar á matvælaverði.**

Vegna stöðunnar á markaðnum hefur verið gripið til þess ráðs að frysta kjöt í auknum mæli. Talið er að um sé að ræða 36.000 tonn af kindakjöti og 25.000 tonn af nautakjöti. Það minnkar verðmæti kjötsins um leið og kostnaður hleðst upp vegna geymslu á kjötinu í þrjá til sex mánuði. Að þeim tíma loknum er áætlað að líf fari að færast í eðlilegra horf og viðskipti með kjöt að komast í eðlilegt ról. Evrópusambandið hefur því lagt fram tillögur um björgunaráætlun fyrir matvælageirann upp á allt að 80 milljónir evra til nautgriparæktarinnar, mjólkurframleiðslu og til kindakjötsframleiðslunnar til að mæta þessum kostnaði og tekjutapi framleiðenda. Þar af eiga 30 milljónir evra að fara til mjólkurframleiðslu, 26 milljónir til nautakjötsframleiðslu og 20 milljónir evra til kindakjötsframleiðslunnar. /HKr.

## Konur í kjötiðnaði hvetja greinina til að endurmeta allt framleiðsluferlið:

# Alþjóðlega kjötskrifstofan hvetur til sjálfbærari framleiðsluhátta

**Fyrirbæri sem kallast Alþjóðlega kjötskrifstofan, eða „International Meat Secretariat – IMS“, vinnur nú að því að fá kjötiðnað heimsins til að endurskilgreina sig og endurbæta framleiðsluaðferðir. Þar verði áherslan lögð á sjálfbærni, dýravelferð og framleiðslu á kjöti sem ekki ógni heilsu neytenda.**

Hugmyndin er runnin undan rifjum kjötviðskiptakvennanna Laura Ryan frá Bretlandi og Ashley Gray hjá World Butchers‘ Challenge í Ástralíu. Vinna við þetta verkefni hefur verið í undirbúningi um hríð en breyttar aðstæður vegna útbreiðslu COVID-19 hefur leitt til þess að verkefnið hefur komist á flug í gegnum vikulega fjarfundi.

*Vilja að kjötgreinarnar skapi sér jákvæðari ímynd*

Benda þær stöllur á að kjötframleiðendur vinni við stöðugt verri aðstæður við framleiðsluna sem gefi mjög neikvæð skilaboð út í samfélagið um neyslu á kjöti. Reynt hafi verið að sporna við þessu með einstaka herferðum sem leggja áherslu á að fólk kaupi kjötvörur úr nærsamfélaginu og styðji bændur sem hafa sjálfbæra framleiðslu að leiðarljósi. Þessa viðleitni þurfi að lyfta á hærra plan á alþjóðlega vísu. Vilja þær snúa þróuninni við og bæta ímynd kjötframleiðslu með bættu dýraeldi og framleiðsluháttum. /HKr.

Lely Center Ísland

# *Flott hliðgrind á lóðina þína!*

## Hliðgrindur - Ýmsar stærðir

| Númer | Lýsing | Verð án vsk. | Verð m/vsk. |
|---|---|---|---|
| F000 2147 03 | Hlið 7 slár 91.5 cm x 114 cm | kr. 12,899 | kr. 16,973 |
| F000 2147 04 | Hlið 7 slár 122 cm x 114 cm | kr. 14,964 | kr. 19,689 |
| F000 2147 05 | Hlið 7 slár 152.5 cm x 114cm | kr. 16,526 | kr. 21,745 |
| F000 2147 06 | Hlið 7 slár 183 cm x 114 cm | kr. 18,0710 | kr. 23,776 |
| F000 2147 07 | Hlið 7 slár 213 cm x 114 cm | kr. 19,617 | kr. 25,821 |
| F000 2147 08 | Hlið 7 slár 244 cm x 114 cm | kr. 24,278 | kr. 31,945 |
| F000 2147 10 | Hlið 7 slár 305 cm x 114 cm | kr. 28,178 | kr. 37,076 |
| F000 2147 11 | Hlið 7 slár 335 cm x 114 cm | kr. 33,785 | kr. 44,454 |
| F000 2147 12 | Hlið 7 slár 366 cm x114 cm | kr. 34,980 | kr. 46,026 |
| F000 2147 13 | Hlið 7 slár 396.5 cm x 114cm | kr. 36,858 | kr. 48,497 |
| F000 2147 14 | Hlið 7 slár 427 cm x 114cm | kr. 41,531 | kr. 54,646 |
| F000 2147 15 | Hlið 7 slár 457 cm x 114cm | kr. 42,135 | kr. 55,441 |
| F000 2147 16 | Hlið 7 slár 488 cm x 114 cm | kr. 47,122 | kr. 62,003 |
| F017 2002 46 | Staur 2,4m m/ læsigati +2 eyru | kr. 15,857 | kr. 20,865 |
| F017 2002 47 | Staur 2,4m 89 mm 4 eyru | kr. 16,899 | kr. 22,236 |









## *Gerðisgrindur*

**Gerum tilboð í magn eftir teikningum**



**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ergo



# Heyþyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun
en við fjármögnum hins vegar heyþyrlur.
Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

Kynntu þér möguleikana á ergo.is

LÍF & STARF

## Kraftvélar komið með umboð fyrir austurríska landbúnaðartækjaframleiðandann Pöttinger:

# Fjölskyldufyrirtæki með 149 ára sögu að baki

**Austurríski landbúnaðartækjaframleiðandinn og fjölskyldufyrirtækið Pöttinger hefur kynnt Kraftvélar sem nýjan umboðsaðila Pöttinger á Íslandi. Þetta þykja nokkuð stórar fréttir fyrir íslenskan landbúnað enda hafa Pöttinger vélarnar verið mjög vinsælar hér á landi í mörg ár.**

Pöttinger Landtechnik GmbH, hefur verið stýrt af fjórðu kynslóð Pöttinger fjölskyldunnar síðan 1991. Fyrirtækið var þó upphaflega stofnað af Franz Pöttinger í Grieskirchen árið 1871 og hefur alla tíð snúist að meira eða minna leyti um landbúnaðartæki. Sonur hans, Alois Pöttinger, tók við rekstrinum 1909. Þriðja kynslóðin, Hans og Heinz Pöttinger, tók síðan við stjórninni 1956. Fyrirtækið tók yfir rekstur á bæversku plógaverksmiðjunni árið 1975. Stjórnarskipti urðu síðan 1991 þegar fjórða kynslóð Pöttingersona, þeir Klaus og Heinz Pöttinger, tóku við rekstrinum.


Pöttinger er og hefur alla tíð, eða frá árinu 1871, verið með höfuðstöðvar í Grieskirchen í norðurhluta Austurríkis, nokkurn veginn miðja vegu milli austurrísku höfuðborgarinnar Vínar og þýsku borgarinnar München. Myndir / Pöttinger


Klaus og Heinz Pöttinger hafa stýrt fjölskyldufyrirtækinu frá árinu 1991.

### *Leiðandi á alþjóðlega vísu*

Fyrirtækið hefur verið leiðandi á alþjóðlega vísu og framleiðir bæði vélbúnað til margvíslegra nota í landbúnaði (jarð- og heyvinnslu) og háþróaðar tölvustýringar til nota í jarðrækt. Stjórnendur fyrirtækisins leggja áherslu á gæði, skilvirkni, hagkvæmni alls búnaðar til að auka sjálfbærni í landbúnaði. Þá eru umhverfismál líka ofarlega í huga stjórnenda. Hefur fyrirtækið sérhæft sig í smíði sáningartækja og í alhliða nýtingu á graslandi.


Pöttinger rúllubaggavélar.

Sala fyrirtækisins nemur um 450 milljónum evra á ári. Um 90% af sölu Pöttinger fer til útflutnings og um 10% á innanlandsmarkað. Megin markaður fyrir tækjabúnað Pöttinger er í Evrópu og þar er salan mest í Þýskalandi, eða um 20%, og um 16% í Frakklandi. Þá fer um 6% sölunnar til Bandaríkjanna og annarra landa utan Evrópu.


Viktor Karl Ævarsson segir val Pöttinger á Kraftvélum sem nýjum umboðsaðila á Íslandi mikinn heiður.

### *Með höfuðstöðvar í Grieskirchen*

Fyrirtækið er og hefur alla tíð verið með höfuðstöðvar í Grieskirchen í norðurhluta Austurríkis, nokkurn veginn miðja vegu milli austurrísku höfuðborgarinnar Vínar og þýsku borgarinnar München. Fyrirtækið er með umboðsaðila víða um heim.

Hefur Pöttinger hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir sína framleiðslu á liðnum árum og þar má t.d. nefna sláttuvélina Novacat Apha Motion Pro. Hún var valin heyvinnsluvél ársins 2020 á landbúnaðartækjasýningunni Agritechnica sem fram fór í Hanover í Þýskalandi í nóvember síðastliðnum. Pöttinger framleiðir líka öflugar rúllubaggavélar í nokkrum gerðum.


Novacat Apha Motion Pro sláttuvélin frá Pöttinger var valin heyvinnsluvél ársins 2020 á landbúnaðartækjasýningunni Agritechnica sem fram fór í Hanover í Þýskalandi í nóvember síðastliðnum.

### *Mikil viðurkenning*

„Við í Kraftvélum erum virkilega stolt af því að hafa verið valin umboðsaðili Pöttinger á Íslandi, það er mikil viðurkenning fyrir okkur að hafa orðið fyrir valinu enda er Pöttinger einn allra öflugasti framleiðandi heyvinnutækja í heiminum," segir Viktor Karl Ævarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Kraftvéla.

„Pöttinger er öllum bændum og verktökum vel kunnugt vörumerki enda með langa sögu hér á landi og einstaklega breitt vöruúrval.

Þrátt fyrir að flestir þekki Pöttinger fyrir framúrskarandi heyvinnutæki þá bjóða þeir líka upp á spennandi tæki til jarðvinnslu og við munum leggja metnað okkur í að kynna þau tæki líka. Þar ber helst að nefna plóga, herfi, tætara og sáðvélar."

### *Hætta með Fella, en tryggja áfram hnökralausa þjónustu*

„Eins og flestir vita þá hafa Kraftvélar verið að selja Fella heyvinnutæki í gegnum árin og eflaust margir að velta fyrir sér með framtíð Fella hér á landi. Það er mörgu ósvarað í þeim efnum en Kraftvélar og Fella eiga að baki langt samstarf og er það sameiginlegt markmið beggja aðila að eigendur Fella upplifi enga hnökra í þjónustu tækjanna sinna þrátt fyrir að Kraftvélar muni formlega hætta sem umboðsaðili Fella á Íslandi.

Viðskiptavinir sem hafa mögulega áhyggjur af sínum Fella tækjum mega vita að við munum áfram hafa beinan aðgang að Fella og allri þeirri þjónustu sem þeir bjóða upp á tengt varahlutum, þjónustu og ábyrgðarmálum í 12 mánuði að lágmarki.

Við hlökkum til þess að kynna og þjónusta Pöttinger vélar og hvetjum viðskiptavini til þess að setja sig í samband við sölumenn Kraftvéla fyrir allar nánari upplýsingar," segir Viktor Karl Ævarsson. /*HKr.*

UTAN ÚR HEIMI

# Umhverfisflokkurinn í Noregi vill banna verslun með villt dýr á alþjóðavísu

**Umhverfisflokkurinn í Noregi krefst þess nú að landið verði í fararbroddi við að stöðva verslun með villt dýr á alþjóðavísu. Í kjölfar kórónavírussins, sem átti upptök sín í Hubei-héraðinu í Kína, hafa stjórnvöld þar í landi nú bannað framleiðslu og sölu á villtum dýrum til matvælaneyslu. Talið er að smitið eigi upptök sín á matarmarkaði í bænum Wuhan í gegnum leðurblökur sem fólk neytti.**


Talið er að uppruna kórónaveirunnar sem orsakað hefur COVID-19 heimsfaraldurinn megi rekja til sölu og neyslu á leðurblökum í bænum Wuhan í Hubei-héraði í Kína. Þessi kínverska stúlka, Wang Megyun, sem notið hefur mikilla vinsælda fyrir ferðaþátt sinn á netinu, birti myndskeið af sér á vefsíðu að borða leðurblöku á kínversku veitingahúsi. Olli myndbandið miklu uppnámi og baðst stúlkan afsökunar á athæfi sínu.


Sigrid Z. Heiberg.

Nú hefur norski umhverfisflokkurinn farið fram á þingi þar í landi og krefst þess að Noregur fari fram í að fylgja þessu banni eftir á alþjóðavísu og benda á nokkrar ástæður fyrir því, ekki eingöngu að það geti valdið heimsfaraldri heldur einnig til smita til húsdýra. Þau benda einnig á að slík verslun valdi tapi á náttúru sem ógnar lífríkinu því þetta hafi áhrif á frævun, flóðavarnir, drykkjarvatnssíun og stjórnun á meindýrum svo fátt eitt sé nefnt. Slíkt bann við sölu á þessum dýrum mun ekki leggja nein mörk á landbúnað eða þróun hans, einungis stöðva ákveðna starfsemi sem er mjög skaðleg og án þess að það hafi áhrif á hagkerfi í heild sinni.

Í Kína er fyrst um sinn bannað að selja villt dýr til neyslu en enn er leyfilegt að selja villt dýr til vísindarannsókna, í lyfjaframleiðslu og til sýningar en hér er búið að setja á ákveðnar takmarkanir.

„Allar tegundir, líka við mannfólkið, erum háð náttúrunni til að lifa af. Nýir sjúkdómar og heimsfaraldrar eru einungis einn af þeim þáttum sem náttúran slær til baka eftir að mannfólkið hefur nýtt sér dýr og eyðilagt náttúruna. Slík verslun með dýr er ekki eingöngu vandamál í Kína heldur um allan heim sem leiðir ekki eingöngu af sér þjáningar fyrir blessuð dýrin heldur einnig til þess að tegundir deyja út og þá er hinn mikilvægi líffræðilegi fjölbreytileiki eyðilagður sem við mannfólkið erum háð og er bein ógn við velferð okkar um allan heim. Við megum engan tíma missa og verðum að grípa til aðgerða þegar í stað, á síðustu fjórum áratugum hefur jörðin misst 60 prósent af flokkum villtra dýra og við stöndum frammi fyrir sjöttu fjöldaútrýmingunni í sögu jarðarinnar. Síðast gerðist það þegar risaeðlunum var útrýmt fyrir 65 milljón árum síðan," segir Sigrid Z. Heiberg hjá norska umhverfisflokknum.

/*ehg - Nationen*




# Rúlluplast

**VISQUEEN POLYCROP**

**5 LAGA RÚLLUPLAST**



| | | Staðgreiðsluverð án vsk | Greiðslufrestur*) Tveir gjalddagar Verð án vsk |
|---|---|---|---|
| 75 cm x 1500 m | Hvítt | 9.900,- | 10.300,- |
| 75 cm x 1500 m | Ljósgrænt | 10.200,- | 10.610,- |
| 75 cm x 1500 m | Svart | 10.100,- | 10.500,- |
| 50 cm x 1800 m | Hvítt | 8.300,- | 8.630,- |

# Net og bindigarn

| | | Staðgr. án vsk | Greiðslufrestur*) 2 gjalddagar Verð án vsk |
|---|---|---|---|
| Piippo Magic Blue Rúllune | 1,23 m x 2.000 m | 13.950,- | 14.400,- |
| Piippo Magic Blue Rúllunet | 1,23 m x 3.090 m | 21.900,- | 22.780,- |
| Piippo Magic Blue Rúllunet | 1,30 m x 3.090 m | 22.400,- | 23.300,- |
| Piippo HYBRID rúllunet | 1,23 m x 4.000 m | 22.500,- | 23.400,- |
| Piippo HYBRID rúllunet | 1,23 m x 4.600 m | 29.500,- | 30.680,- |
| Piippo HYBRID rúllunet | 1,30 m x 4.000 m | 27.800,- | 28.910,- |
| Piippo Stórbaggagarn | 110 m/kg (10,5 kg hnota) | 4.040,- | 4.200,- |
| Piippo Stórbaggagarn | 130 m/kg (9 kg hnota) | 3.380,- | 2.990,- |
| Piippo Stórbaggagarn | 145 m/kg (9 kg hnota) | 3.380,- | 2.990,- |
| Piippo Baggagarn | 400 m/kg (5 kg hnota) | 1.920,- | 2.000,- |
| Piippo Rúllugarn | 1000 m/kg (5 kg hnota) | 1.970,- | 2.050,- |

**PIIPPO**




*) Gjaldfrestur - 2 gjalddagar: 50% greiðist 15. júlí 2020 og 50% greiðist 15. september 2020
Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts, 24,0%

**Sendum frítt á afgreiðslur Samskipa-Landflutninga um land allt ef pöntun er staðfest fyrir 15. maí 2020 (Lágmark 10 rúllur)**

**ÞÓR HF**

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500 | AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555 | Vefsíða og netverslun: www.thor.is

Íslensk útgáfa af hinum breska þjóðarrétti „fish and chips“:

# Harðfiskur og kartöfluflögur



Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

**Á undanförnum árum hefur verið unnið að hugmynd að íslensku nasli með íslensku hráefni, sem innblásið er af hinum breska þjóðarrétti „fish and chips“. Íslenska útgáfan er hins vegar ekki djúpsteiktur fiskur og franskar kartöflur, heldur harðfiskur og kartöfluflögur. Stefnt er á alþjóðlega markaðssetningu á næstu vikum.**

Rúnar Ómarsson er frumkvöðullinn sem stendur að þessu verkefni og hefur gengið með hugmyndina í maganum í nokkur ár. „Hann hefur verið frekar langur, fer aðeins eftir hvernig á það er litið. Ég fékk fyrst áhuga á markaðssetningu á sjávarafurðum þegar ég var um tvítugt, en þá var ég á frystitogara um sumarið og las bækur um markaðssetningu á frívöktum,“ segir hann spurður um aðdragandann að verkefninu.

*Viðurkenning á Sjávarútvegsráðstefnunni 2017*

„Vinur minn flutti til Þýskalands skömmu síðar og hóf störf við sölu á ferskum fiski frá Íslandi. Við ræddum nokkuð oft um hversu spennandi það væri að búa til alþjóðlegar neytendavörur úr íslenskum sjávarafurðum, en í stað þess að fara í þá vegferð þá stofnuðum við ásamt fleirum fyrirtækið Nikita Clothing, árið 2000, og byggðum upp alþjóðlegt vörumerki og fyrirtæki sem við enduðum svo á að selja úr landi árið 2011.

Við ræddum það reglulega hvað íslenskar sjávarafurðir væru spennandi og það kitlaði mig að búa til verðmæti þar, þegar að því kæmi. Ég fékk svo hugmyndina að „Fish and chips“ sem snakki eða skyndimáltíð árið 2016, fékk viðurkenningu fyrir hugmyndina á Sjávarútvegsráðstefnunni árið 2017, og hef verið að þróa hugmyndina, vöruna og markaðssetninguna síðan,“ segir Rúnar.



Rúnar Ómarsson.

*Íslenskt hráefni og framleiðsla á Íslandi*

Að sögn Rúnars er hráefnið íslenskt og fer framleiðslan fram á Íslandi. „Varan verður unnin í samstarfi við öflugan harðfiskframleiðanda annars vegar og kartöfluflöguframleiðanda hins vegar. Fiskurinn er frostþurrkaður þorskur, bitafiskur. Kannski verður boðið upp á ýsu líka þegar fram í sækir. Harðfiskurinn er súper-fæði, það vita Íslendingar. Hann inniheldur steinefni, vítamín og Omega-3 fitusýrur en auðvitað er það staðreyndin að hann er 84 prósent prótein sem gerir hann eftirsóknarverðan í svona skyndimáltíð. Kartöflurnar gefa svo kolvetni á móti fisknum, auk þess að vera ágætis vítamínuppspretta. Fiskur og kartöflur er einfaldlega frábær máltíð – og það að geta sett saman svona mikla næringu, heila máltíð, sem vigtar aðeins 100 grömm er kjörið fyrir svo marga á ólíkum forsendum.“

Til að byrja með verður boðið upp á tvær útgáfur af Fish and chips; annars vegar salti og pipar og hins vegar salti og ediki – sem er hin sígilda útgáfa bresku útgáfunnar. Meira verður af kartöfluflögunum í pokanum en harðfiskbitum, að sögn Rúnars, af tveimur ástæðum. „Hlutfallið af fisk á móti kartöflum ræðst annars vegar af hæfilegu próteininnihaldi máltíðar fyrir fullorðinn einstakling og svo hins vegar verðinu. Það þarf 160 grömm af fiskflökum til að framleiða þau 30 grömm af þurrkuðum fiski sem eru í hverjum poka, á móti 70 grömmum af kartöfluflögum. Það er álíka magn af fiski og er í venjulegum „fish and chips“ skammti í Bretlandi og víðar – og hæfilega mikið prótein í máltíð.




Fish & Chips með salti og pipar.

Ráðlagt smásöluverð miðað við gengið í dag verður 3.90 bresk pund, eða 4,50 evrur og USD. Það útleggst á 690 krónur á Íslandi.“

*Hefur sjálfur fjármagnað verkefnið hingað til*

„Ég hef fjármagnað verkefnið sjálfur hingað til, án styrkja eða fjárfesta. Það þarf að breytast fljótlega. Ég vinn fyrir mér, og fyrirtækinu, sem ráðgjafi í uppbyggingu fyrirtækja, vöruþróun, markaðssetningu og fleira, en á sumrin hef ég jafnframt starfað sem fjallahjólari fyrir Icebike Adventures. Þar hef ég haft tækifæri til að bjóða erlendum gestum að smakka vöruna sem ég hef verið að þróa, fólki alls staðar að úr heiminum. Það hefur verið gaman að sjá viðbrögðin og frábært sem hluti af vöruþróunarferlinu. Í sumar verður Icebike Adventures reyndar í fyrsta skipti með áherslu á fjallahjólaferðir fyrir Íslendinga, og að sjálfsögðu verður hægt að smakka snakkið mitt þar. Það verður gaman að sjá viðbrögð heimamanna.“




Sígilda útgáfa hins breska „fish and chips“ er með salti og ediki og hér eru umbúðirnar utan um þá útgáfu Rúnars og hans framleiðslu.

*Áhersla á útflutning*

„Varan kemur í sölu í núverandi mynd á næstu vikum. Áherslan verður á útflutning, enda held ég að ég sé ekki að fara að kenna Íslendingum að borða harðfisk,“ segir Rúnar um það hvort varan muni líka fást á Íslandi. „Ekki að ég útiloki að varan muni fást hér, heimamarkaði verður auðvitað sinnt líka, en umbúðirnar, samsetning vörunnar, bragðtegundirnar og hugmyndin í heild er hugsuð fyrir alþjóðlega markaðssetningu. „Fish and chips“ er ein þekktasta máltíð í heimi. Bara í Bretlandi eru snæddar um 300 milljón slíkar máltíðir á ári, að verðmæti sem nemur heildarútflutningi allra sjávarafurða frá Íslandi á ársgrundvelli.

„Fish and chips“ er jafnframt mjög vinsæl máltíð í Asíu, Bandaríkjunum og víðar, og markaðskannanir, sem Seafish og fleiri aðilar hafa gert, sýna að tugir milljóna neytenda hafa áhuga á að smakka hollari útgáfu af þessum geysivinsæla rétti.

Kartöfluflögur eru mest selda snakk í heimi. Þurrkaður fiskur er besti náttúrulegi próteingjafinn til að snæða með slíku snakki. Þessi skyndimáltíð á því erindi á heimsmarkað að mínu mati. Þótt markaðssetning sé í raun ekki hafin hafa dreifingaraðilar frá nokkrum löndum haft samband, til dæmis frá Bretlandi, Brasilíu og reyndar Suður-Ameríku í heild, Þýskalandi og Taívan. Við erum á fullu að undirbúa framleiðslu til að mæta þessum áhuga, sem ég er ekki í vafa um að mun aukast þegar alþjóðleg markaðssetning fer af stað.“ */smh*




# Akrahreppur skoðar aðstoð við ferðaþjónustuna

**Hjá Akrahreppi í Skagafirði er til skoðunar hvort sveitarfélagið komi með auknum hætti að því að efla ferðaþjónustu í hreppnum með tilliti til þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna COVID-19 heimsfaraldursins.**

Stjórn Félags ferðaþjónustunnar í Skagafirði hefur lýst yfir þungum áhyggjum vegna áhrifa heimsfaraldursins á ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu. Fyrirtækin sjá fram á tekjulausa mánuði frá því í mars og fram í maí eða jafnvel lengur. Leitaði félagið til Akrahrepps eftir úrræðum til að hjálpa ferðaþjónustufyrirtækjum í hreppnum til að komast í gegnum næstu mánuði svo sem með niðurfellingu eða lækkun á fastakostnaði til hreppsins.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða heimild til þess að næstu þrír gjalddagar fasteignagjalda hjá ferðaþjónustufyrirtækjum verði færðir aftur fyrir síðustu gjalddaga til að létta undir rekstri þeirra fram á haust að því gefnu að aðilar sækist eftir slíku. Þá er til skoðunar hvort sveitarfélagið komi með auknum hætti að eflingu ferðaþjónustu í Akrahreppi með tilliti til þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna COVID-19 heimsfaraldursins. */MÞÞ*



LÍF & STARF



Nú er beðið eftir svörum mennta- og menningamálaráðherra um hvað verði gert í heimavistarmálum Fjölbrautaskóla Suðurlands en engin heimavist hefur verið við skólann frá 2016. Mynd / MHH

## Samtök sunnlenskra sveitarfélaga:

# Krefjast heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands

**Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur sent áskorun til Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra þar sem skorað er á hana að aðhafast tafarlaust vegna undirbúnings húsnæðisúrræðis fyrir nemendur við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) á Selfossi vegna heimavistar við skólann.**

Rúmir þrír mánuðir eru nú síðan að þarfagreiningu var skilað til ráðherra eins og óskað hafði verið eftir en þrátt fyrir margítrekaðar beiðnir af hálfu Einars Freys Elínarsonar, formanns starfshóps SASS um heimavistina, og þrátt fyrir ítrekuð loforð ráðherra um að svör muni berast þá hafa engin skýr svör borist frá ráðuneytinu um stöðu málsins. Í áskoruninni stendur orðrétt:

„Sveitarstjórnir allra sveitarfélaga sem koma að rekstri skólans samþykktu haustið 2019 samhljóða ályktun þar sem þess er krafist að starfrækt verði heimavist við skólann. Ráðherra var afhent ályktunin á fundi í september 2019. Aðdragandi málsins er þó enn lengri enda hafa Samtök sunnlenskra sveitarfélaga ítrekað ályktað um málið frá árinu 2016 þegar starfsemi heimavistar var hætt og því ekki um nýtt mál á borði ráðuneytisins að ræða.“ /MHH

MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

DEEGAN 38 A/T
BAJA MTZp3
BAJA ATZp3
DEEGAN 38
BAJA CLAW
BAJA CLAW TTC
Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is

HEFURÐU ÁHUGA Á AÐ VIRKJA LÆKINN ÞINN?
ÚTHLUTUN ÚR SMÁVIRKJANASJÓÐI NORÐURLANDS VESTRA - SKREF 1
SMÁVIRKJANASJÓÐUR
ssnv
SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA
Tilgangur smávirkjanasjóðs Norðurlands vestra er að styrkja fyrstu skrefin í rannsóknum á mögulegum rennslisvirkjunum undir 10 MW að stærð á Norðurlandi vestra.
Sjóðurinn veitir styrki til:
• Skref 1: Frummat smávirkjana.
• Skref 2: Mat á virkjanlegu rennsli, frummat hönnunar og byggingarkostnaðar.
Að þessu sinni er auglýst eftir umsóknum í Skref 1: Frummat smávirkjana.
Öll gögn varðandi umsóknarferlið er að finna á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra: www.ssnv.is.
Umsóknir skulu sendar á netfangið: ssnv@ssnv.is
Nánari upplýsingar veitir Ingibergur Guðmundsson, ingibergur@ssnv.is, s. 892 3080.
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 2. JÚNÍ 2020


BRIGGS & STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

Lely Center Ísland

ALTERNATORAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600




REKSTRARLAND ER BAKHJARL BÆNDA
Í Rekstrarlandi fást allar almennar rekstrarvörur fyrir landbúnað. Nilfisk háþrýstidælur, Exide rafgeymar, gæðasmurefni og olíur á vélarnar, Ecolab lágþrýstiþvottatæki ásamt hreinsiefnum, sótthreinsandi og græðandi vökvar fyrir spena og júgur.
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17
REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is
olís REKSTRARLAND



Þórdís Þórarinsdóttir fyrir framan Minjasafnið á Bustarfelli í Vopnafirði þar sem hún hefur unnið sem safnvörður síðastliðin þrjú sumur. Myndir / Úr einkasafni

## Meistaravörn Þórdísar Þórarinsdóttur í búvísindum við LBhÍ fór fram í gegnum Zoom fjarfundabúnað:

# Er að taka við búinu á Bustarfelli í Vopnafirði með unnusta sínum

**Þórdís Þórarinsdóttir varði meistararitgerð sína í búvísindum við ræktunar og fæðudeild Landbúnaðarháskóla Íslands mánudaginn 27. apríl síðastliðinn. Í ljósi aðstæðna fór vörnin fram á netinu, í gegnum Zoom fjarfundabúnað, og gekk vel. Nafnið á ritgerð Þórdísar er: „Erfðastuðlar og erfðaþróun frjósemiseiginleika í íslenska kúastofninum“, og á ensku er titillinn „Genetic Parameters and Genetic Trends of Female Fertility in Icelandic Dairy Cattle“.**

Leiðbeinendur Þórdísar voru dr. Elsa Albertsdóttir hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og dr. Susanne Eriksson hjá Sænska landbúnaðarháskólanum (SLU). Emma Eyþórsdóttir, dósent við LbhÍ var ábyrgðarmaður háskólans með verkefninu. Prófdómari var dr. Ágúst Sigurðsson, kynbótafræðingur og sveitarstjóri Rangárþings ytra. En hver er Þórdís Þórarinsdóttir og hvað ætlar hún sér í framtíðinni?

### *Ólst upp á bænum Keldudal í Skagafirði*

„Ég er fædd árið 1995 og ólst upp á kúabúinu Keldudal í Skagafirði þar sem foreldrar mínir, Guðrún Lárusdóttir og Þórarinn Leifsson, eru bændur. En ég er reyndar hálf skaftfellsk af því mamma er frá Kirkjubæjarklaustri. Ég á tvö yngri systkini, þau Sunnu og Þorra. Ég var í grunn- og framhaldsskóla á Sauðárkróki, síðan lá leiðin í BSc nám í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands og núna er ég að ljúka MSc námi í búvísindum við LbhÍ. Í MSc náminu tók ég eina önn í skiptinámi við sænska Landbúnaðarháskólann í Uppsölum,“ segir Þórdís, sem hefur unnið í sveitinni sinni heima í Keldudal frá því að það varð eitthvert gagn í henni eins og hún segir sjálf. „Síðastliðin þrjú sumur hef ég hins vegar unnið sem safnvörður við Minjasafnið á Bustarfelli í Vopnafirði ásamt því að sinna ýmsum sveitastörfum. Ég og unnusti minn, Eyþór Bragi, erum að taka við sauðfjárbúi foreldra hans á Bustarfelli.“



Þórdís og Eyþór, unnusti hennar, á fallegu vopnfirsku sumarkvöldi 2019. Mynd / Einkasafn



Fjölskyldumynd frá síðustu áramótum, Þórdís ásamt foreldrum sínum, Þórarni Leifssyni og Guðrúnu Lárusdóttur, og systkinum, þeim Þorra og Sunnu.

### *Elskar náttúruna og dýrin*

Þegar Þórdís er spurð af hverju hún hafi svona mikinn áhuga á landbúnaði og sveitinni er hún fljót til svars.

„Ég hef alltaf verið mikil sveitakona og elska náttúruna og dýrin, enda elst ég upp í því umhverfi. Það var alltaf planið hjá mér að fara í LbhÍ og afla mér þekkingar um landbúnað.“

### *Vörnin gekk vel*

Vörnin á meistararitgerð Þórdísar gekk ljómandi vel þrátt fyrir skrítnar aðstæður vegna COVID-19.

„Já, já, hún gekk mjög vel, þó það hafi auðvitað verið svolítið sérstakt að ég og allir gestir varnarinnar sátum heima hjá okkur við tölvuna. Ég var hóflega stressuð enda gat ég bara verið heima í rólegheitum. Ég reyndi eftir bestu getu að svara spurningum prófdómarans og spurningum frá áhorfendum og vona að það hafi tekist vel. Ég fékk margar áhugaverðar spurningar, bæði um viðfangsefni ritgerðarinnar og einnig spurningar út fyrir efni hennar.“

### *Kýr og sæðingar úr Huppu*

Þórdís er þvínæst spurð af hverju hún hafi ákveðið að skrifa meistararitgerð um „Erfðastuðla og erfðaþróun frjósemiseiginleika í íslenska kúastofninum“ en ekki eitthvað allt annað.

Þórdís hlær og segir: „BSc verkefnið mitt fjallaði einnig um kýr og ég vildi endilega halda áfram á því áhugasviði. Pabbi er í fagráði nautgriparæktarinnar og sýndi mér lista yfir möguleg verkefni sem væri æskilegt að koma í gagnið hérlendis. Verkefni um nýtt frjósemismat fyrir íslenskar kýr var efst á listanum og mér leist bara ljómandi vel á það. Ritgerðin er mjög hefðbundin en rannsóknarvinnan sjálf var öll fyrir

framan tölvuskjá með gögn um kýr og sæðingar úr Huppu.“

### *Niðurstaða ritgerðarinnar*

Það leikur eflaust mörgum forvitni á að vita að hverju Þórdís komst í ritgerð sinni og hver niðurstaða hennar er eftir svona stórt verkefni.

„Já, þegar stórt er spurt en helstu niðurstöður eru að ekki ætti að skilgreina frjósemi óborinna kvígna og frjósemi mjólkandi kúa sem sama eiginleikann. Einnig að fylgni frjósemi og afurða er óhagstæð og jafnframt er óhagstæð erfðaþróun í getu kúa til að festa fang eftir að sæðingar hefjast. Í lok ritgerðarinnar legg ég til að núverandi frjósemiseiginleika, „Bil á milli burða“, verði skipt út fyrir þrjá eiginleika í nýju frjósemiskynbótamati: 1) Fanghlutfall við fyrstu sæðingu fyrir kvígur, 2) Bil á milli burðar og fyrstu sæðingar (dagar), 3) Bil á milli fyrstu og seinustu sæðingar (dagar).“

### *Úrelt kynbótamat fyrir frjósemi*

*– En munu niðurstöðurnar koma íslenskum kúabændum vel að notum?*

„Já, vegna þess að núverandi kynbótamat fyrir frjósemi er orðið úrelt og löngu kominn tími á að breyta til hins betra. Frjósemi í íslenskum kúm hefur dalað undanfarin ár og ekki seinna vænna að koma í veg fyrir frekari neikvæða þróun. Ef tillögur ritgerðarinnar komast í gagnið ætti að fást betra mat á frjósemi dætra sæðingarnauta fyrr en við núverandi mat.“

### *2,9 kálfar á kú*

Þegar Þórdís fékk spurninguna um hvað íslenska kýrin eigi að jafnaði marga kálfa á sínu æviskeiði kemur fram hjá henni að í niðurstöðum skýrsluhalds hjá RML fyrir 2019 kemur fram að meðalfjöldi burða við förgun er 2,9. „Það er dýrt að ala upp kvígur í 2+ ár fyrir fyrsta burð, svo því fleiri kálfum sem kýrnar bera, því betra. Svo lengi sem heilsufar og annað slíkt sé í lagi. Frjósemi og ending eru mikilvægir þættir í hagkvæmri nautgriparækt,“ segir Þórdís.

### *Stærri bú og fleiri mjaltaþjónar*

*– Að lokum er Þórdís spurð hvernig hún sjái kúabúskap á Íslandi þróast næstu árin og hvernig henni lítist á stöðu greinarinnar í dag.*

„Ég sé fram á áframhaldandi þróun síðustu ára, stærri bú, fleiri mjaltaþjóna og frekari framfarir í afurðum. Ég vona að íslenskir kúabændur verði jákvæðir gagnvart framtíðaráskorunum og geri sér grein fyrir að þeir eru að taka þátt í því að vernda verðmætan kúastofn sem er einstakur á heimsvísu. Ég vil hvetja bændur til að vera duglegir að sæða kvígur og kýr og taka þannig virkan þátt í mikilvægu kynbótastarfi sem stuðlar að erfðaframförum í kúastofninum og er okkur öllum í hag. Hvað sjálfa mig varðar þá er ég harðákveðin að starfa við landbúnað á einn eða annan hátt í framtíðinni.“

/MHH

## Hraðaspurningar á Þórdísi



***Fallegasti staður á Íslandi?*** – Sunna systir verður mjög móðguð ef ég segi eitthvað annað en Skagafjörður.
***Uppáhalds bílategund?*** – Veit ekkert um bíla, annars Massey Ferguson.
***Hvað finnst þér best að drekka?*** – Ískalda mjólk úr mjólkurtanknum í Keldudal.
***Fallegasta kúanafnið?*** – Huppa er voða klassískt.
***Uppáhaldstala?*** – Pass.
***Hvað er það besta sem þú færð að borða?*** – Grillaðir ærvöðvar.
***Landbúnaðarháskóli Íslands, hvað er best við skólann?*** – Lítið samfélag af fólki sem hefur sömu áhugamál og ég.
***Hvaða íslenski tónlistarmaður er í mestu uppáhaldi hjá þér?*** – GDRN
***Undanrenna, léttmjólk eða nýmjólk?*** – Ísköld mjólk úr mjólkurtanknum í Keldudal.
***Fyrirmyndin þín í lífinu?*** – Foreldrar mínir og ömmur og afar.
















# Bændalúrinn er öllum hollur

## – Blundur á miðjum degi hefur ótrúlegan eflingarmátt

**Streita og kulnun eru algengari en flesta grunar og eru þá engar starfsstéttir undanskildar. Flestir fá vægari einkenni streitu en vilja sjaldnast viðurkenna þau. Besta leiðin til að koma í veg fyrir kulnun er að þekkja einkennin og beita forvörnum.**

Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir og framkvæmdastjóri Streituskólans, segir að ólík hugsun og ólík menning einkenni oftast ólíkar starfsstéttir. „Við vitum að konur leita sér fyrr aðstoðar en karlmenn ef þörf er fyrir hana og við vitum að í mörgum stéttum er menning fyrir því að sýna ekki veikleikamerki þó slíkt hafi verið að breytast undanfarin ár.

Hvað varðar bændur og fólk á landsbyggðinni hefur það orðið út undan hvað þessa þjónustu varðar. Það er oft langt að sækja þjónustu og fræðslu og það hefur sýnt sig að því lengra sem er í þjónustuna því seinna sækist fólk eftir henni. Annað sem einnig er vitað er að því minna sem fólk veit um þjónustu því ólíklegra er það til að nýta sér hana og forvarnafræðsla og efling eru nýjungar sem sprottið hafa fram innan vinnuverndar fyrirtækja en ættu að vera öllum aðgengileg.“



### Streituráð

- Leggðu þig fram um að greina álagsþættina í lífi þínu. Það er mikilvægt að þú áttir þig á hvað veldur þér streitu, bæði í starfi og einkalífi. Sumu getur maður breytt, öðru ekki. Oft eru streituvaldar lúmskir. Einföld verkefni og auðleysanleg geta vafist óþarfalega mikið fyrir okkur. Stundum eru streituvaldarnir alls ekki neikvæðir. Það er jákvætt að takast á við barnauppeldi og búrekstur en því fylgir álag að vera alltaf til staðar og viljinn til að gera vel og það getur valdið álagseinkennum gæti maður ekki að sér.
- Ósjálfráð fyrstu viðbrögð við streitu eru ekki alltaf heppileg. Dæmi um slíkt er meðvirkni. Að láta sem ekkert sé og gera ekkert í málinu. Skylt þessu er frestun.
- Mótaðu betri viðbrögð til að bregðast við með gagnlegri hætti, leita lausna, sækja stuðning og ýta burt hugsunum um mál sem ekki er hægt að hafa áhrif á.
- Tileinkaðu þér lífstíl með sálfélagslegum forvörnum og gættu vel að hvíld. Samvera, samhugur og hjálpsemi skiptir líka miklu máli.

Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir og framkvæmdastjóri Streituskólans. Mynd / HKr.



Dr. Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir félagsráðgjafi.




Helga Hrönn Óladóttir, umdæmisstjóri Streituskólans á Norðurlandi.

### Geðheilsa bænda

Ólafur Þór segir að fyrir um það bil tíu árum hafi læknarnir Kristinn Tómasson og Gunnar Guðmundsson gert merkilegar rannsóknir á heilsufari íslenskra bænda. „Hluti af þeim rannsóknum beindist að geðheilsu og sýndu að geðheilsa bænda væri svipuð og hjá öðrum stéttum en um leið að þeir leiti sér síður aðstoðar sé hennar þörf.

Búskapur er álagsstarf og menn mikið einir og sjaldan hægt að komast í burtu í frí. Álagsþættir bænda eru ekki bara bindingin sem felst í búrekstri því þeir hafa einnig fjárhagsáhyggjur, enda reka þeir bæði bú og heimili. Eitt af því sem hefur komið á óvart er að margir bændur eru haldnir tæknistreitu vegna allra þeirra nýjunga sem þeir þurfa að takast á við og kynna sér.

### Streita og kulnun

„Það sem við köllum streitu kemur fram í nokkrum stigum og eru vefræn eða sálræn viðbrögð við álagi. Fyrstu einkennin eru þreyta og vöðvabólga sem lagast með hvíld. Annað stig streitu er það sem við köllum kulnun sem er sálfræðileg lýsing á ástandi þar sem fólk hættir að hvílast, það verður kvíðið og dapurt og þreytt og skapbreytingar geta verið tíðar. Þess konar ástand hverfur yfirleitt eftir góða hvíld og það hafa flestir lent í þessu á einhverjum tíma.



Aldís Arna Tryggvadóttir, umdæmisstjóri Streituskólans á Vesturlandi og markþjálfi, að störfum.

Alvarlegri stig kulnunar lýsa sé með truflum á hvíld, slökun og svefni og eftir að það gerist er viðkomandi kominn í vítahring sem erfitt getur verið að losna úr. Lokastigið er svo sjúkleg streita sem flokkast sem sjúkdómur þar sem auk fyrrgreindra einkenna fylgja alls konar verkir og einnig það sem kallast vitræn einkenni sem geta verið minnistruflanir, einbeitingarskortur, skert álagsþol og mikil andleg og líkamleg þreyta sem lagast ekki við venjulega hvíld.

Besta leiðin til að koma í veg fyrir að svona ástand skapist eru forvarnir eins og fræðsla, ráðgjöf, stuðningur og ef á þarf að halda meðferð.

Ólafur Þór segir að í sjúkdómsferlinu sé eins konar taktur þar sem fólk dettur inn og út og smám saman dýpka öldurnar og það þarf sífellt minna til að lenda undir brotinu. Því lengur sem ástandið hefur varað því erfiðara er að komast út úr því vegna þess að vanlíðan er orðin mikil og vinnugetan jafnvel skert.

Því miður erum við að sjá þetta gerast víða innan fyrirtækja þar sem fólk er að berja sig mikið áfram eða að fyrirtækin krefjast of mikils af fólki. Persónugerðirnar sem hættast er við kulnun í starfi eru þeir sem eru of nákvæmir, samviskusamir og markvissir í starfi og bíta á jaxlinn hvað sem á dynur.“

### Forvarnir besta vörnin

„Oft er það svo að fólk vill ekki viðurkenna eða verður ekki vart við að einkenni kulnunar séu til staðar hjá því sjálfu og þá getur verið nauðsynlegt að opna eyrun fyrir því sem aðrir og umhverfið segir og fara eftir ráðum annarra.

Karlmenn sem þjást af streitu eiga það til að halla sér að áfengi til að slaka á og bæta svefn en það er skammgóður vermir því að til lengri tíma litið dregur áfengisneysla úr svefngæðum og eykur enn á vandann og langtímaneysla áfengis veldur yfirleitt depurð.“

Ólafur segir að besta ráðið til að draga úr streitu séu forvarnir og gæta að hvíldinni því hún sé lykilatriðið. Það sem gerist í sjúklegri streitu er að streituhormónin, Cortisol, sem heilinn stjórnar og er framleiddur í nýrnahettunum, er í of miklu magni í líkamanum og veldur allskonar slæmum áhrifum. Færi vita að einnig er til svokallað hvíldarhormón, Dehydroepiandrosterone, sem myndast við slökun og eykur vellíðan og styrkir heilavefinn eins og besta yngingarmeðal.

„Bændur þekkja bændalúrinn sem er blundur á miðjum degi með góðri slökun og hefur ótrúlegan eflingarmátt á sál og líkama. Auk þess sem öll hreyfing, sem bændur stunda mikið, er öllum holl.“

### Streituskólinn

Fyrirtækið sem rekur Streituskólann heitir Forvarnir og í nafninu felst yfirlýsing um starfsemi þess. „Starfsemi fyrirtækisins er víðtæk og það sinnir meðal annars einstaklingsþjónustu, ráðgjöf fyrir fyrirtæki og rannsóknum. Heitið Streituskólinn er í senn jákvætt og fyndið og fólk er ekki eins hrætt við það eins og orðin þunglyndi eða kvíði. Streituskólinn er ekki heldur skóli í hefðbundinni merkingu orðsins heldur frekar kennslufyrirkomulag sem er allt frá því að það komi einn í viðtal, vera fyrirlestur fyrir marga eða fastur liður í starfsemi fyrirtækja og stofnana.

Kjörorð skólans er: „Fræðsla til forvarna“ og starfsemi hans miðar að því að nýta þekkingu og rannsóknir úr vísinda- og þekkingarheiminum og setja fram á sem gagnlegastan hátt og vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi geðheilbrigðis.

Við sem að Streituskólanum stöndum erum af landsbyggðinni og höfum gert og haft gaman af því að fara út á land og vinna þar. Breyttir tímar eins og nú gera það að verkum að við höfum aukið notkun á fjarbúnaði og getum boðið alla okkar þjónustu gagnvirkt í gegnum hann. Auk þess sem við erum með útibú á Akureyri og á Vesturlandi.“ Nánari upplýsingar um Streituskólann má nálgast á www.stress.is og facebooksíðu skólans. /VH


# Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VÞ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

# ÍSTEKA

## Tekjumöguleiki - Blóðgjafir fylfullra hryssa

**Ísteka óskar eftir samstarfi við bændur um söfnun á blóði úr hryssum.**
**Miklir tekjumöguleikar fyrir bændur sem eiga eða geta komið sér upp hrossastóði.**

**Sauðfjárbændur athugið að hér gæti verið tækifæri til að fækka fé og fara í hrossarækt.**
**Lítill upphafskostnaður.**
**Ísteka veitir stuðning og ráðgjöf.**

**Frekari upplýsingar fást hjá Ísteka í síma 581-4138**
**eða með fyrirspurn á netfangið blodgjof@isteka.com**

Hjá Ísteka ehf. er unnið við þróun og framleiðslu á próteinlyfjum (biologics) og mælisettum (diagnostic kits) fyrir erlenda markaði. Starfsemin er GMP vottuð og framleiðsluferlar og starfshættir samþykktir af lyfjastofnunum út um allan heim, m.a. af FDA í USA.
Ísteka er á lista Creditinfo um framúrskarandi fyrirtæki.



BYKO







## Girðingar-staurar



## Túngirðingarnet og gaddavír



## Hliðgrindur

120/240/366/420cm






bondi@byko.is

# Stöðluð stálgrindarhús

• Tilbúnar teikningar sem styttir byggingartíma um 4-6 vikur • Staðlaðar byggingar þýðir lægra verð
• Húsin uppfylla álagskröfur hvar sem er á landinu • Galvaniserað stál tryggir endingu

**Hjá BYKO er nú mögulegt að kaupa staðlaðar stálgrindarskemmur í þremur stærðum; 150m², 250m² og 350m².**

Allt burðarvirki er heitgalvaniserað og er sérsmíðað fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó-og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu-og vélaskemmur í öllum landshlutum. Veggir húsanna eru klæddir 60mm PIR yleiningum og 80/125mm PIR yleiningar eru á þökum og uppfylla einangrunarkröfur byggingareglugerðar fyrir slík hús. Yleiningarnar festast á galvaniseraða z-prófíla. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingaleyfi ásamt teikningum af sökkli og plötu og vinnuteikningum (burðarþolsteikningum). Reyklosunarplötur eru á þaki sem jafnframt hleypa inn birtu.

Húsin koma með einni keyrsluhurð, tveimur gönguhurðum og einum tvískiptum glugga með opnanlegu fagi. Mögulegt er að bæta við gluggum á hliðar húsanna.

Stöðluðu húsin koma án renna en mögulegt er að bæta við rennum.

Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar, utan sem innan.

**150m²**
stöðluð stálgrindarskemma



**Lengd (utanmál):** 15.040 mm
**Breidd (utanmál):** 10.040 mm
**Minnsta breidd að innan í gólfhæð:** 9.440 mm
**Minnsta lengd að innan í gólfhæð:** 14.600 mm
**Vegghæð (utanmál):** 3.800 mm
**Minnsta vegghæð að innan:** 3.318mm
**Mænishæð (utanmál):** 5.567 mm
**Minnsta mænishæð að innan:** 4.957 mm

**250m²**
stöðluð stálgrindarskemma



**Lengd (utanmál):** 20.870 mm
**Breidd (utanmál):** 12.040 mm
**Minnsta breidd að innan í gólfhæð:** 11.320 mm
**Minnsta lengd að innan í gólfhæð:** 20.480 mm
**Vegghæð (utanmál):** 4.303 mm
**Minnsta vegghæð að innan:** 3.739mm
**Mænishæð (utanmál):** 6.647 mm
**Minnsta mænishæð að innan:** 5.906 mm

**350m²**
stöðluð stálgrindarskemma



**Lengd (utanmál):** 23.450 mm
**Breidd (utanmál):** 15.040 mm
**Minnsta breidd að innan í gólfhæð:** 14.260 mm
**Minnsta lengd að innan í gólfhæð:** 1423.010 mm
**Vegghæð (utanmál):** 4.329 mm
**Minnsta vegghæð að innan:** 3.692 mm
**Mænishæð (utanmál):** 7.199 mm
**Minnsta mænishæð að innan:** 6.493 mm

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

**Ánægðustu viðskiptavinirnir þriðja árið í röð!**

Takk aftur!



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

LÍF & STARF

## Rannsóknin Byggðafesta og búferlaflutningar: Íslensk sveitasamfélög

# Bróðurpartur íbúa hefur búið annars staðar en í sveitinni

## – Yfir 90% íbúanna telja ólíklegt að þeir flytji úr sveitinni á næstu tveimur til þremur árum

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



**„Sú mynd er stundum dregin upp af íslensku sveitafólki að það sé ýmist rótfast í fortíð sveitarinnar eða á leiðinni til framtíðarinnar á mölinni. Þetta þrástef má til dæmis sjá í mörgum íslenskum bíómyndum, alveg frá Landi og sonum og Óðali feðranna til Hrúta og Héraðs," segir Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, sem stýrir rannsókninni Byggðafesta og búferlaflutningar: Íslensk sveitasamfélög.**

Vísbendingar eru um að íbúar í strjálbýli séu fjölbreyttur og hreyfanlegur hópur. Langflestir íbúanna hafa reynslu af því að búa annars staðar en hafa kosið að búa í sveitinni. Það á bæði við um þá sem snúa heim á ný og hina sem eiga þar engar rætur en kjósa sér líf og störf í dreifbýli.

Rannsóknin stendur enn yfir og hvetur Þóroddur íbúa í íslenskum sveitasamfélögum eindregið til að taka þátt í könnuninni. Alls hafa borist um 2.000 svör en til að hægt sé að draga áreiðanlegar ályktanir af könnuninni segir Þóroddur að helst þyrfti að fá a.m.k. 4.500 svör. Könnunin er hluti af samstarfsverkefni Byggðastofnunar og háskólanna og fjallar um byggðafestu og búferlaflutninga á Íslandi. Sambærileg könnun var gerð í þorpum og smærri bæjum á síðasta ári og stefnt er að því að gera slíkar kannanir á stærri þéttbýlisstöðum næsta vetur.



Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, stýrir rannsókninni Byggðafesta og búferlaflutningar: Íslensk sveitasamfélög. Mynd / Skafti

### *Þriðjungur hefur búið erlendis*

Þau svör sem þegar hafa borist gefa áhugaverðar vísbendingar. Sem dæmi nefnir Þóroddur að yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda í íslenskum sveitum og öðru strjálbýli hefur reynslu af því að búa annars staðar. Einungis 17% íbúa í strjálbýlinu hefur aldrei búið annars staðar, rúmlega helmingur þátttakenda hefur búið á höfuðborgarsvæðinu og um tveir þriðju hafa búið annars staðar á Íslandi. Þá hefur rúmlega þriðjungur búið erlendis. „Þetta gengur þvert gegn viðteknum hugmyndum um að íbúar í strjálbýli séu upp til hópa rótfastir í sinni fæðingarsveit. Þvert á móti hafa flestir svarenda valið að flytja í sveitina, annaðhvort sem nýir íbúar eða snúið heim í heimahagana," segir Þóroddur.

### *Fáir hugsa sér til hreyfings*

Þá benda fyrstu niðurstöður til þess að lítill minnihluti íbúa í strjálbýli hugsi sér til hreyfings á næstu tveimur til þremur árum. Um 80% segjast líklega eða örugglega ekki munu flytja og 12% til viðbótar segja það óvíst. Aðeins 8% telja líklegt að þau muni flytja, þar af ætla 3% örugglega að flytja.

„Þegar litið er til framtíðar er tiltölulega lítill hluti íbúanna sem hyggst flytja búferlum á næstu árum. Yngra fólkið er í miklum meirihluta í þeim hópi eins og vera ber – það er varla markmiðið að fólk lifi öllu sínu lífi á sömu torfunni. Það er ekki áhyggjuefni að ungt fólk vilji flytja á brott, skoða heiminn og kynnast nýju fólki. Sumir koma aldrei aftur eins og gengur, en framtíð fámennra samfélaga veltur ekki á því að enginn flytji á brott heldur því hvort sumir snúi til baka og hvernig tekið er á móti nýjum íbúum sem vilja ganga til liðs við samfélagið," segir Þóroddur.

### *Haldbærar upplýsingar um viðhorf og framtíðaráform fólks mikilvægar*

Bændur í öllum greinum landbúnaðar eru 58% þeirra sem svarað hafa könnuninni. Um þriðjungur þeirra telur að börn þeirra eða aðrir í fjölskyldunni muni taka við búinu þegar þeir hætta búskap en tveir af hverjum fimm telja það ólíklegt eða útilokað. Um fjórðungur er óviss um það.

„Það er rétt að staldra aðeins við þær niðurstöður að aðeins þriðjungur bænda telji það líklegt eða öruggt að einhver í fjölskyldunni taki við búinu en fjórðungur telji það óvíst. Það er auðvitað ákveðið hættumerki en það mætti líka færa rök fyrir því að þar séu ákveðin sóknarfæri. Ef vel er stutt við kynslóðaskipti í landbúnaði gæti meirihluti lögbýla verið áfram í höndum ungra bænda sem ólust þar upp, en jafnframt verða augljóslega vistaskipti á mörgum bæjum. Þar getur auðvitað brugðið til beggja – eða kannski margvíslegra – vona. Sums staðar hefja kannski nýjar fjölskyldur hefðbundinn búskap eða finna sér nýjar leiðir til framfærslu í sveitinni. Annars staðar er hugsanlegt að jarðir fari í eyði eða hverfi undir sumarhúsabyggð, og eflaust verða fleiri jarðir leikvellir íslenskra eða erlendra auðmanna í framtíðinni. Þetta er samt ekkert náttúrulögmál, við getum haft mikil áhrif á þróunina til framtíðar og þá skiptir öllu máli að hafa haldbærar upplýsingar um viðhorf og framtíðaráform fólks í stjálbýli," segir Þóroddur.

### *Íbúar strjálbýlis hvattir til að taka þátt*

Hann segir að rétt sé að ítreka að þessar niðurstöður gefi aðeins ákveðna vísbendingu, það skipti öllu máli að sem flestir íbúar í sveitum og öðru strjálbýli taki þátt í könnuninni. „Það er ekki nóg að einn á hverju heimili taki þátt, við þurfum að heyra frá körlum og konum, ungum og öldnum, bændum, kennurum, vélsmiðum og forriturum og svo framvegis, sem sé – öllum íbúum í strjálbýli," segir Þóroddur. Og hvetur alla íbúa í strjálbýli 18 ára og eldri til að taka þátt en könnunina má finna á slóðinni www.byggdir.is.




## Hafnarsjóður Skagafjarðarhafna:

# Aukin umsvif og meiri tekjur

**Umsvif hafnarsjóðs Skagafjarðarhafna hafa aukist mikið hin síðari ár og hafa tekjur sjóðsins til að mynda ríflega tvöfaldast frá því árið 2015. Þetta kom fram í máli Dags Þórs Baldvinssonar hafnarstjóra sem fór yfir ársyfirlit Skagafjarðarhafna fyrir árið 2019 á fundi nýverið.**

Á fundinum var farið yfir verkefni næstu ára, m.a. breytingar og viðbætur í Sauðárkrókshöfn og Hofsóshöfn, móttöku skemmtiferðaskipa á Sauðárkróki og fleira. Alls er búið að bóka 14 komur skemmtiferðaskipa á Sauðárkók á næstu þremur árum, tveimur í ár, átta árið 2021 og fjórum árið 2022.

Á samgönguáætlun 2020 til 2024 eru áætlaðar 385 milljónir í framlag ríkissjóðs til hafnarframkvæmda á Sauðárkróki og Hofsósi í endurbyggingu viðlegukanta, viðhaldsdýpkana og frumrannsókna vegna stækkunar á Sauðárkrókshöfn Landaður afli á Sauðárkróki og Hofsósi var 30.271 tonn á liðnu ári sem er nýtt met í lönduðum afla. Á árinu voru fragtskipakomur alls 71 og inn- og útflutningur frá Sauðárkrókshöfn var samtals 46.370 tonn.

Veitu- og framkvæmdasvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur sent siglingasviði Vegagerðarinnar erindi þar sem farið er yfir atburði síðustu mánaða tengdum veðri og sjólagi, einkum tvo atburði þar sem sjór gekk á land með tjóni og röskunum fyrir fyrirtæki á svæðinu og vegfarendur. Lögð er áhersla á að þörf sé á lagfæringu eða endurgerð varnargarða við Skarðseyri og Strandveg á Sauðárkróki og að framkvæmdirnar þoli ekki bið.

Þegar hefur borist jákvætt svar við erindinu frá siglingasviði Vegagerðarinnar.

/MÞÞ

LÍF & STARF



Frá Blönduósi. Mynd / HKr.

Textílmiðstöðin á Blönduósi:

# Ástandið vegna COVID-19 hefur áhrif á starfsemina

**Sjötíu og fjórir listamenn dvöldu í Textílmiðstöðinni á Blönduósi í fyrra og komu þeir frá öllum heimshornum, eða frá 16 löndum. Þrátt fyrir ástandið er starfsemi í gangi í miðstöðinni og dvelja þar nú þrír listamenn. Margir listamenn sem áttu pantað pláss í vor og sumar hafa frestað komu sinni eða hætt við hana.**

*Alþjóðlegur styrkur*

Textílmiðstöðin og Þekkingarsetrið á Blönduósi tók þátt í umsókn á stóru Evrópuverkefni; CENTRINNO undir áætluninni, Horizon 20/20, ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Háskóla Íslands. Verkefnið hefur nú fengið vilyrði fyrir styrk og er ætlað til þriggja og hálfs árs. Ef allt gengur eftir mun það hefjast í haust. Verkefnið snýst um að nota menningararfinn sem innblástur til nýsköpunar og blása lífi í fyrrum blómleg borgarhverfi og landshluta og er mikil áhersla lögð á að nýta möguleika stafrænnar tækni. Samstarfsborgir Blönduóss í verkefninu eru París, Barcelona, Kaupmannahöfn, Zagreb, Tallinn, Genf, Amsterdam og Mílanó. Verkefnið á Íslandi hefur þá sérstöðu að það nær til landsins alls. Í verkefninu er mikil áhersla á að nýta möguleika stafrænnar tækni og að efla kunnáttu í að nýta stafræna tækni til framleiðslu.

*Tækjakaup*

Á vef Textílsetursins kemur fram að stefnt sé að frekari eflingu Textílmiðstöðvar Íslands sem blómlegrar miðstöðvar þar sem sérfræðingar, hönnuðir, handverks- og listafólk og kennarar á textílsviði geti fengið aðgang að nútímalegri aðstöðu til rannsókna, þróunar og kennslu. /MÞÞ

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði




Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL




Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjaþjónusta
Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klið.
Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Heyrnartækni hefur um árabil veitt þjónustu víðs vegar á landsbyggðinni. Í maí bjóðum við upp á heyrnarmælingar, ráðgjöf og þjónustu á eftirfarandi stöðvum:
Akureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Hvammstangi | Reykjanesbær
Sauðárkrókur | Selfoss | Vestmannaeyjar
Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is
Heyrnartækni
Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880

Selen til inngjafar

Fyrir lömb
- Örvar kyngiviðbragðið
- Getur fyrirbyggt stíuskjögur
- Stuðlar að auknu ónæmi
- Getur flýtt fyrir þroska
- Hraðar efnaskiftum í vöðvum
- Einstaklega góð upptaka
- Mjög bragðgott
- Nákvæm skammtadæla
- Tilbúið til notkunar

Fyrir ær
- Bætir selenbúskap ærinnar
- Minnkar líkur á selenskorti
- Getur aukið lífsþrótt lamba
- Getur fækkað dauðfæddum lömbum
- Einstaklega góð upptaka
- Mjög bragðgott
- Nákvæm skammtadæla
- Tilbúið til notkunar

Sjá nánar í netverslun okkar www.kb.is











Arnór Erlingsson, bóndi á Þverá, kemur sínu fé fyrir á þar til gerðum palli merð lyftubúnaði. Byrjað er á að koma kindinni fyrir á lyftupallinum. Síðan er bandi smeygt aftur fyrir hornin, komið fyrir eins konar múl og taumnum tyllt við stoð. Pallurinn er síðan stilltur í rétta vinnuhæð áður en hafist er handa.
Myndir / Aðalsteinn Árni Baldursson

## Nýtt verklag við rúning á Þverá í Dalsmynni:

# Kindum komið fyrir á lyftupalli

**Vinnulag við rúning er með nokkru öðru móti á bænum Þverá í Dalsmynni, en Þverárbændur hafa löngum þótt verkhagir og úrræðagóðir sem kemur sér einkar vel þegar fáar hendur eru til að vinna verkin. Arnór Erlingsson, bóndi á Þverá, tók á móti Ósk Helgadóttur, varaformanni Stéttarfélagsins Framsýnar, á dögunum og kynnti verklagið við rúninginn og tók hún helstu upplýsingar saman í grein sem birtist á vefsíðu Framsýnar.**

Rúningur hefur staðið yfir síðustu vikur á flestum sauðfjárbúum landsins, seinni rúningur sem gjarnan kallast snoðrúningur. Algengasta rúningsaðferðin sem tíðkast hér á landi er kennd við Nýja-Sjáland og hefur verið notuð frá því á áttunda áratugnum. Það þótti mikil breyting á verklagi þegar hún var tekin upp



Unnið við sumarrúning á Lokastaðarétt í Dalsmynni um miðja síðustu öld. Það er Benedikt Karlsson bóndi á Ytra-Hóli sem mundar klippurnar, en Helgi Jóhannesson vinnumaður heldur í ána. Helgi þessi er ættaður frá Bakka á Tjörnesi og er núverandi forstóri Norðurorku.
Mynd / Úr ljósmyndasafni gamla barnaskólans á Skógum í Fnjóskadal

miðað við þær aðferðir sem áður voru notaðar þegar sauðfé var klippt með handklippum eða hnífum einu sinni á ári.

### *Nýsjálenska aðferðin algengust*

„Með nýsjálensku aðferðinni eru ærnar lagðar á malirnar og rúið frá bringu og aftur úr. Starfið er slítandi og reynir mikið á bakið. Því hafa margir rúningsmenn fjárfest í rólu, sem þeir hanga í meðan þeir vinna verkið og létta þannig á stoðkerfinu. Góðir rúningsmenn eru eldsnöggir að svipta kindinni úr reyfinu og geta náð miklum afköstum yfir daginn. Eru þeir eru gulls ígildi fyrir bændur og líklega eins eftirsóttir í dag og góðir sláttumenn voru fyrir um 100 árum,“ segir Ósk í pistli sínum.

### *Kindunum komið fyrir á lyftupalli*

Arnór segir þar að sömu vinnustellingar henti ekki öllum, en hann telur ekki algengt að bændur noti palla við rúninginn þó vissulega sé það til. Arnór kemur sínu fé fyrir á þar til gerðum palli og segir fullorðna féð oftast rólegt á pallinum, það séu helst gemsarnir sem séu eitthvað að sprikla til að byrja með. Þeir venjist þó fljótt.

Byrjað er á að koma kindinni fyrir á lyftupallinum. Síðan er bandi smeygt aftur fyrir hornin, komið fyrir eins konar múl og taumnum tyllt við stoð. Vel fer um kindurnar við rúninginn og með þessu fyrirkomulagi er ekki verið að böggla þeim saman, þær standa bara keikar á sínum fjóru fótum. Til að tryggja réttar vinnustellingar segist Arnór byrja á því að stilla pallinn í vinnuhæð, en síðan geti hann bara hafið verkið. Hann segist yfirleitt ekki nota þetta verklag við haustrúninginn, en þyki þessi aðferð þægilegri við snoðrúninginn. „Ærnar eru þá líka orðnar þyngri á sér og erfiðari í meðförum,“ segir hann. /MÞÞ



Rúningur með rafmagnsklippum með verklagi eins og algengast var á árum áður.



Með nýsjálensku aðferðinni eru ærnar lagðar á malirnar og rúið frá bringu og aftur úr. Starfið er slítandi og reynir mikið á bakið. Því hafa margir rúningsmenn fjárfest í rólu, sem þeir hanga í meðan þeir vinna verkið og létta þannig á stoðkerfinu.



Arnór Erlingsson, bóndi á Þverá, ræðir við Sigurð Ágúst Þórarinsson, bónda í Skarðaborg í Reykjahverfi (t.v.), Tryggva Óskarsson á Þverá í Reykjahverfi og Margréti Bjartmannsdóttur, bónda á Sandhólum á Tjörnesi. Myndin var tekin í bændaferð.




*Mikið úrval varahluta í Ifor Williams og allar aðrar gerðir af kerrum, ásamt úrvals viðgerðarþjónustu*

VÍKURVAGNAR EHF.

*Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík*
*Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is*

UTAN ÚR HEIMI



Samtök verkafólks í matvælaiðnaði í Bandaríkjunum óttast að verið sé að setja matvælageirann í stórkostlega hættu og að fjöldi starfsmanna muni láta lífið.

## COVID-19 skekur Bandaríkin:

# Þúsundir starfsmanna í kjötiðnaði hafa smitast

## – Fjölda kjötiðnaðarfyrirtækja lokað

**Samkvæmt heimildum samtaka verkafólks í kjötiðnaði og fleiri greinum í Bandaríkjunum (United Food Commercial Workers - UFCW) höfðu meira en 5.000 starfsmenn í kjötpökkunarfyrirtækjum smitast af kórónaveirunni í síðustu viku. Þá höfðu 1.500 starfsmenn UFCW í kjötvinnslum einnig smitast og hafði 13 kjötiðnaðarstöðvum verið lokað.**

Lokun kjötiðnaðarstöðvanna hefur haft áhrif á 24.500 starfsmenn og leitt til 25% samdráttar í svínaslátrun og 10% samdráttar í slátrun á nautgripum. Kölluðu verkalýðssamtökin eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum í Hvíta húsinu í Washington og að viðbragðsteymi forsetans tryggði öryggi starfsmanna í kjötiðnaði.

### *Öryggismál verði sett í forgang*

Rituðu forsvarsmenn UFCW bréf til Mike Pence varaforseta, sem fer með yfirstjórn viðbragðsteymisins, þar sem kallað var eftir að öryggismál verkafólks í matvælaiðnaði yrðu sett í forgang. Óskað var eftir að sjúkdómsgreiningar vegna COVID-19 yrðu stórefldar og að þeir sem greindust jákvæðir yrðu settir í einangrun. Bent er á að starfsfólk í matvælaiðnaði og ekki síst fólk sem vinnur í kjötpökkunarstöðvum sé í mjög mikilli hættu á að smitast af COVID-19 sem geti stóraukið útbreiðslu veikinnar. Ef ekkert verði gert sé verið að setja matvælageirann í stórkostlega hættu og fjöldi fólks muni láta lífið.

### *Forsetinn skipar sláturhúsum og kjötvinnslum að starfa*

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, brást við þessum vanda og gaf einfaldlega út tilskipun 28. apríl um að það „ætti“ að halda kjötvinnslunum opnum. Er þessi tilskipun gerð í skjóli neyðarlaga sem heita „Defense Production Act“. Byggir forsetinn á því að það sé mikilvægt fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar að halda uppi vinnslu á nautakjöti, svínakjöti og alifuglakjöti.

Trump tjáði fréttamönnum einnig að hann myndi verja sláturhús og vinnslur ef þær yrðu lögsóttar af starfsmönnum sem smitast af kórónavírus. Ekkert er gefið upp í fyrirskipun forsetans hvernig eigi að verja starfsmenn fyrir smiti. Fomaður stærstu samtaka verkalýðsfélaga í þessum geira segir að stjórnvöld verði að hafa öryggi starfsmanna sláturhúsa og kjötvinnsla í algjörum forgangi í þessu máli. /HKr.











Bændablaðið Næsta blað kemur út 20. maí



# Sauðfjárbeit og gróðurbreytingar á afrétti Hrunamanna

**Sigurður Hjalti Magnússon**
gróðurvistfræðingur

**Frá landnámi hefur gróðri hnignað verulega á landinu, ekki síst á neðanverðu hálendinu og þá einkum innan gosbeltisins. Þar er nú að finna víðáttumikil örfoka svæði sem áður voru klædd gróðri.**

Ástæður þessara breytinga hafa verið raktar til óhagstæðara veðurfars, eldvirkni og til margs konar umsvifa mannsins, ekki síst búfjárbeitar. Í marga áratugi hefur Landgræðslan unnið að uppgræðslu á hálendinu og einnig hafa bændur og ýmsir áhugamenn grætt upp illa farið land á afréttum. Á síðustu árum er sífellt meiri áhersla lögð á að landnýting verði sjálfbær þannig að gróður aukist, jarðvegur byggist upp og að meðferð lands stuðli að bindingu kolefnis. Raddir sem krefjast þess að illa farið land verði friðað fyrir beit verða sömuleiðis stöðugt háværari.

Hér verður gefið yfirlit yfir aðstæður á afrétti Hrunamanna í Árnessýslu og fjallað um gróðurbreytingar sem þar hafa orðið á undanförnum áratugum, áhrif sauðfjárbeitar á gróður og nokkrar sviðsmyndir dregnar upp um uppgræðslu og meðferð lands í afréttinum og hvernig æskilegt sé að standa að verki í náinni framtíð.

### *Ástand afréttar*

Afréttur Hrunamanna, sem er um 1.000 km² að stærð, liggur á gosbelti landsins (1. mynd). Líkt og á mörgum afréttum innan þess hafa stór svæði orðið gróður- og jarðvegseyðingu að bráð. Afrétturinn er þó mun betur gróinn en margir afréttir á gosbeltinu. Þetta kemur vel fram á gervitunglamyndum og gróður- og vistgerðakortum. Athuganir benda til þess að eyðingin hafi staðið lengi en kortin sýna að um 80 km² neðan 500 m hæðarmarka eru nú örfoka. Það samsvarar um fimmtungi af því landi sem liggur undir þeim hæðarmörkum. Samhliða rofinu hafa þarna orðið miklar gróðurbreytingar. Birkileifar, sem enn finnast á nokkrum stöðum, leifar af kolagröfum og fornleifarannsóknir benda eindregið til þess að birkiskógur eða kjarr hafi áður verið ráðandi gróður á stórum svæðum sem nú eru örfoka neðan 300 m hæðarmarka. Miðað við núverandi gróðurskilyrði, svo sem hita, úrkomu og landslag, má ætla að samfelldur gróður eigi að geta þrifist á flestum svæðum í afréttinum undir 500 m hæð.

Frá því um 1980 hefur hlýnað talsvert á landinu og hafa rannsóknir sýnt að hlýnunin er einna mest á norðvesturhluta landsins. Ætla má að á þessum tíma hafi hlýnað töluvert á afrétti Hrunamanna. Ársúrkoma verður að teljast ríkuleg en í afréttinum er hún víðast hvar yfir 1200 mm á ári.

### *Beit í afrétti og fjárfjöldi*

Líklegt er að Hrunamannaafréttur hafi verið nýttur til sauðfjárbeitar um aldir og jafnvel frá landnámi. Hversu mikil beitin hefur verið er hins vegar ekki þekkt. Allgóðar upplýsingar eru þó til um fjárfjölda í Hrunamannahreppi frá 1885 sem staðfesta að hann hefur verið breytilegur. Fyrir 1900 voru um 5.000 kindur á vetrarfóðrum í hreppnum en þeim fjölgaði síðan talsvert og voru um 8.500 árið 1925. Þá fór þeim fækkandi og vegna niðurskurðar var fé fæst um 1950, eða um 3.200 fjár. Eftir fjárskipti 1951–1952 fjölgaði fé að nýju og varð flest um 1980, eða 9.200 talsins. Síðan hefur fé fækkað og var fjöldi á vetrarfóðrum árið 2015 um 4.200.

Tölur um fjárfjölda í afrétti eru ekki eins vel þekktar en um 1980 var fé einna flest og hafa eldri fjárbændur í hreppnum áætlað að þá hafi verið á fjalli 12–13 þúsund fjár. Nákvæmari upplýsingar frá síðustu árum benda til verulegrar fækkunar í afrétti en sumarið 2015 er talið að fjöldi fjár hafi verið 5.000 og árið 2019 4.200 talsins.




**1. mynd. Hrunamannaafréttur, sem er um 1000 km² að flatarmáli, er á suðvesturhálendinu austan Hvítár. Hæð yfir sjó er frá um 250 m suðvestast í afrétti upp í 1488 m í Kerlingarfjöllum; 500 m hæðarlína er sýnd með gráum lit. Landgræðslugirðing suðvestast í afrétti er merkt með svartri línu. Helstu rofsvæði eru sýnd í rauðum lit en uppgræðslusvæði græn. Rannsóknasvæðið við Heygil er merkt sem gulur punktur.**



**Greinarhöfundur, Sigurður H. Magnússon gróðurvistfræðingur, við rannsóknir á hálendinu.**

### *Hver eru áhrif sauðfjárbeitar?*

Óhætt er að fullyrða að áhrifin fara mikið eftir því hversu þung beitin er, en einnig hvenær beitt er, hversu lengi og hvers konar land er beitt. Áhrifin verða einkum með þrennum hætti, í fyrsta lagi með blaðskerðingu, þ.e. þegar plöntur eru bitnar og hlutar þeirra fjarlægðir, í öðru lagi hefur beit áhrif á flutning og hringrás næringarefna og í þriðja lagi vegna traðks sem getur haft áhrif á gróður og jarðvegsyfirborð.

Yfirleitt er það hamlandi fyrir plöntur þegar bitið er af þeim. Lostætar tegundir eru valdar úr gróðri og þegar fer að sneiðast um þær í haganum fer féð að bíta aðrar sem ekki eru eins „bragðgóðar“. Beit á eftirsóttum tegundum getur því orðið veruleg þótt beitarþungi sé lítill, þ.e. tiltölulega fáar skepnur á flatareiningu. Þær plöntur sem ekki eru bitnar fá meira rými og vaxa betur fyrir vikið. Þannig getur beit haft mikil áhrif á tegundasamsetningu þótt beitarþungi sé fremur lítill. Áhrifin fara einnig eftir næringarástandi jarðvegs. Á melum og öðrum svæðum þar sem jarðvegur er næringarsnauður eiga plöntur erfitt með að bæta sér það upp sem tapast við beitina. Sé jarðvegur næringarríkur gegnir hins vegar öðru máli. Beit á melum getur því verið verulega hamlandi fyrir gróður þótt fé sé fátt á meðan sami fjárfjöldi hefur lítil áhrif á gróður í næringarríkum jarðvegi.

Almennt er talið að beit verði til þess að hraða hringrás næringarefna í vistkerfum en á beittu landi flytjast næringarefni hraðar úr gróðri til jarðvegs (með taði og þvagi) en á friðuðu. Það má því segja að beitin valdi því að gróðurvélin gangi hraðar. Á beittu landi flytjast næringarefni einnig auðveldar milli svæða, svo sem með taði og þvagi, en á óbeittu landi. Auk þess getur sauðfé dreift fræi sumra plöntutegunda á nýja staði, annaðhvort innvortis eða útvortis.

Þriðji þátturinn sem rétt er að nefna er traðkið en áhrif þess hafa lítið verið rannsökuð hér á landi. Traðk getur t.d. haft gríðarlega mikil áhrif á hvort fræ ná að safnast fyrir og spíra, sérstaklega þar sem land er að rofna, svo sem á moldum og í rofjöðrum.

Rétt er að taka fram að það sem hér hefur verið sagt á við um hóflega beit. Verði beitin hins vegar of mikil geta áhrifin orðið allt önnur og alvarlegri fyrir vistkerfið.

### *Uppgræðsla*

Eins og á mörgum afréttum landsins geisaði mikil jarðvegseyðing á Hrunamannaafrétti fram yfir miðja síðustu öld. Til að stemma stigu við eyðingunni var árið 1970 sett upp landgræðslugirðing suðvestast í afréttinum (1. mynd). Í fyrstu var þar bæði borið á lítt gróið land og gamalgróið með flugvél í samvinnu sveitarstjórnar hreppsins og Landgræðslu ríkisins. Sauðfé var hleypt inn í girðinguna síðsumars til að létta á beit í afrétti.

Vorið 1992 voru markmið uppgræðslu endurskoðuð og fyrirkomulagi breytt. Ekki var lengur borið á til að létta á beit í afrétti en meginháhersla lögð á að stöðva rof og græða upp moldir. Í framhaldi var dreifingu með flugvél hætt og girðingin friðuð fyrir beit. Farið var að græða upp land bæði á friðuðu landi innan girðingar og beittu landi utan hennar. Bændur og aðrir áhugamenn um uppgræðslu tóku nú í fyrsta sinn beinan þátt í aðgerðum.

Aðgerðir hafa verið margs konar. Á beittu landi hefur tilbúnum áburði verið dreift, grasfræi sáð, heyi dreift í rofabörð og á mela. Kjötmjöli og búfjáráburði hefur sömuleiðis verið dreift í litlum mæli. Á friðuðu landi hefur, auk dreifingar á heyi, grasfræi og tilbúnum áburði, verið sáð birki. Einnig hefur víði, hvítsmára og lúpínu verið plantað og seyru dreift.

Á uppgræðslusvæðunum hefur víða tekist að stöðva hraðfara rof og auka gróðurþekju verulega. Á síðustu 10–15 árum hefur verið unnið að uppgræðslu á um 6,2 km² sem er um 8% af örfoka landi neðan 500 m hæðarmarka (1. mynd). Mikið af því landi sem ekki hefur enn verið tekið til uppgræðslu er óaðgengilegt en það liggur langt frá vegum og slóðum og verður því ekki auðveldlega grætt upp með hefðbundnum aðferðum. Það er þó bót í máli að á síðustu áratugum hefur land víða gróið upp utan uppgræðslusvæða án þess að nokkuð hafi verið gert.

### *Sjálfgræðsla*

Við Heygil á Hrunamannaafrétti hefur greinarhöfundur rannsakað gróður og fylgst með gróðurbreytingum frá árinu 1981 í tuttugu 10x10 m föstum gróðurreitum sem lagðir voru út á land sem í upphafi var á mismunandi stigum rofs og endurgræðslu (1. mynd). Fjórtán reitir eru á beittu landi en sex voru girtir af og friðaðir fyrir beit. Í reitunum hafa ýmsir jarðvegs- og gróðurþættir verið mældir, m.a. heildargróðurþekja, þekja einstakra æðplöntutegunda og jarðvegsþykknun. Þegar rannsóknirnar hófust við Heygil var þarna mikil gróðureyðing, háar torfur, opnir rofjaðrar og mikill uppblástur úr moldum og rofabörðum. Þá var fjárfjöldi í hámarki í afréttinum og gróður mikið bitinn.

Niðurstöður mælinga í reitunum sýna að verulegar gróðurbreytingar hafa orðið á þessu svæði og á það við um allar landgerðir sem kannaðar voru, þ.e. moldir, mela og gamal-

gróið land (2. mynd). Moldir hafa gróið mikið upp en gróðurþekja í melareitum hefur fremur lítið breyst þótt undantekningar séu þar á. Tegundasamsetning hefur hins vegar breyst talsvert í nánast öllum reitum. Á gamalgrónu landi hefur gróska aukist og grastegundir aukið hlutdeild sína. Friðun reita hefur haft talsverð áhrif á tegundasamsetningu en frekar lítil á þekju. Mælingar á jarðvegsþykknun benda til þess að dregið hafi úr áfoki við Heygil á þeim árum sem rannsóknin nær til.

Það er ekki eingöngu við Heygil sem land hefur gróið upp á Hrunamannaafrétti á síðustu áratugum. Athuganir á allstóru svæði innar á afréttinum, neðan 400 m hæðarmarka, benda eindregið til þess að land hafi gróið eða sé að gróa upp líkt og við Heygil. Rofabörð hafa víða lokast, moldir gróið upp og rakir og/eða stöðugir melar eru sums staðar farnir að gróa. Fínkorna og lausir melar virðast hins vegar lítið hafa breyst. Athuganir enn innar á afréttinum og hærra yfir sjó, við Búðarfjöll, í Grjótártungu og Hrísalækjum, benda hins vegar til þess að þar sé enn víða talsvert rof og að land hafi ekki gróið upp í eins miklum mæli og neðar á afréttinum (1. mynd). Líkt og við Heygil hafa moldir þar einkum gróið upp en melar síður.

Þótt það hafi ekki verið rannsakað sérstaklega má ætla að traðk, teðsla og þvag sauðfjár hafi haft jákvæð áhrif á landnám plantna á moldum og í rofjöðrum (3.–4. mynd). Það er löngu þekkt að fræforði í jarðvegi er langmestur í efstu lögum (≈10–20 cm) jarðvegs en snarminnkar með dýpt. Á stöðum þar sem rof er mikið, svo sem í virkum rofabörðum og á moldum, er því skortur á fræi sökum þess að sá jarðvegur sem rofnar er gamall og nánast frælaus. Vegna rofsins kemur frægregn frá nágrenninu illa að notum því að fræ flyst að mestu í burtu og nær því ekki að spíra í rofinu sjálfu. Við slíkar aðstæður getur traðk ráðið úrslitum um landnám. Í förum eftir sauðfé getur fræ safnast fyrir og náð að spíra. Teðsla og þvag getur síðan hjálpað til og orðið til þess að plöntur komist á legg. Telur greinarhöfundur þetta hafa verið algengt í rofabörðum á afrétti Hrunamanna á síðustu árum. Líklegt er að þessi jákvæðu áhrif sauðfjárbeitar minnki verulega ef beitarálag verður of mikið því að aukin beit á plöntum fer þá að hafa neikvæð áhrif á landnámið.




**2. mynd. Heildargróðurþekja í reitum við Heygil á Hrunamannaafrétti 1981–2019. Friðaðir reitir eru merktir með rauðum lit. Þeir reitir sem eru nokkurn veginn sambærilegir eru tengdir með ferhyrningum. Innan hvers reits var mælt í 10 eins fermetra smáreitum. Lóðrétt strik tákna staðalskekkju.**



**3. mynd. Áhrif traðks á moldum við Heygil. Bæði utan og innan reits (R18) er klóelfting áberandi. Utan reits er mikið traðk og verulegt landnám merkjanlegt, grashnubbar eru margir. Innan reits er yfirborð jafnara, klóelfting er þar ríkjandi og grashnubbar eru fáir en stórir (ljósmynd 5. ágúst 1999).**

### *Hvað gera bændur nú?*

Eftir tæplega 30 ára samvinnu við bændur um uppgræðslu á afrétti Hrunamanna telur greinarhöfundur að viðhorf þeirra gagnvart sauðfjárbeit og meðferð lands hafi breyst mikið. Menn hafa nú betri skilning á ástandi lands og mikilvægi þess að fara vel með það og að beit megi alls ekki verða of þung. Bændur hafa staðið sig mjög vel við uppgræðslu sem hefur komið þeim til góða með bættu beitilandi og minna álagi á land utan uppgræðslusvæða. Fullyrða má að fækkun fjár, hlýnandi loftslag og uppgræðsla hafi stuðlað að þeim gróðurbreytingum sem orðið hafa í afréttinum á síðustu áratugum. Þótt land í afrétti sé í framför er þar enn allvíða talsvert rof og enn víðáttumikil, lítt gróin svæði neðan 500 m hæðar sem ættu að geta klæðst samfelldum gróðri.

Í ljósi breytinga á neysluvenjum og viðhorfum í þjóðfélaginu, svo sem minnkandi neyslu lambakjöts, kostnaðar við framleiðsluna, áhrifa sauðfjárbúskapar á kolefnisjöfnuð og á gróður, er eðlilegt að ræða beit og uppgræðslu á afréttum í víðu samhengi. Hér er afréttur Hrunamanna tekinn sem dæmi og settar fram fjórar mismunandi leiðir um nýtingu og uppgræðsluaðgerðir í afréttinum. Tekið skal fram að ein leið þarf ekki nauðsynlega að útiloka aðra. Um eftirfarandi er að ræða:

1. Að beitarfriða afréttinn og láta náttúruna um að græða landið.

2. Að beitarfriða afréttinn og græða hann upp með lúpínu.

3. Að beitarfriða afréttinn og vinna að uppgræðslu líkt og gert hefur verið.

4. Að beita afréttarlandið „hóflega" en vinna jafnframt að uppgræðslu í samvinnu við bændur o.fl. aðila.

***– Framhald á næstu síðu***


















**4. mynd (A-B-C). Dæmi um sjálfgræðslu lands á moldum við Heygil. Mynd A var tekin 1988, mynd B var tekin 2009 og mynd C var tekin 2019.**
**Fyrir miðju á myndunum er friðaður reitur (R18) en annars er land beitt af sauðfé. Þegar rannsóknir hófust við Heygil árið 1981 var þar mikið rof og moldir nánast gróðurlausar.**
**Land tók að gróa upp, mest eftir 1990. Traðk, teðsla og þvag frá sauðfé hefur væntanlega haft þarna veruleg áhrif og flýtt fyrir landnámi plantna, en einnig fækkun fjár í afrétti og hlýnandi veðurfar.**

***Skoðum þessar leiðir nánar***

Að beitarfriða afréttinn og láta náttúruna um að græða landið er kostur sem kemur til álita. Það myndi hins vegar þýða að land mun sums staðar halda áfram að rofna í nokkrum mæli, að minnsta kosti um alllangan tíma og kolefnisbinding yrði frekar hæg, einkum í byrjun. Með tímanum myndi birki væntanlega breiðast út þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Þetta er aðferð sem flokkast undir náttúruvernd en þar sem um friðun er að ræða myndi hún hafa áhrif á sauðfjárbúskap og hafa neikvæð áhrif á hefðir sem honum tengjast.

Að beitarfriða land í afrétti og græða það upp með lúpínu er vafalaust ódýrasta og fljótvirkasta leiðin til að stöðva rof og binda kolefni. Þessi leið kemur að mati greinarhöfundar þó ekki til greina, aðallega vegna þess að hún myndi gerbreyta vistkerfi afréttarins og ásýnd lands. Lúpína mun t.d. umbylta gróðri ekki aðeins á melum og moldum heldur einnig mun víðar, svo sem meðfram ám og lækjum. Þetta er aðgerð sem getur ekki flokkast undir náttúruvernd og hefur auk þess svipuð áhrif og leið 1 á sauðfjárrækt og hefðir.

Þriðja leiðin, að beitarfriða og vinna jafnframt að uppgræðslu, er kostur sem greinarhöfundur telur að komi vel til greina. Þá væri hægt að einbeita sér, líkt og gert hefur verið, að því að stöðva virkt rof og koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt yrði veruleg sjálfgræðsla í afrétti, birki myndi, líkt og við leið 1, taka að nema land í allmiklum mæli. Aðferðin fellur vel að náttúruvernd en áhrif á sauðfjárrækt og hefðir yrðu svipuð og við leiðir 1 og 2. Vel má hugsa sér að bændum yrði greitt fyrir að vinna að uppgræðslu í stað þess að fjármagni sé veitt úr ríkissjóði til að framleiða lambakjöt. Þeir hafa yfir tækjum að ráða sem nota má við uppgræðslu.

Fjórða leiðin, þ.e. að beita afréttarlandið „hóflega“ og vinna jafnframt að uppgræðslu í samvinnu við bændur og fleiri aðila, er sennilega álitlegasta leiðin. Þá verður að hafa sérstaklega í huga hvað átt er við með hóflegri beit. Eins og áður hefur komið fram er heildarfjöldi í afrétti nú rúmlega 4.000 fjár og beitarálag á gróið land víðast hvar að mati greinarhöfundar ekki úr hófi. Beit á melum er hins vegar afar óheppileg svo ekki sé sterkar til orða tekið. Telja verður æskilegt að fé verði fækkað nokkuð frá því sem nú er og reynt að stýra beit eins og kostur er. Á Náttúrufræðistofnun hafa melar nýlega verið flokkaðir í fjórar megingerðir eða vistgerðir, þ.e. eyðimelavist, mosamelavist, víðimelavist og grasmelavist. Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar þekja melavistir á Hrunamannaafrétti um 480 km2 eða 47% af afrétti, en þeir eru algengastir ofan 500 m hæðarmarka. Á örfoka landi undir 500 m hæð er mest af víðimelavist og grasmelavist. Á þessum gerðum er talsverður munur. Líklegt er að beit hamli gróðurframvindu á víðimelum en reynslan frá Heygili bendir til þess að friðun grasmela hafi takmörkuð áhrif á framvindu.

Verði þessi leið valin er afar mikilvægt að sleppa fé ekki of snemma í afrétt þannig að gróður hafi tíma til að jafna sig eftir veturinn og komast í góðan vöxt áður en beit hefst. Einnig má stýra beit að nokkru með því að sleppa fé á þau svæði sem einna best eru til beitar fallin. Með því að beita hóflega nýtast helstu kostir beitarinnar fyrir landnám plantna í rofjöðrum og á moldum (traðk og áburðaráhrif frá fénu) sem myndi draga úr rofi á svæðum sem nú er erfitt að komast að með vélum og tækjum. Líkt og við leið 3 væri hægt að beina kröftunum að því að stöðva rof og græða upp rofjaðra. Með þessari leið myndu áhrif á sauðfjárrækt og hefðir viðhaldast að nokkru leyti. Þá má nefna að beit dregur úr útbreiðslu ágengra tegunda eins og lúpínu og væntanlega einnig skógarkerfils. Verulegur galli við þessa aðferð er hins vegar að hún mun draga úr möguleikum birkis á að nema land á þeim svæðum sem áður voru vaxin birkiskógi eða kjarri. Innan landgræðslugirðingarinnar suðvestast í afréttinum hefur birki verið sáð í nokkrum mæli og eru þar komin tré sem farin eru að sá sér út. Þar stendur nú til að planta birki með það fyrir augum að endurheimta skóg á svæðinu.

Að lokum er rétt að árétta að þessa grein ber ekki að skoða sem lausn á meðferð afréttarlanda á hálendi Íslands heldur sem innlegg í þá umræðu sem þarf að fara fram um það efni á næstunni. Í verkefninu Gróland er nú unnið að því að meta ástand gróðurs og jarðvegs á Íslandi og þróa sjálfbærnivísa fyrir nýtingu lands. Niðurstöður þess verkefnis munu væntanlega gera menn betur í stakk búna til að taka skynsamlegar ákvarðanir um beit og meðferð lands á hálendinu.

## Garðyrkjuskólinn á Reykjum:

# Endurbygging og langþráð viðhald

**Framkvæmdir við endurbætur á garðskála Garðyrkjuskóla LbhÍ á Reykjum í Ölfusi hófust 14. apríl síðastliðinn en skálinn skemmdist mikið í óveðri sem gekk yfir landið helgina fyrir páska. Samhliða endurbyggingunni er unnið að langþráðu viðhaldi skólans.**

Guðríður Helgadóttir, starfsmenntanámsstjóri Garðyrkjuskólans, segir að tjónið í veðrinu hafi verið mikið og ákveðið hafi verið að flýta enduruppbyggingu garðskálans sem fara áttu fara fram í sumar.

„Starfsmenn skólans sáu um að fjarlægja allan gróður í skálanum og var hann ýmist tekinn upp til geymslu eða plönturnar sagaðar niður, enda margar hverjar orðnar fullstórar fyrir garðskálann.“

***Fjármagn tryggt***

„Framkvæmdasýsla ríkisins hefur yfirumsjón með verkinu ásamt með verkfræðistofunni Verkís. Að baki endurgerð skálans liggur nokkurra ára undirbúningur sem byggir á þarfagreiningu fyrir starfsemina á Reykjum. Fjármagn til endurbyggingarinnar hefur verið tryggt á fjárlögum síðustu fjögurra ára og er stefnt að því að heildarkostnaður við endurgerð skálans sjálfs hlaupi á um 100 til 120 milljónir króna.“



Framkvæmdum við endurbyggingu gróðurskála Garðyrkjuskólans miðar vel.
Myndir / Guðríður Helgadóttir



**Kostnaður við endurgerð skálans er talinn vera 100 til 120 milljónir króna.**



**Plöntum úr skálanum var komið í geymslu á meðan endurbygging hans fer fram.**



**Skemmdir á skálanum í óveðrinu voru miklar.**

***Langþráð viðhald***

Að sögn Guðríðar hefur, samhliða undirbúningsvinnu við endurgerð garðskálans, heilmikið og langþráð viðhald átt sér stað á húsakosti skólans, útveggir klæddir og einangraðir, búið að endurnýja þök á kennslustofum og matsal og setja nýtt gler í alla glugga. Stefnt er að því að verkinu ljúki áður en kennsla hefst í haust. /VH

LESENDABÁS

# Græn endurreisn

**Eins og við höfum rækilega verið minnt á þá eru stjórnvöld víðast hvar í heiminum fljót að skella í lás þegar áföll ganga yfir og sum hver banna nú m.a. útflutning á heilbrigðisbúnaði til þess að tryggja sig fyrst. Stjórnvöld gera allt til að verja þegna síns lands. Varabirgðir Finna eru gott dæmi, en þeir hafa lengi átt töluvert magn hjúkrunarbúnaðar í öryggisskyni. Hér á landi voru til vandaðar og margæfðar viðbragðsáætlanir við heimsfaraldri inflúensu, þökk sé framsýnum sóttvarnaryfirvöldum.**


Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Fæðuöryggi er eitt af því fyrsta sem fólk hefur áhyggjur af þegar neyðarástand skapast. Hvaða ráðstafana hefði verið gripið til ef um hefði verið að ræða illvígan bráðsmitandi plöntu- eða dýrasjúkdóm? Slíkir sjúkdómar hafa nú þegar valdið miklum usla og því er spáð að ýmiss konar sjúkdómar verði algengari á komandi árum og áratugum vegna hlýnunar loftslags.

*Nýsköpun lykilatriði*

Íslensk landbúnaðarframleiðsla er, líkt og stærstur hluti allrar landbúnaðarframleiðslu í heiminum, háð margvíslegum innfluttum aðföngum s.s. olíu, fóðri, áburði og tækjum. Því meira sem hægt er að draga úr þörf fyrir þessi aðföng því öruggari erum við fyrir ytri áföllum. Nú stöndum við frammi fyrir því að reyna að gera okkur grein fyrir því hvernig samfélagið okkar verður að faraldrinum loknum. Þá er vert að skoða betur landbúnaðarframleiðslu okkar m.t.t. fæðuöryggis þjóðarinnar og hvernig stuðningi við landbúnaðinn er háttað. Til dæmis þarf að athuga hvar göt eru í núverandi kerfi – göt sem stoppa þarf í til að allar greinar njóti sannmælis. Jafnframt þarf að endurmeta hvort ekki sé, út frá þjóðhagslegu tilliti, skynsamlegt að auka enn frekar stuðning við innlenda matvælaframleiðslu. Þannig getum við aukið fæðuöryggi landsins en jafnframt stutt við aðlögun búskaparhátta að kolefnishlutleysi. Bændur hafa ítrekað lýst yfir vilja sínum til þess að gera landbúnað loftslagsvænni og því þarf að aðlaga stuðningskerfin að þeim markmiðum.

Ríkisstjórnin ákvað, sem hluta af viðbrögðum sínum við efnahagslegum áhrifum af Covid-19, að flýta stofnun Matvælasjóðs og leggja honum til 500 millj. króna aukalega. Þar með væri kominn mjög öflugur 800 millj. króna sjóður til stuðnings innlendri matvælaframleiðslu. Mörg spennandi nýsköpunarverkefni ættu að geta fengið fjármagn úr sjóðnum. Verkefni sem munu draga úr þörfinni á innflutningi t.d. á áburði, úrvinnsla olíu úr repju, vinnsla próteins til manneldis úr grasi, nýjar plöntutegundir sem vaxið geta hér á landi o.fl. Einnig var ákveðið að bæta verulega í stuðning við grænmetisframleiðsluna í landinu með varanlegu 200 millj. króna framlagi. Þeir fjármunir munu væntanlega auka enn frekar framboð á innlendu grænmeti þegar líður á árið.

*Vanmetum ekki náttúruna*

Þegar rykið sest munum við þurfa að leggjast yfir hvaða viðbúnað við þurfum að viðhafa m.t.t. atburða á borð við Covid-19. Huga verður að því hvernig við högum smitvörnum innanlands varðandi búfjársjúkdóma, hvaða birgðir þurfa ætíð að vera til og í hve miklu magni svo dæmi séu tekin.

Sennilega er mikilvægasti lærdómurinn sem við eigum að draga af þessum hamförum að vanmeta ekki náttúruna og halda að við getum stjórnað henni. Þetta þekkja bændur sem við hana glíma alla daga. Stærsta áskorun næstu áratuga er að koma í veg fyrir hamfarir vegna loftslagsbreytinga. Með skynsamlegum ráðstöfunum má auka fæðuöryggi þjóðarinnar og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að styðja við innlenda matvælaframleiðslu. Það er hagkvæmt og nauðsynlegt því við tryggjum ekki eftir á.

*Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir*
*Höfundur er þingflokksformaður Vinstri grænna.*


Z STÁLGRINDARHÚS
Þaulreynd hús við íslenskar aðstæður

8 x 20 x 3 m - 7.200.000 kr. m/vsk.
10 x 20 x 3 m - 8.700.000 kr. m/vsk.
12 x 30 x 3,5 m - 12.200.000 kr. m/vsk.
18 x 35 x 3,5 m - 18.000.000 kr. m/vsk.

Innifalið Z stálgrind, 40 mm. PIR yleiningar á veggi og þak, skrúfur, festingar og áfellur og teikningar.



EINFÖLD HÚS - AUÐVELD UPPSETNING

BOGAHÚS
Hagstæð verð




BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR
TÖLVUPÓSTUR sala@bkhonnun.is
SÍMI 865-9277
VEFFANG www.bkhonnun.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 20. maí

Lely Center Ísland



STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Allar stærðir af AJ Power rafstöðvum:

AJ Power

Opnar stöðvar
Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám
Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira
Öflug og góð þjónusta

Gerðu kröfur — hafðu samband við Karl í síma 590 5125 eða sendu línu á kg@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR
KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS
Hrossabændur óska eftir hryssum
Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Hækkað verð:
Greiðum 35.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna
Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.
Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma 581-4138.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

UTAN ÚR HEIMI

## Bartram – elsti upphaflegi grasagarður N-Ameríku:

# Til voru fræ, fljótandi félaga á milli

**Í fílaborginni Delfía, innan Pennsylvaníuríkis Bandaríkjanna, heimsótti ég þennan garð, sólríkan dag júlímánaðar. Hafandi oft rekist á texta um John Bartram og fjölskyldu hans, fannst mér áhugavert að geta heimsótt garð þeirra.**



Steinhúsið sem John Bartram byggði, skömmu eftir landakaupin 1728.

Myndir / Kristján Friðbertsson.

Ekki skemmir fyrir að hann er talinn elsti upphaflegi grasagarður N-Ameríku. Grasagarðurinn sem slíkur er stofnaður þegar Bartram flytur þangað árið 1728 og hófst þá bygging steinhússins í garðinum, hannað og byggt af John Bartram sjálfum.

Líklega flokkast þetta sem lítill garður, einungis 3,2 ha að flatarmáli, skilgreindur sem grasagarður og trjásafn. Honum tilheyra þó einnig aðrir 16 ha, og þess gætt að halda honum sem garði fyrir allan almenning, með góðri tengingu við nærsamfélagið. Aðgangur er frír, svæðið mjög opið og óformlegt, og fólk hvatt til að koma með fjölskylduna og jafnvel vera með samkomur á svæðinu. Barnaafmæli var einmitt í fullum gangi þegar við heimsóttum garðinn og jók á ánægjuna að sjá hversu mikla tengingu nágrannafjölskyldur hafa við garðinn.

Sýnishorn af grænmetisræktun er til staðar og rétt fyrir utan sjálfan garðinn er svo býflugnarækt til hunangsframleiðslu fyrir hverfin í kring. Svæðið í heild liggur niður að ánni Schuylkill, en meðfram henni er hægt að ganga, hjóla, veiða og sigla, eða bara slaka á og njóta kyrrðarinnar. Einnig er fuglalíf þarna þónokkuð og að sjálfsögðu er garðurinn ekki laus við íkorna. Hefur garðurinn yfir sér ákveðinn afslappaðan sjarma og gaman að sjá samfélagslegu tenginguna við eitthvað svona sögulegt sem hefur hlutverk almenningsgarðs um leið. Eitthvað sérlega notalegt að geta haft svona í hverfinu sínu, en fyrir utanaðkomandi er sennilega lítið þangað að sækja nema að sumri til.

### *Úr flórnum í flóruna?*

Fyrir þá sem þekkja ekki til þá var John Bartram merkur plöntusafnari, landkönnuður og grasafræðingur og rétt að fara leifturhratt yfir helstu atriði lífshlaups hans. Fæddur 1699 í Pennsylvaníu, ólst upp á býli foreldra sinna, snemma heillaður af plöntum og náttúrunni almennt, en ekki síst nytjaplöntum sem tengdust góðri heilsu. Síðar kemur áhugi hans á viðskiptahliðinni, varðandi sölu á plöntum, svo líklega má flokka hann einnig sem viðskipta- eða verslunarmann, eða kannski bara sem góðan bónda.

Meðal hans þekktustu afreka má nefna að hann var stofnmeðlimur, ásamt ekki ómerkari mönnum en Benjamin Franklin og fleirum, í American Philosophical Society. Hann er ekki síður þekktur fyrir ritun ferðasagna sem veittu mjög áhugaverða innsýn í Ameríku þess tíma og skrásettu jafnt ferðalög, samskipti og flóru.

Bartram er oft nefndur faðir amerískrar grasafræði og var einn fyrsti samstarfsmaður hins sænska Kalla Linnulausa (Carls Linnaeus) í N-Ameríku. Sá merki maður gekk það langt að kalla Bartram eitt mesta náttúrutalent grasafræðinga heimsins.

### *Áskriftarboxarinn Bartram*

Bartram var um tíma ein helsta uppspretta Linnaeusar af lýsingum og sýnum úr flóru þessa svæðis enda þá einn helsti fræsafnari amerískrar flóru. Hann uppgötvaði afar mikið af áður óskráðum plöntum í N-Ameríku á ferðum sínum en flestar voru þær nefndar af móttakendum þeirra í



Kristján Friðbertsson.

Evrópu, þ.á m. Linnaeus. Bartram sendi plöntur sem honum var fullljóst að voru ólíkar því sem áður var þekkt, tók það jafnvel fram, en eftirlét móttakanda staðfestinguna á því sem og heiðurinn af nafngiftinni. Þær plöntur sem hafa þó verið við hann kenndar má þekkja á orðinu „bartramia“ í latneska heitinu. Með tímanum dró úr samskiptum þeirra Bartrams og Linnaeusar en áætlað er að Bartram-feðgarnir hafi sameiginlega uppgötvað yfir 200 amerískar plöntutegundir.

Söfnunarferðir hans þróuðust yfir í að senda árlega safn fræja og plantna, alla jafna þurrkaðra, til Evrópu í kössum sem hægt var að panta í áskrift og voru kenndir við hann (e. „Bartram´s boxes“). Eins og mörgum er eflaust ljóst var ekki alltaf auðvelt að halda uppi reglulegum sendingum yfir Atlantshafið á þessum tíma og settu m.a. stríð strik í reikninginn. Oftast tókst það þó á endanum, þökk sé alþjóðlegum hópi fólks sem áttaði sig á mikilvægi þess að koma sendingunum á leiðarenda. Um það og margt fleira er fjallað m.a. í ágætis bók sem nefnist „The Brother Gardeners“ eftir Andrea Wulff og óhætt er að mæla með fyrir áhugasama.

Allt ofangreint, en þó sérstaklega síðastnefndir flórukassar, leiddi til þess að hann var skipaður sérlegur konunglegur N-Ameríku grasafræðingur Bretakonungsins Georgs III síðustu 12 ár ævinnar og fyrir vikið áskotnaðist Kew Gardens mikið af fræjum frá honum og fóru sýni einnig til garðanna í Oxford og Edinburgh svo dæmi sé tekið.

### *Frá Jóni til Jóns*



Býflugnabú er skammt frá aðalgarðinum.



Við Schuylkill-ána eru bátar til siglinga en einnig er blómaræktun á flotpramma sem er fallegt og eflaust vel þegið af flugum og öðrum áhugasömum um litla eyju.

En John er ekki sá eini í fjölskyldunni sem enn er minnst því sonur hans, William, var einnig álitinn mikill náttúrufræðingur, auk þess að hafa ritað ekki síður áhugaverðar sögur af landkönnun sinni og því til viðbótar alger snillingur í teikningum af plöntum og dýrum, sérstaklega fuglum.

Hann hafði fylgt föður sínum í mörgum ferðum hans en gengið illa að koma upp eigin býli. Dag einn (þó ekki B. Eggertsson), árið 1773, tókst honum að sannfæra annan John, Bretann og lækninn, dr. John Fothergill, um að styrkja sig í könnunar- og fræsöfnunarferð. Læknir sá var efnaður og afkastamikill plöntusafnari og byggði sjálfur upp afar merkan grasagarð í London. Eftir honum er nefnd ættkvíslin Fothergilla. Með notkun glerhýsa tókst lækninum að búa til safn sjaldgæfra plantna frá öllum heimshornum og því auðvelt að skilja áhuga hans á ferðalagi Williams.

### *Krókódílar og andlát*

Við tók fjögurra ára ævintýri um Suðurhluta Bandaríkjanna, frá N-Karólínu niður til Flórída og vestur til Louisiana. Eftir að hafa upplifað samskipti við allt frá frumbyggjum til krókódíla, snýr hann til baka til Fíladelfíu um svipað leyti og andlát föður hans ber að, árið 1777. Tekur hann þá yfir, ásamt bróður sínum, John yngri, rekstur plöntustarfseminnar og umsjá garðsins. Um það leyti þroskast starfsemin í fullvaxna gróðurstöð og gefa þeir bræður út fyrsta pöntunarlista amerískra plantna. Starfsemin er rekin áfram af þeim bræðrum, og síðar afkomendum Johns yngri, en síðar meir lætur lestarframleiðandinn Andrew Eastwick æskudraum sinn rætast og kaupir allt af þeim. Það er okkur öllum til happs að Eastwick nær að halda þessu gangandi í gegnum alla uppbygginguna á svæðinu, án þess að byggja sjálfur eða selja.

Ferðalag Williams var einnig vel skjalfest, gefið út á prenti víða um heim og lengi talið eitt helsta náttúrufræðirit síns tíma. Vinsældirnar komu þó ekki síður frá því hversu laginn hann reyndist í því að færa sig frá þeirri köldu samantekt vísindalegra staðreynda sem tíðkaðist þá, yfir í nokkuð rómantískari stíl. Í dag er ritið enn gefið út og gengur undir nafninu „Bartram‘s Travels“ eða einfaldlega Ferðalög Bartrams. Ferðalagið var talið nægilega merkilegt til þess að stofnað var félag um það 200 árum síðar og í dag er slóðinn sem hann ferð-

aðist eftir einkenndur með nafninu „Bartram Trail“ eða Slóði Bartrams. Sérlega vinsæll hjá göngufólki er víst 185 km „spotti“ slóðans sem liggur frá fjöllum N-Georgíu upp til N-Karólínu og eflaust áhugavert fyrir útivistarfólk héðan að flækjast um þær söguslóðir, vilji menn á annað borð tilbreytingu frá hinu fallega landslagi Íslands. Faðirinn náði 78 ára aldri og sonurinn var orðinn 84 ára þegar að andláti kom. Hlýtur að teljast ansi gott hraustleikamerki hjá þeim báðum, á þeim tíma, að ná svo háum aldri. Held þó aftur af mér að fullyrða um of varðandi mikilvægi garðyrkju og plantna fyrir heilsuna að sinni.


Lítill íkorni laumast til að narta í eitthvað gott í grasi grasagarðsins.



Skilti við eitt af elstu trjám garðsins, talið ræktað úr fræi sem barst þeim undir lok 18. aldar.

***Mexíkóska jólamjólkin***

Í lokin má draga jólastjörnuna frægu inn í söguna, plöntuna fögru af mjólkurjurtarætt, sem við tengjum svo oft við jólin, Euphorbia pulcherrima. Sú vex á Vesturströnd Mexíkó og var mikið notuð af Aztekum sem litarefni, auk þess að safinn ku hafa verið notaður í tengslum við lækningar. Þó það virðist ljóst að landkönnuðir frá Evrópu hafi rekist á hana í ferðum sínum, virðist hún ekki hafa ratað með þeim í neins konar ræktun í heimalandinu. Það var því bandaríski sendiherrann í Mexíkó, Joel Roberts Poinsett, sem var lengi talinn hafa verið fyrstur til að kynna hana utan Mexíkó, er hann sneri með hana til baka til Bandaríkjanna árið 1830. Þrátt fyrir að vera ekki fyrstur til að finna hana var hún af þessari ástæðu kennd við hann um langan tíma. Jafnt með gamla fræðiheitinu Euphorbia poinsettia og eins því að í dag er hún enn víða kölluð almenna nafninu Poinsettia.

Árið sem Ibsen, Tolstoy og leyndardómsfulli Snæfellsjökuls penninn Jules Verne fæddust var einnig merkilegt í sögu jólastjörnunnar. Árið er 1828 og frændi Bartram-fjölskyldunnar annars vegar og hins vegar gamall vinur Poinsett, William Maclure, ferðast saman til Mexíkó. Ekki er pláss til að greina frá ferðasögunni hér, en ýmsar plöntur og fræ rak á fjörur þeirra, sem þeir sendu beint frá Mexíkó til gróðrarstöðvar Bartrams. Síðar sama ár snúa þeir til baka úr för sinni og kemur þá Maclure sjálfur með viðbót til gróðrarstöðvarinnar. Á meðal þess sem ferðaðist með þeim til baka, var áðurnefnd jólastjarna.

Robert nokkur Buist staðfestir m.a. í skrifum sínum árið 1828 að hafa séð þessar plöntur í fyrsta sinn á ævinni, einmitt hjá Bartram-fjölskyldunni. Sami maður fékk svo heiðurinn af því að kynna plöntuna áfram fyrir Evrópubúum, ekki síst gegnum tengingar sínar við James McNab hjá Grasagarði Edinborgar. Buist var einmitt áður við læri í Edinborg. Það er því miður sami Buist sem heldur á lofti í Evrópu hinni röngu sögu að plantan hafi fundist fyrir tilstilli Poinsett, vitandi þó sjálfur betur að hún kemur fyrst til Bandaríkjanna gegnum Bartram-fjölskylduna og tengingar hennar.

Skiptir það máli? Í raun ekki, þó eintök Bartram-garðsins hafi líklega verið fyrstu lifandi plönturnar sem fluttar voru frá Mexíkó og fóru svo í almennilega ræktun þá var plantan vel þekkt í Mexíkó um langa tíð áður. Einnig var hún þekkt í Evrópu upp að vissu marki þar sem nokkrir landkönnuðir höfðu tekið með heim sýni af henni, þó ekki hafi verið um lifandi plöntuvefi að ræða. Meðal þeirra má t.d. nefna hinn merka mann Alexander von Humboldt en hann var ekki einu sinni fyrstur þeirra. Fróðlegt þótti mér engu að síður hversu áhugaverðar tengingar má finna hjá þessari vel þekktu plöntu og að hún skuli þar draga inn Bartram-fjölskylduna.
http://bartramsgarden.org/

***Kristján Friðbertsson.***


# Lífræn hreinsistöð






- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

# Áburðardreifarar



## AMAZONE ZA-X 1402 Perfect

Tvær dreifiskífur - meiri nákvæmni
1400 lítra - hægt að stækka í 1700 lítra

- 1400 lítra (2ja sekkja)
- Kögglasigti
- Ryðfríar skífur
- Vinnslubreidd: 10 - 18 m
- Mekanísk stilling
- Jaðarbúnaður
- Yfirbreiðsla.

**VISSIR ÞÚ** að AMAZONE hefur prófað megnið af þeim áburði sem seldur er á Íslandi og birtir sérstakar stillingar fyrir þann áburð á heimasíðu sinni, www.amazone.de - Einnig er hægt að nálgast app fyrir áburðarstillingarnar í i-Phone og Android síma.



Verð aðeins Kr. 950.000,- án VSK
*Aukabúnaður á mynd ekki innifalinn í verði: Upphækkun og ljósabúnaður

## AMAZONE ZA-X 602

Tvær dreifiskífur - meiri nákvæmni
600 lítra - hægt að stækka í 850 lítra

- 600 lítra (1 sekkur)
- Mekanísk stilling
- Kögglasigti
- Ryðfríar skífur
- Vinnslubreidd: 10 - 18 m
- Einfaldur, ódýr og vandaður dreifari



Verð aðeins Kr. 680.000,- án VSK
*Aukabúnaður á mynd ekki innifalinn í verði: Upphækkun

ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

# Lely Center Ísland



Baggaspjót

**Reykjavík:** Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



Fullþroskaðar goða- eða makademíahnetur á goðahnetutré.

# Goðahnetur eru dýrustu hnetur í heimi




**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is


**Goðahnetur teljast seint til helstu nytjajurta heims en vinsældir þeirra hafa vaxið mikið síðustu ár og verð á þeim er hátt. Hneturnar eru upprunnar í Ástralíu og þar sem framboð á þeim er mun minni en eftirspurn og ræktun að aukast. Talið er að Kína verði stærsti ræktandi goðahneta í heimi árið 2030.**

Árið 2018 er áætlað að heimsframleiðsla goðahneta hafi verið 211 þúsund tonn en var 160 tonn árið 2015. Framleiðslan í Suður-Afríku, sem er sú mesta í heimi, var 48 þúsund tonn 2015 en hafði aukist í 54 þúsund tonn 2018. Ástralía er í öðru sæti þegar kemur að ræktun og framleiðslu á goðahnetum með um 40 þúsund tonn árið 2015. Havaíeyjar eru í þriðja sæti og áætluð framleiðsla þar árið 2017 um 22 þúsund tonn.

Af öðrum löndum þar sem goðahnetur eru ræktaðar til framleiðslu má nefna Brasilíu, suðurríki Bandaríkjanna, Norður-Ameríku, Kosta Ríka, Kenía, Kína, Bólevíu, Nýja-Sjáland, Gvatemala, Simbabve, Ísrael og Malaví.

Kínverjar hafa sett mikinn kraft í ræktun goðahnetutrjáa síðastliðin ár og líklegt er talið að Kína verði stærsti framleiðandi goðahneta árið 2030.

Ekki fundust upplýsingar um innflutning á goðahnetum til landsins á vef Hagstofu Íslands þar sem þær eru flokkaðar með öðrum hnetum í innflutningstölu. Auk þess sem eitthvað er flutt inn af goðahnetuolíu sem húð- og snyrtivörur.

Samkvæmt upplýsingum frá H-berg ehf. eru þeir eina fyrirtækið hér á landi sem flytur inn goða- eða makadamíahnetur. Halldór Berg Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að á síðasta ári hafi verði flutt inn um fjögur tonn af makadamíahnetum. „Við söltum þær hér og setjum í neytendapakkningar og vinsældir þeirra hafa aukist ört samhliða aukinni neyslu á ketófæði.“



Unghneta, fullþroskuð hneta, hneta með fræhýði og hneta tilbúin til neyslu.



Blöðin, leðurkennd, nokkur saman á stuttum stöngli, heilrennd, bylgjótt og glansandi.



Blómin hvít eða bleik á 5 til 13 sentímetra löngu axi með 300 til 600 blómum.

### *Ættkvíslin Macadamia og tegundin integrifolia*

Fjöldi tegunda innan ættkvíslarinnar Macadamia er nokkuð á reiki og þeim hefur fækkað með tímanum. Í dag teljast tegundirnar vera níu, sjö þeirra eru upprunnar í austurhluta Ástralíu, ein á Nýju-Kadelóníu-eyjum í Kyrrahafi og ein í Indónesíu. Allar tegundirnar eru í útrýmingarhættu í náttúrunni vegna ágangs manna í kjörlendi þeirra.

Tegundirnar eru sígræn og blómstrandi lauftré. Blöðin leðurkennd og nokkur saman á stuttum stöngli, heilrennd eða tennt, glansandi, misstór og löguð eftir tegundum. Mynda harðar hnetur með ætu og bragðgóðu aldinkjöti.

Tvær tegundir, Macadamia integrifolia og M. tetraphylla, en einkum M. integrifolia, sem báðar eru upprunnar í Ástralíu, eru ræktaðar til hnetuframleiðslu.

M. intergrifolia er sígrænt lítið eða meðalstórt tré, 2 til 12 metrar að hæð. Rótin grunn stólparót og út frá henni grunnar og víðfeðmar




Fullvaxin geta trén náð 12 metra hæð.

trefjarætur. Stofninn beinvaxinn, ljósbrúnn og flekkóttur og fremur grannur. Blöðin, leðurkennd, nokkur saman á stuttum stöngli, heilrennd, bylgjótt og glansandi en breytileg að lögun og stærð. Allt frá því að vera egg- eða lensulaga, 6 til 30 sentímetra löng og 2 til 13 að breidd. Blómin hvít eða bleik á 5 til 13 sentímetra löngu axi með 300 til 600 blómum, hvert einstakt blóm 10 til 15 millimetrar að lengd og með fjórum krónublöðum. Bæði sjálffrjóvgandi og frjóvgað með býflugum. Í fyrstu eru aldinin græn og mjúk en verða mjög hörð með auknum þroska, slétt og trékennd og með einu eða tveimur fræjum og 2,5 sentímetrar í þvermál.

### *Yrki í ræktun*

Fjöldi yrkja er í ræktun og eru sum þeirra blendingar M. integrifolia og M. tetraphylla. Dæmi um slíkan blending er yrkið 'Beaumont' sem er ræktað víða í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi og er með rauðleit blöð. Yrkið er olíurík og sætuminna en mörg önnur yrki. fljótsprottið og uppskerumikið. 'Nelmac' er blendingur sem aðallega er ræktaður í Suður-Afríku. Hnetan er sæt og þykir góð óristuð. Á það til að skemmast fyrir uppskeru þar sem ólíkt öðrum goðahnetum er gat á hnetum afbrigðisins sem skordýr eiga til að skríða inn um og verpa í fræin. Ræktun yrkisins 'Renown', sem einnig er blendingur, eykst frá ári til árs vegna mikillar uppskeru og bragð þeirra þykir ekki eins gott og margra annarra yrkja.

Yrkið 'Maroochy' er ástralskt og af tegundinni M. tetraphylla og þykir bragðgott. Oft notað sem frjósort með 'Beaumont'.

### *Upprunnin í Ástralíu*

Elstu minjar um forvera goðahnetutrjáa eru frjó sem talin eru vera um 50 milljón ára gömul og fundust í Queensland í Ástralíu. Vegna takmarkaðrar útbreiðslu trjánna er talið að þau hafi oftar en einu sinni verið á mörkum þess að deyja út en hjarað á litlum svæðum. Talið er að frumtegundin í Ástralíu hafi skipst í þær tegundir sem þekkjast í dag fyrir um 10.000 árum eða við lok síðustu ísaldar. Takmörkuð útbreiðsla orsakast meðal annars af stærð og þyngd fræjanna.

Nytjar frumbyggja í Ástralíu á trénu eru þekktar frá ómuna tíð. Frumbyggjunum þóttu goðahneturnar verðmætar og voru þær meðal annars notaðar sem gjafir og til að greiða skuldir.

Sagan segir að breski landkönnuðurinn og grasafræðingurinn Allan Cunningham hafi verið fyrstur Evrópumanna til að þurrka plöntuhluta af goðahnetutré og senda sýnishorn til Kew grasagarðsins í London árið 1828. Ástralinn Baron Ferdinand von Mueller, sem sagður er vera frumkvöðull grasafræðinnar í Ástralíu, mun hafa verið fyrsti maðurinn til að lýsa trénu í riti árið 1857. Mueller nefndi það á latínu í höfuðið á vini sínum, Skotanum og lækninum John MacAdam, og í dag kallast ættkvíslin Macadamia honum til heiðurs. Óvíst er talið að MacAdam hafi smakkað hneturnar sem eftir honum eru nefndar áður en hann lést. Landneminn og grasafræðingurinn Walter Hill er sagður hafa séð innfæddan dreng brjóta og borða kjarna hnetunnar í Queensland í Ástralíu árið 1858 og farið að fyrirmynd hans. Sagt er að auk þess að smakka á fræinu hafi Hill gróðursett annað fræ og tréð sem upp af því óx er sagt enn vera lifandi.

Eftir landnám Evrópumanna á Ástralíu hófst verslun, í smáum stíl, milli landnemanna og innfæddra sem söfnuðu hnetunum í náttúrunni. Stórtækastur innfæddra mun hafa verið foringi sem kallaðist King Jacky og tilheyrði ættflokki sem bjó við ána Logan í suðurhluta Brisbane í Queensland.



Goðahnetur í ræktun.



Þverskurður af ungri hnetu.



Goðahnetutré dafna best í jöfnu hitastigi og má það ekki fara niður fyrir 10° á Celsíus á meðan plönturnar eru ungar. Fullvaxin tré þola hitastig niður að frostmarki.



Í fyrstu eru aldinin græn og mjúk en verða mjög hörð með auknum þroska.

Fyrstu goðahnetutrjálundirnir voru gróðursettir 1866 og árið 1882 var farið að rækta trén á Havaí-eyjum sem skjólbelti fyrir sykurreyr. Fyrsti goðahnetulundurinn til hnetuframleiðslu, með 250 trjám, var aftur á móti planta í Nýju Suður-Wales 1888 og ári seinna er haft eftir grasafræðingnum Josep Mainden, sem þekktastur er fyrir rannsóknir sínar á tröllatrjám eða Eucalyptus, að hneturnar seljist vel og vel þess virði að rækta trén í stórum stíl.

Á fyrsta áratug síðustu aldar hefst umfangsmikil ræktun og framleiðsla á goðahnetum á Havaí-eyjum, meðal annars til að vega á móti samdrætti í eftirspurn á kaffibaunum frá Havaí.

Allt til ársins 1937 voru goðahnetutré ræktuð af fræjum en það ár tókst fyrst að fjölga þeim með ágræðslu og möguleikar á fjöldaframleiðslu trjánna eftir yrkjum í höfn. Í framhaldi af því hófst ræktun á trjánum í stórum stíl á Havaí og í framhaldinu í Ástralíu og suðurríkjum Norður-Ameríku.

Vinsælasta yrkið í ræktun um miðja síðustu öld kallaðist 'Royal Havaiian' og naut það mikill vinsælda í Norður-Ameríku.

Havaí-eyjar og Ástralíu voru stærstu framleiðendur goðahneta í heiminum allt fram á þessa öld en þá tók framleiðslan í Suður-Afríku kipp og er í dag sú mesta í heimi.

### *Nafnaspeki*

Latneska ættkvíslarheitið, Macadamia er til heiðurs skoska lækninum John MacAdam.



Goðahnetutínsluvél.

Tegundaheitið integrifolia vísar til þess að blöðin séu heilrennd en tetraphylla að blöðin vaxi fjögur saman í hnapp, tetra þýðir fjórir á grísku en phylla laufblað.

Enska heitið macadamia er komið úr latínu en á ensku þekkist einnig heitið Queensland nut, Frakkar segja noix macadamia, amande du noyer de Queensland eða noix de bancoul og Ítalir og Spánverjar makadamia. Þjóðverjar kalla hnetuna makadamianuß og makadam-Nuß. Finnar, Svíar og Norðmenn segja makadamia en Danir macadamianød.

Frumbyggjar í Ástralíu kalla goðahnetutrén kindal kindal en hneturnar gyndl, jindilli og boombera.

Á íslensku kallast hnetan goðahneta og er þar vísað til Lokaskeggsættarinnar sem kallast Proteaceae latínu. Latínuheitið er komi frá Svíanum Carl Linnaeus og dregið af nafni gríska vatna- og sjávarguðsins Prómeteus sem líkt og Loki gat breytt sér í ýmissa kvikinda líki.

### *Ræktun*

Eftir að menn komust upp á lag með ágræðslu í ræktun goðahnetutrjáa óx ræktunin hratt þrátt fyrir að eftirspurn í dag sé meiri en framleiðslan. Sáðplöntur eru allt að tíu ár að ná aldinþroska og gæði þeirra misjöfn. Að öllu jöfnu gefa trén af sér í 70 til 100 ár.

Trén dafna best í vel framræstum og næringarríkum jarðvegi þar sem úrkoma er ekki minni en tvö þúsund millimetrar á ári. Plantan kýs jafnt hitastig og má það ekki fara niður fyrir 10° á Celsíus á meðan plönturnar eru ungar. Fullvaxin tré þola hitastig niður að frostmarki.

Eftir frjóvgun sem í ræktun er mest með býflugum myndast um 20 aldin eða hnetur á hverju axi. Blómgun trjáa á sér stað á fjögurra til sex mánaða tímabili og á aldinþroski trjáa sér því stað á löngu tímabili. Trén eiga það til að sleppa úr einu og einu blómgunarári eða draga verulega úr blómgun til að hvíla sig.

Mikil vinna er því við að vakta þroska og tína hneturnar af trjánum og uppskeran mikið unnin með höndum. Á stærstu ræktunarsvæðunum eru hneturnar hristar af trjánum með vélum fimm til sex sinnum á ári og þeim blásið saman áður en þeim er safnað.

Muldar hnetuskeljar og hænsnaskítur er mikið notað sem lífrænn áburður fyrir trén. Auk þess sem notaður er tilbúinn áburður og talsvert mikið af varnarefnum við ræktunina nema að hún sé lífræn.

Makadamía- eða goðahnetur eru mjög harðar og sagt að þær séu svipað harðar og ál af sama sverleika og eftir uppskeru eru þær valsaðar í eins konar hnetubrjót til að ná fræjunum úr skeljunum. Til að halda fræinu fersku er það geymt við 1,5% rakastig og síðan er það þurrkað í ofni við ríflega 100° á Celsíus.

Uppskera er breytileg eftir yrkjum og ræktunarstöðum og þykir gott að trén gefi af sér 13 til 23 kíló af hnetum á ári.

### *Þjóðtrú frumbyggja*

Samkvæmt trú frumbyggja í Ástralíu er uppruni goðahneta í draumatímanum.

Eitt sinn þegar Yindingie, guð sendiboðanna, var að yfirgefa Fjallið þar sem hann bjó þurfti Budjilla fólkið að ákveða hver ætti að gæta ólíkra hluta landsins á meðan guðinn væri í burtu. Auðveldlega gekk að fá fólk til að gæta flestra landshlutanna en erfiðlegar gekk að fá einhvern til að gæta Fjallsins. Að lokum gaf sig fram maður að nafni Baphal.

Baphal bjó sig til ferðarinnar til Fjallsins sem var bæði löng og erfið. Án vitundar Baphal faldi vinur hans, gimsteinaeðlan, sig í bakpokanum hans og fór með í ferðalagið. Eftir langa göngu sá Baphal að hann nálgaðist Fjallið og að lokum kom hann að rótum þess. Þegar Baphal opnaði bakpokann stökk gimsteinaeðlan upp úr honum. Baphal brá í fyrstu en var svo ánægður að sjá vin sinn og spurði hvers vegna hann væri þarna. Gimsteinaeðlan svaraði að hún hefði ekki vilja láta vin sinn fara einan í þessa löngu ferð. „Ég faldi mig því í bakpokanum til að geta fylgt þér.“

Einu sinni þegar Baphal var einn á ferð féll hann og slasaðist á fæti og gat ekki gengið og varð matar- og vatnslaus. Gimsteinaeðlan sem sá að vinur hann var slasaður fór til steinpokadýrsins og spurði ráða. Steinpokadýrið sagði gimsteinaeðlunni að þeir yrðu að sækja vatn. Því næst sóttu þeir vatnsskjóðu Baphal og fóru að uppsprettu en þegar þangað kom náði steinpokadýrið ekki niður að vatninu. Eðlan og pokadýrið báðu kengúru að teygja sig í vatnið sem hún gerði og rétti steinpokadýrinu skjóðuna sem aftur rétti gimsteinaeðlunni hana og hún fór með vatnið til Baphal.

Næsta skref var að útvega mat. Að þessu sinni stakk steinpokadýrið upp á að leita ásjár hjá kakadúanum sem tók vel í beiðnina. Kakadúinn flaug af stað og safnaði goðahnetum og dreifði þeim um Fjallið svo að Baphal gæti fundið sér mat að borða.

Steinpokadýrið og gimsteinaeðlan sáu að Baphal var of veikburða til að bera sig eftir björginni og þurfti á hjálp fólksins í ættbálki sínum að halda. Með hjálp kakadúans kveiktu þau eld með grænu laufi og goðahnetum. Þegar ættmenn Baphal sáu reykinn vissi það að Baphal var í vanda og sendi flokk manna til að bjarga honum. eEnn þann dag í dag kallast Fjallið Baphalsfjall, gimsteinaeðlan Baphalseðla og goðahneturnar Baphalshnetur.

### *Nytjar*

Í hundrað grömmum af goðahnetum er að finna 740 kaloríur. Þær eru allt að 80% fita, 14% kolvetni, 9% trefjar og 8% prótein. Auk þess sem þær innihalda mikið af B vítamíni, og steinefnum eins og mangan, járni, magnesíum, járni og fosfór.

Vegna mikils fituinnihalds eru goðahnetur vinsælar sem ketófæða. Hneturnar eru einnig vinsælar, hvort sem er hráar eða ristaðar í salat, eftirrétti og bakstur en úrgangshnetur fara í dýrafóður. Úr hnetunum er unnin olía sem notuð er í húðvörur og trjánum er plantað út sem stássplöntum í skrúðgörðum.

Skel goðahnetunnar er um 70% af þyngd hennar og þær malaðar og notaðar sem lífrænn áburður á hnetutrén í ræktun.

### *Goðahnetur á Íslandi*

Lítið hefur farið fyrir goðaeða makadamíahnetum hér á landi til þessa. Í auglýsingu í Morgunblaðinu í mars 1986 má sjá auglýsingu frá Hnetubarnum á Laugavegi 33 þar sem verslunin býður til sölu ýmiss konar hnetur. Má þar nefna jógúrthúðaðar hnetur, cashew, „macadamia“ og hunangshnetur.

Hneturnar eru því talsverð nýlunda hér og ekki fyrr en á síðasta ári sem farið var flytja þær inn og selja í einhverju magni hér á landi.

LESENDABÁS

# Höfðingleg gjöf Magnúsar Óskarssonar

***Þú átt að vernda og verja,***
***þótt virðist það ekki fært,***
***allt, sem er hug þínum heilagt***
***og hjarta þínu kært.***

Þannig kvað þjóðskáld sveitanna, Guðmundur Ingi Kristjánsson, og nú kemur mér þessi hugsun skáldsins í hug þegar Magnús Óskarsson kennari hefur kvatt þetta líf og gefið skóla sínum, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, stórbrotna gjöf að leiðarlokum.

Allir þeir sem sátu við fótskör Magnúsar Óskarssonar, kennara og fræðimanns á Hvanneyri, varð það ljóst að þar fór einstakur maður. Ég heyrði aldrei neinn nemanda hans hnjóða í hann eða efast um vilja hans að verða hverjum og einum að liði. Magnús er guðfaðir þeirrar ræktunarstefnu í jarðrækt sem ríkt hefur hér á landi í sextíu ár.

### *Einn af frumkvöðlum í íslenskri tilrauna- og ræktunarsögu*

Magnús varð búfræðikandidat frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1953 og tveimur árum síðar kom hann til starfa eftir framhaldsnám og störf í Danmörku og hóf kennslu við skólann. Magnús hóf tilraunir í jarðrækt og telst einn af frumkvöðlum í íslenskri tilrauna- og ræktunarsögu á sviði landbúnaðarins. Magnús var prúðmenni, sem bjó yfir einstakri auðmýkt og náði inn að hjartanu á nemendum sínum. Ef nemendum hans gekk illa á prófi eða í námsgreininni þá skammaði hann ekki nemendurna. Hann tók sökina á sig og hóf að útskýra málið betur.


Guðni Ágústsson.

### *Hinn mikli sáðmaður*

Ef horft er yfir allar framfarir landbúnaðarins síðustu áratugi, með grænum túnum og bleikum ökrum og góða ræktunarbændur, kemur nafn Magnúsar Óskarssonar upp í hugann. Bændurnir og ráðunautarnir voru hans, og sannarlega var hann bæði faðir og móðir þeirra í fræðunum. Hann var hinn mikli sáðmaður sem sá grösin spretta í fótsporum nemenda sinna. Nemendur hans bæði bændurnir og ekki síður ráðunautarnir mótaðir af þeim áhuga hans, hlaðnir þeirri vissu og vilja að íslenska gróðurmoldin myndi endurgjalda sáðmanninum þekkingu sína.


**Magnús Óskarsson í apríl 2004 fyrir framan málverkið af sér sem Baltasar Samper myndlistarmaður málaði.** Mynd / Jóhannes Torfason Torfalæk II

Heilan vetur sat ég Magnúsi til hægri handar í matstofu Hvanneyrarskóla ásamt galsafengnum hópi ungra manna. Aldrei skipti hann skapi, heldur tók af hógværð þátt í glensinu en mælti eins og góður faðir viturleg orð þegar ærslin ætluðu úr böndunum. Líf Magnúsar var helgað þeirri blessun að verða að liði og gera skyldu sína gagnvart landbúnaðinum og færa þjóðinni þar með matvörur sem urðu til í hreinni náttúru, og afurðir frá búfé sem er heilbrigt. Nú er Ísland eitt besta matvælaland heims með mikla sérstöðu, þar átti Magnús frumkvæði og skrifaði brot af handritinu.

Nú hefur Magnús fært Landbúnaðarháskólanum að gjöf allan peningalegan afrakstur lífs síns. Landbúnaðarháskólanum óska ég til hamingju með gjöfina. Nú er mikilvægt að gjöfin verði lífshugsjón Magnúsar að liði við að efla ræktunarbúskap og þekkingaröflun í landbúnaði. Lao Tse segir þetta í Bókinni um veginn:

„Sá sem líkist Upphafinu, stendur stöðugur. Hann er eins og jurt, sem á sér djúpar rætur og sterkan legg. Þetta veitir langa ævi og varanlegan orðstír."

Blessuð sé gjöfin og hugurinn sem henni fylgir og minningin um þann einstaka mann, sem Magnús Óskarsson hafði að geyma.

***Guðni Ágústsson***
*fyrrverandi landbúnaðarráðherra*

# Þeir skella skollaeyrum við

**Við sem börðumst gegn þriðja orkupakkanum munum sjaldan gleyma því hjálparleysi sem helltist yfir okkur þegar við reyndum með öllum leiðum til að fá stjórnvöld til að nema staðar og íhuga afstöðu sína en allt kom fyrir ekki, pakkinn fór í gegn. Það eru atvik sem þessi sem kenna okkur hversu lítið íslenska þjóðin hefur um mál sín að segja og að kosningum loknum er líkt og ráðamenn skelli skollaeyrum við okkur og hætti að hlusta.**

Þetta fyrirkomulag hefur ekki reynst okkur vel og það sýnir okkur hversu mikilvægt embætti forsetans er þegar ríkisstjórnin fer út af sporinu. Það er þá sem það verður í hans verkahring að bregðast við og standa með þjóðinni en sitja ekki aðgerðalaus hjá og skrifa umyrðalaust undir hvað sem frá stjórnvöldum kemur. Hann á að vera öryggisventillinn okkar og það er mun stærra og mikilvægara hlutverk en að brosa framan í myndavélina eða mæta í veislur með erlendum þjóðhöfðingjum.

Ólafur Ragnar Grímsson var fyrsti forsetinn til að nýta málskotsréttinn og virkja þannig beint lýðræði í landinu og verð ég honum ævinlega þakklátur fyrir það. Hugrekki Ólafs Ragnars gaf okkur ónotað og nýtt vopn í baráttunni gegn spillingunni sem varð m.a. til þess að við höfnuðum svokölluðum „Svavarssamningi" og spöruðum þjóðinni himinháar fjárhæðir. Tók Ólafur Ragnar þarna fyrsta skrefið í að virkja forsetaembættið til góðs fyrir þjóðina en það er einmitt það sem þarf ef við ætlum að eygja von í baráttunni gegn spillingu.


Guðmundur Franklín Jónsson.

Það er víða pottur brotinn þegar kemur að stjórn landsins. Lengi hefur ríkiskassinn verið lekur og erfitt hefur reynst að henda reiður á uppruna lekans eða hvar og hjá hverjum fjármagnið endar. Það eina sem víst er að það endar ekki í vasa almennings. Eins höfum við setið uppi með óteljandi óhagstæðar lagasetningar og reglugerðir sem koma í veg fyrir að stéttir landsins geti starfað á heilbrigðan hátt og þar er bændastéttin svo sannarlega engin undantekning. Hún hefur mátt kljást við kostnaðarsama milliliði og regluverk sem hefur bókstaflega staðið í vegi fyrir starfseminni. Þessu þarf að breyta, það er engum greiði gerður með hærra verði á íslenskri framleiðslu en nauðsyn krefur.

Okkur hlýtur öllum að vera ljóst að beint lýðræði er margfalt lýðræðislegra en lýðræði sem byggist á því að velja fólk á fjögurra ára fresti og vona síðan að það standi við það sem það lofar. Þess vegna er nauðsynlegt að nota málskotsréttinn oftar og spyrna þjóðaratkvæðagreiðslum saman við skipulagðar kosningar eða nota rafrænu skilríkin til að leyfa þjóðinni að kjósa í ágreiningsmálum. Við þurfum að byrja að vinda ofan af keflinu sem gefur kjörnum fulltrúum réttinn til að hegða sér eins og þeim sýnist í fjögur ár á milli þess sem þeir lofa öllu fögru. Við þurfum að færa þetta vald til þjóðarinnar því valdið átti alltaf að vera hennar. Það er skylda forsetans að leyfa þjóðinni að eiga síðasta orðið í mikilvægum málefnum sem hana varðar.

***Guðmundur Franklín Jónsson***
*forsetaframbjóðandi*

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir


MHG VERSLUN
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

BÆKUR & MENNING

## Jón Þ. Þór með nýja bók:

# Víkingar og væringjar

**Urður bókafélag á Hellu hefur gefið út bókina Víkingar og væringjar eftir Jón Þ. Þór sagnfræðing.**




Víkingaöldin er eitt áhugaverðasta og merkasta tímabil í gjörvallri sögu Norðurlanda. Hún stóð frá því skömmu fyrir aldamótin 800 og fram á síðari hluta elleftu aldar. Á víkingaöld urðu Norðurlandabúar hlutgengir Evrópumenn. Þeir fóru í víkingaferðir til Bretlandseyja, Frakklands, suður í Miðjarðarhaf, austur til Rússlands og Svartahafs, fundu og námu ný lönd í Norður-Atlantshafi – Færeyjar, Ísland og Grænland – og sigldu all vestur til Ameríku. Margir Norðurlandabúar, þeirra á meðal nokkrir Íslendingar, gengu í þjónustu keisarans í Miklagarði (Konstantínópel, nú Istanbúl), voru hermenn hans og lífverðir. Þeir voru nefndir væringjar.

Í þessari fróðlegu og læsilegu bók rekur Jón Þ. Þór megindrætti í sögu víkingaaldar, lýsir herferðum víkinganna, landkönnun og landafundum, kaupferðum og myndun kaupstaða og konungsríkja á Norðurlöndum.



**Jón Þ. Þór.**

Jón Þ. Þór er í hópi þekktustu og áhrifaríkustu sagnfræðinga á Íslandi. Hann hefur skrifað á sjötta tug bóka auk fjölmargra blaða- og tímaritsgreina sem birst hafa hér á landi og erlendis.

Bókin er fáanleg hjá öllum bóksölum og einnig má panta hana beint frá forlaginu á netfanginu: urdur@urdur.is og í síma 565-4625


**Lely Center Ísland**

**IAE STÍUGRINDUR**




**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600


## Ársfundur – stjórnarkjör 2020

LSB Lífeyrissjóður bænda

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn fimmtudaginn 12. júní 2020 kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:
- Venjuleg ársfundarstörf.
- Stjórnarkjör skv. samþykktum.
- Önnur mál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu.

**LSB auglýsir eftir framboðum til setu í stjórn sjóðsins:**
- Tvö sæti í aðalstjórn til fjögurra ára.

Þeir sem gefa kost á sér þurfa að fullnægja kröfum um hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. lögum nr. 129/1997, reglum FME og samþykktum sjóðsins og vera tilbúnir til að gangast undir hæfismat FME. Framboðsfrestur er til 14. maí 2020.

Upplýsingar um stjórnarkjörið og hvaða gögnum beri að skila vegna framboða til setu í stjórn sjóðsins má sjá á heimasíðu sjóðsins, www.lsb.is.

**Stjórn Lífeyrissjóðs bænda**

**Lífeyrissjóður bænda - Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík**
**Sími 563 1300 - lsb@lsb.is - www.lsb.is**


SIL-ALL 4x4+

MEIRA FÓÐUR, LYSTUGRA FÓÐUR

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is






GRÆNU VELFERÐARGÓLFIN

Nánari upplýsingar gefur:

Grétar Hrafn Harðarson
S: 892-1480
Nf: gretarhrafn@simnet.is


RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

## Ráðunautur í jarðrækt

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni sem gæti sinnt fjölbreyttu þróunar- og ráðgjafarstarfi á sviði jarðræktar og umhverfismála.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Þátttaka í ráðgjafateymum RML sem sinna jarðræktar- og umhverfismálum.
- Vinna við almennar leiðbeiningar í jarðrækt og á útiræktuðu grænmeti.
- Ráðgjöf í jarðvinnslu, áburðargjöf og val á yrkjum.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. líkanagerð í excel og þróunarverkefni .

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking eða framhaldsmenntun á sviði jarðræktar og umhverfismála.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Þekking á verkefnastjórnun kostur.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafastarfsemi RML. Gert er ráð fyrir að starfsstöð viðkomandi verði á einni af starfstöðum RML á Suðurlandi.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 18. maí. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Borgar Páll Bragason bpb@rml.is fagstjóri.




# Áveitur í Vestur-Landeyjum fyrri hluta 20. aldar

**Snemma á 20. öld voru áveitur í tísku. Er Flóaáveitan þar frægust, en á árunum 1918–1927 voru grafnir miklir áveituskurðir og vatni úr Hvítá veitt á Flóann. Höfðu bændur tekið eftir því að gras spratt betur þar sem jökulár flæddu af og til yfir bakkana https://is.wikipedia.org/wiki/Fl%C3%B3a%C3%A1veitan**

Vestur-Landeyingar, og þá ekki síst Álfhólabændur, létu sitt ekki eftir liggja. Er sú saga minna þekkt og skal nú bætt úr því. Byggt er á hljóðrituðum viðtölum sem höfundur tók 1995 við Ágúst Jónsson í Sigluvík (1910–1999). Ágúst var alinn upp í Álfhólum og bjó þar uns hann hóf búskap í Sigluvík 1935. Höfundur tók ljósmyndir af leifum stíflumannvirkja, aðallega stóru stíflunnar í Fljótsvegi suður af Álfhólum, sjá hér aftar.


Fljótsvegsstíflan. Mynd / ÞÖÁ 2018


Eldri Þverár-Álfhóla áveita.


Eldri Þverár-Álfhóla áveita. Séð til suðurs. Myndir teknar í ágúst 1995.


Skurður sem flutti áveituvatnið austur yfir Álfhóla-Eyju. Annar skurður flutti öllu meira vatn til vesturs. Mynd / ÞÖÁ 2018

### *Fljótsvegsveitan í Álfhólum*

Fljótsvegur er lítil á með upptök nálægt Þverá skammt austan við bæinn Hemlu við Þjóðveg 1, og rennur niður V-Landeyjar og í Lónið milli Skipagerðis og Álfhólahjáleigu og þar út í sjó. Nafnið bendir til að þetta hafi einhvern tíma verið einn af ótal farvegum Markarfljóts þegar hluti af því rann af og til vestur með Fljótshlíð í Þverá. Efri hluta Fljótsvegarins hefur nú verið breytt í skurði en neðan til verður hann enn talsvert vatnsfall í vatnavöxtum.

Það hefur líklega verið árið 1918 að hlaðin var mikil stífla í Fljótsveginn við Álfhóla og gerð áveita. Vatni var veitt austur um Álfhóla-Eyju og þó aðallega vestur í lækinn Görn um handgrafinn skurð framan við Búðatóft, tóft eftir sjóbúðir Fljótshlíðinga og Hvolhreppinga frá því að sjóróðrar voru stundaðir frá Landeyjasandi. (Þessar tættur eru komnar syðst undir tún Álfhólahjáleigu). Áveitan var til þess að auka grasvöxt, einnig sléttaðist landið er ís lagðist yfir og pressaði niður þúfurnar þegar vatnið seig undan honum. Einnig var hlaðið í Görnina til að halda vatninu og veita því á stórt fremur sendið svæði í Álfhóla-Nesi. Svo var gerður annar skurður til að veita vatninu af landinu þegar kom að slætti. Hluti af áveituvatninu hefur verið jökulvatn úr Þverá, því hún rann á þessum tíma stundum í Fljótsveginn fyrir austan Hemlu.

Stíflan í Fljótsveginum gaf sig og var endurhlaðin. Ásgeir L. Jónsson kom að endurgerð stíflunnar, eins og lesa má í dagbók hans frá 12. júlí 1922. Þar er riss að stíflunni og málsetning, sjá myndir í lok þessa skjals.

Seinni áveituhleðslan fer úr Fljótsveginum árið 1928. Sú tímasetning er örugg því Bjarni Jónsson á Álfhólum, sem smíðað hafði botnloku í stífluna, deyr úr lungnabólgu á Þorláksmessu það ár. Hann hafði verið að smíða utan um stúlku í Ey nokkrum vikum áður og orðið kalt. Kistan utan um Bjarna var smíðuð úr timbri úr stokki hleðslunnar sem hann hafði smíðað.

### *Vatni veitt úr Þverá*

Á árunum í kringum 1920 var jökulvatni veitt úr Þverá, u.þ.b. 2 km fyrir neðan brú á þjóðvegi 1. Því var veitt í rásir austur undir bæina Strönd og Strandarhjáleigu og þaðan niður alla mýri, m.a. í lækinn sem rann niður milli Álfhóla og Sleifar. Hlaðnar voru margar hleðslur þvert yfir lækinn til að halda vatninu og sjást þær víða enn.

Handgrafnir voru tveir skurðir úr Þverá. Helgi Bjarnason á Forsæti (1889–1959) gróf fyrri skurðinn í akkorði (10 aurar á fermetra). Síðar gróf Valdimar Jónsson á Álfhólum (1891–1985) annan skurð úr ánni á heppilegri stað, með því að plægja með hestum 6–8 plógför og taka svo upp plógstrengina. Hleypt var á vatni úr Þverá um miðjan maí og lokað skömmu fyrir slátt.

Í miklum flóðum þegar ís var að ryðja sig af Þverá mynduðust klakastíflur. Fór vatnið þá yfir bakkana niður fyrir Uxahrygg og komu miklir ísdrekar niður alla mýri. Með slíkum ísstíflum urðu Djúpós og Valalækur til og veittu miklu vatni bæði yfir Safamýri í Þykkvabæ og ytri hluta Vestur-Landeyja svo margir bæir fóru í eyði. Slík klakastífluflóð héldu áfram eftir að jökulvatnið var hætt að flæða í ánni eftir að gerðar voru stíflur frá Þórólfsfelli um Stóra-Dímon að gömlu Markarfljótsbrúnni þegar hún var byggð 1934.

Þegar kom fram undir miðja 20. öld sneru menn við blaðinu. Í stað þess að veita vatni á votlendið skyldi það þurrkað. Þá komu skurðgröfur til sögunnar og í stað handgrafinna áveituskurða komu vélgrafnir framræsluskurðir, og í stað áburðarefna úr áveituvatni kom tilbúinn áburður til sögunnar.

*__Þorvaldur Örn Árnason__, byggt á frásögn Ágústs Jónssonar 1995.*



Bændablaðið
Kemur næst út
20. maí
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi



Teikning og mál síðari Fljótsvegsstíflunnar. Mynd / Úr dagbók Ásgeirs L. Jónssonar


Garður og handgrafinn skurður sem mun hafa veitt áveituvatni af landinu í Nesinu í Álfhólum. Mynd / ÞÖÁ 2018


Sami skurður og garður, sunnar. Mynd / ÞÖÁ 2018

LESENDABÁS

# Hvort er auðveldara að banna veirur eða skipta um skoðun?

**Ég held að við séum öll sammála um að hægt er að skipta um skoðun. Og ef reynslan kennir að það gæti verið skynsamlegt þá er einboðið að gera það. En er hægt að banna veirur?**

Það heldur ríkisstjórn Íslands og Alþingi. Þegar ákveðið var að leggja árar í bát og gefast upp gagnvart regluverki EES samningsins og heimila innflutning á hráu kjöti var því lýst yfir að þetta væri í góðu lagi því Íslendingar hefðu ákveðið að taka forystu á heimsvísu – eins og stundum áður – að þessu sinni í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi.

*„Fyrsta þjóðin í heiminum“*

Eftir að ákveðið var að opna fyrir innflutning á hráu kjöti „tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að Íslendingar yrðu fyrsta þjóðin í heiminum til að banna dreifingu og sölu á matvælum sem innihalda ákveðnar tegundir af sýklalyfjaónæmum bakteríum“. Þetta skrifar stjórnarþingmaður í dagblað fyrir fáeinum vikum en áður hafði ríkisstjórnin kynnt þjóðinni í hlaðvarpanum á Tilraunastöð Háskólans á Keldum „aðgerðaáætlun í 17 liðum“ til að efla matvælaöryggi. Þótti sumum ósmekklegt að tilkynna undanhaldið á Keldum þaðan sem kraftmestu varnaðarorðin hafa komið í áratugi gegn hvers kyns tilslökunum hvað varðar matvælaöryggi.

*Heilsufar ofar viðskiptahagsmunum*

Varnaðarorð okkar bestu sérfræðinga í gegnum tíðina eru ófá.

Í því sambandi má til dæmis minna á fyrirlestra og greinaskrif manna á borð við Vilhjálm Svansson, dýralækni á Keldum, og Karl G. Kristinsson, prófessor við Háskóla Íslands og yfirlækni sýklafræðideildar Landspítalans. Málflutningur þeirra og margra annarra sem tekið hafa í svipaðan streng varð til þess að margir vildu nú endurmat á EES samningnum í ljósi þeirrar vaxandi vár sem sýklalyfjaónæmi væri að verða í heiminum. Í þeim samningi er einmitt ákvæði sem segir að heilsufarsástæður eigi að vega þyngra en viðskiptaleg sjónarmið – nokkuð sem ætti að skiljast betur nú en fyrir kórónainnrásina.



Ögmundur Jónasson.

Þá minnist ég fundar á vegum Framsóknarflokksins á Hótel Sögu á síðasta ári þar sem einum fremsta vísindamanni Bandaríkjanna á þessu sviði, Lance Price, prófessor við George Washington háskóla, hafði verið boðið að halda fyrirlestur. Hann var spurður hvort hann ætti eitthvert eitt ráð handa íslenskum stjórnvöldum. Slíkt ráð átti hann:

Ekki gefa eftir þá öfundsverðu stöðu sem þið hafið með ströngum innflutningstakmörkunum. Þannig getið þið best spornað við því að þið fáið sýklalyfjaónæmi inn á ykkar matborð.

*Getum heft sýklaberann en síður sýkilinn*

Þarna birtist kjarni málsins. Allir vilja sporna gegn óæskilegum veirum og bakteríum. Spurningin er hvernig það verði best gert. Og svar sérfræðinganna var að það yrði best gert með fyrirbyggjandi aðgerðum. Halda eigi á okkar matborði, eftir því sem nokkur kostur er, einvörðungu vörum sem bera ekki smit og allra síst bakteríur sem eru orðnar ónæmar fyrir sýklalyfjum eins og er að finna í vaxandi magni í kjötvöru sem í framtíðinni verður á matseðli Íslendinga í boði ríkisstjórnar og Alþingis.

Með ströngum innflutningstakmörkunum má hins vegar draga úr líkum á smiti. Allt snýst um líkur. Þeim þankagangi kynnumst við vel þessa dagana í stríðinu við veiruna ágengu. Hún er ósýnileg mannlegu auga, smýgur hvarvetna sem smogið verður. Spurningin snýst þá um að takmarka ferðamöguleika hennar.

*Hægt að skipta um skoðun*

Lærdómurinn, fyrr og rækilega staðfestur nú síðar, er að við getum sett skorður við ferðum fólks og flutningi á matvöru sem kann að bera smit. En eftir stendur að hvorki bakteríur né veirur getum við bannað með lögum. Jafnvel fremsta þjóð í heiminum er þess ekki umkomin.

Hún getur hins vegar endurskoðað fyrri afstöðu reynist hún hafa verið röng. Til dæmis gæti ríkisstjórn og Alþingi endurskoðað áður veittar heimildir til innflutnings á hráu kjöti.

*Ögmundur Jónasson.*

MÁLFAR & MÁLNOTKUN

## Útsettur

**Þegar sjúkdómsfaraldur geisar er gjarnan talað um að fólk sé „útsett“ fyrir sjúkdómnum. Hér er á ferðinni orð sem er fengið að láni frá skandinavísku málunum; udsat/utsatt.**

Mér finnst þetta orð ekki passa vel inn í íslenskt mál því merking þess er mjög ólík merkingunni þegar orðin eru aðskilin – út settur. Á mínu heimili eru flækingskettir skilyrðislaust út settir ef þeir sleppa inn. Hlutverk heilbrigðisyfirvalda er að vinna að því að umgangspestir séu út settar úr íslensku samfélagi eins og aðrir flækingar.

Tónlist er útsett en það ber nýrra við ef hljóðfæraleikarar eru það líka! Mér finnst eðlilegra að segja að þeir séu berskjaldaðir eða næmir fyrir smiti frekar en að þeir séu útsettir enda kallast vörn líkamans ónæmiskerfi.

*Þorsteinn Guðmundsson*


Lely Center Ísland



KÚPLINGAR í flestar gerðir dráttarvéla

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



STRANDSVÆÐISSKIPULAG
Á VESTFJÖRÐUM

Hafin er vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Lýsing
Svæðisráð auglýsir lýsingu verkefnisins, þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að gerð strandssvæðisskipulagsins. Lýsingin er aðgengileg hjá Skipulagsstofnun og á hafskipulag.is frá **7. maí** til **1. júní 2020**. Nálgast má prentað eintak hjá Skipulagsstofnun.

Allir eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum um nálgun og efnistök í skipulagsvinnunni. Ábendingar þurfa að vera skriflegar og má koma á framfæri bréfleiðis til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á **hafskipulag@skipulag.is** eða á athugasemdagátt á **hafskipulag.is**. Frestur til að koma á framfæri ábendingum er til **1. júní 2020**.
Lýsingin er kynnt samkvæmt 11. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samráðsvefsjá
Hvernig nýtir þú þér strandsvæði Vestfjarða?
Hverjar eru þínar hugmyndir fyrir framtíð svæðisins?
Taktu þátt á hafskipulag.is

Kynningarfundur
Kynningarfundur um lýsinguna verður haldinn sem veffundur þann **12. maí, kl. 15.00** í streymi á Facebook síðu Skipulagsstofnunar.

Nánari upplýsingar má nálgast á hafskipulag.is.

Skipulagsstofnun - Borgartúni 7b - 105 Reykjavík



STRANDSVÆÐISSKIPULAG
Á AUSTFJÖRÐUM

Hafin er vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum á grundvelli laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Lýsing
Svæðisráð auglýsir lýsingu verkefnisins, þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að gerð strandssvæðisskipulagsins. Lýsingin er aðgengileg hjá Skipulagsstofnun og á hafskipulag.is frá **7. maí** til **1. júní 2020**. Nálgast má prentað eintak hjá Skipulagsstofnun.

Allir eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum um nálgun og efnistök í skipulagsvinnunni. Ábendingar þurfa að vera skriflegar og má koma á framfæri bréfleiðis til Skipulagsstofnunar, með tölvupósti á **hafskipulag@skipulag.is** eða á athugasemdagátt á **hafskipulag.is**. Frestur til að koma á framfæri ábendingum er til **1. júní 2020**.
Lýsingin er kynnt samkvæmt 11. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samráðsvefsjá
Hvernig nýtir þú þér strandsvæði Austfjarða?
Hverjar eru þínar hugmyndir fyrir framtíð svæðisins?
Taktu þátt á hafskipulag.is

Kynningarfundur
Kynningarfundur um lýsinguna verður haldinn sem veffundur þann **13. maí kl 15.00** í streymi á Facebooksíðu Skipulagsstofnunar.

Nánari upplýsingar má nálgast á hafskipulag.is.

Skipulagsstofnun - Borgartúni 7b - 105 Reykjavík

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Allium cepa – matlaukur – plöntur á Reykjum 2013.

# Matlaukar

**Laukar af ýmsu tagi eru matjurtir sem sennilega eru til á hverju heimili enda gífurlega vinsælir í matargerð. Stærð, litur og bragð lauka er fjölbreytt og ýmist hægt að nota þá ferska eða eldaða.**

Almennt eru matlaukar ódýrir og af þeim sökum kannski einfaldast að nálgast þá í næstu verslun en þeir sem hafa prófað að rækta sína eigin matlauka eru líklegir til að halda því áfram því bragðið af nýuppteknum ferskum lauk úr eigin ræktun er ómótstæðilegt.

### *Snemmsprottin yrki*

Snemmsprottin yrki af venjulegum gulum matlauk og rauðlauk er hægt að rækta með prýðilegum árangri við íslenskar aðstæður, þótt laukarnir verði sennilega ekki eins stórir hérlendis og þeir verða á hlýrri slóðum. Stærðin skiptir hins vegar ekki öllu máli í þessu sambandi, ekki þegar bragðmagnið í ferska lauknum er tekið með í reikninginn.

Hægt er að sá til laukanna með fræjum en þeir vaxa hægt í byrjun og slík ræktun getur tekið marga mánuði. Auðveldast er að nálgast svokallaða sáðlauka í garðyrkjuverslunum snemma vors og setja þá niður svipað og kartöfluútsæði beint í mold, þegar fer að hlýna. Jarðvegur fyrir laukaræktun þarf að vera frjósamur og rakaheldinn og framræsla þarf að vera góð því laukarnir þola ekki að standa lengi í rennblautum jarðvegi. Jafnframt þarf að tryggja að vaxtarstaður þeirra sé sólríkur og í góðu skjóli og hér getur akrýldúkur komið að góðum notum, undir dúknum er hitastigið oft 1-3°C hærra en fyrir utan dúkinn og það munar um minna við íslensk skilyrði. Laukana er einnig hægt að rækta í pottum á svölum með góðum árangri, eins og dæmin sanna. Kosturinn við lauka á svölum er að þeir þurfa ekki mikið vaxtarrými og hægt að hafa nokkra saman í potti, potturinn þarf að standa þannig að ekki safnist vatn fyrir í honum.

### *5 til 10 cm milli laukanna*

Við niðursetningu sáðlauka á vorin er hægt að hafa um 5-10 cm millibil milli laukanna (og 20-25 cm milli raða ef þeir eru settir í beð) og eru þeir settir niður þannig að mjói endinn vísi upp, laukkakan niður. Gott er að miða við að laukurinn fari það langt niður að ofan á hann sé að minnsta kosti hæðin á lauknum sjálfum, þannig að ef laukurinn er 3 cm á lengd eru að minnsta 3 cm niður á toppinn á honum eftir gróðursetninguna.



Matjurtaræktun.



Allium cepa rauður – rauðlaukur – góðir sáðlaukar á Reykjum 22. maí 2013.

Laukblöðin eru löng og mjó og í roki er hætt við að brot komi í þau. Því getur verið ágæt að gera ráð fyrir stuðningi við laukblöðin þannig að þau leggist ekki í jörðina. Sáðlaukurinn byrjar á því að mynda blöð og nýtir til þess forða úr lauknum sjálfum. Blöðin eru lítil í fyrstu og þola illa samkeppni við illgresi, því þarf að hreinsa það í burtu jafnóðum. Þegar líður á sumarið eykst forðasöfnun neðanjarðar í lauknum og hann stækkar. Það fer eftir því hversu fljótsprottin viðkomandi yrki eru, hvenær hægt er að uppskera laukana en almennt má gera ráð fyrir því að sáðlaukar sem settir eru niður um miðjan maí á hlýjan og góðan vaxtarstað séu komnir með ágætis lauka upp úr miðjum ágúst. Þeir sem búa svo vel að eiga kalt gróðurhús ættu tvímælalaust að rækta matlauka.

### *Ofanjarðarblöðin sæt og safarík*

Laukana er hægt að taka upp í ágúst og nýta ferska og er þá um að gera að nýta bæði mjóu ofanjarðarblöðin, sem og sætan og safaríkan forðalaukinn. Ef ætlunin er að geyma laukana fram eftir hausti er hægt að bíða með upptöku þar til ofanjarðarblöðin fara að visna, þá eru laukarnir teknir upp og geymdir á þurrum stað þar til skænisblöðin (ystu blöðin í lauknum) eru orðin brúnleit eða rauðleit og þurr viðkomu.

Matlaukar eru bráðhollir og innihalda efni sem talin eru sótthreinsandi og styrkja ónæmiskerfið. Laukur ætti því að vera hluti af undirstöðufæðu allra.

***Guðríður Helgadóttir**, garðyrkjufræðingur*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Reynsla danskra bænda sýnir að kálfar vaxa hraðar og þeim farnast betur í rúmgóðum stíum.

# Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2020 *– þriðji hluti*



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Hið árlega og þekkta danska fagþing nautgriparæktarinnar „Kvægkongres“ var haldið á dögunum og venju samkvæmt voru þar flutt mörg áhugaverð og framsækin erindi og þó svo að mörg þeirra lúti sér í lagi að danskri nautgriparækt eru alltaf margir fyrirlestrar sem eiga ekki síður erindi við alla þá sem stunda nautgriparækt í Evrópu.**

Að þessu sinni voru erindin alls 68 talsins í tíu ólíkum málstofum. Í þessari grein verður haldið áfram umfjöllun um nokkur af hinum fróðlegu erindum sem flutt voru en fyrstu tveir hlutar umfjöllunarinnar um fagþingið voru birtir í síðustu tveimur Bændablöðum. Nú verður vikið að síðustu sjö málstofunum.

### *4–5. Kálfar og nautakjötframleiðsla*

Í þessum tveimur málstofum var sérstaklega horft til kálfaeldis og nautakjötsframleiðslu og í þessum málstofum voru flutt 10 erindi og sneru sjö þeirra að sérhæfðum dönskum aðstæðum og eiga ekki mikið erindi til íslenskra bænda en hin þrjú voru einkar áhugaverð. Það fyrsta fjallaði um mjög vaxandi notkun kúabænda á holdasæði við framleiðslu á blendingsnautum en afar margir bændur nýta sér í dag kyngreint sæði og fá því nóg af kvígum og geta leyft sér að sæða lakari kýrnar með holdasæði.

### *Holdablendingar framtíðarinnar*

Danir hafa nú komið á fót nýju rannsóknarverkefni sem kallast FutureBeefCross sem kalla mætti „Holdablendingar framtíðarinnar“ og er þessu verkefni ætlað að finna leiðir til að hámarka framleiðsluferlið, framleiða gott nautakjöt með lágu sótspori og góðri fóðurnýtingu.

Fyrstu niðurstöður þessa verkefnis liggja nú þegar fyrir, reyndar eru þetta enn drög að niðurstöðum, og sýna þær að í samanburði við hreina nautkálfa af Holstein kyninu þá eru blendingarnir að nýta fóðrið betur og þurfa 4,1 FE á hvert kíló í vexti í samanburði við 4,3 FE hjá Holstein nautunum. Verkefnið mun svo í framtíðinni varpa ljósi á sótspor og bragðgæði nautakjötsins sem kemur til með þessari framleiðsluaðferð.




Þróunarverkefninu „Holdablendingar framtíðarinnar“ er ætlað að bæta bæði gæði og afkomu dönsku nautakjötsframleiðslunnar.

### *Hámarka nýtinguna*

Annað erindið fjallaði um það hvernig hægt er að ná sem mestu út úr nautaeldi með því að skoða allt framleiðsluferlið og meta hvar megi gera betur. Að mati starfsmanna SEGES er þetta best gert með því að hvert bú setji sér afar skýr markmið varðandi helstu þætti framleiðslunnar og beri niðurstöðurnar saman við önnur bú í sambærilegum rekstri. Þannig ættu bændur t.d. setja markmið um daglegan vöxt nauta, kjötflokkun, fóðurnýtingu, vinnuframlag og margt fleira sem auðvelt er að bera saman við aðstæður hjá öðrum. Þá var í þessu sama erindi komið inn á nýtingu á húsnæði til uppeldis en gerðar hafa verið tilraunir með að auka rýmið hjá smákálfunum sem virðist skila sér í auknum vexti, bættu heilbrigði og rólegri kálfum. Það eru þó takmörk fyrir því hve mikið kálfarnir „borga“ fyrir aukið rými enda kostar sitt að byggja hvern fermetra fjóssins. Fyrstu niðurstöðurnar frá danskri rannsókn á þessu benda til að með því að gefa smákálfunum að jafnaði 3,14 m² pláss í stað 2,24 m², sem er algengt í dag í Danmörku, þá borgar það sig.

### *Há framlegð*

Þriðja erindið sem hér verður gerð grein fyrir sneri að svipuðu efni og hér að framan greinir en það var flutt af nautakjötsráðunautnum Niels Christian Tramm en í stuttu máli sagði hann að það allra mikilvægasta við eldi á nautum væri að ná góðum vaxtarhraða. Hann vildi þó miklu frekar mæla árangur búanna með því að horfa fyrst og fremst á framlegð á hvert kíló í stað þess að horfa einungis á þungaaukningu á hverjum degi eins og flestum kúabændum er líklega tamara að gera.

Niels lagði einnig sérstaka áherslu á mikilvægi þess að bændur reikni út fóðurkostnað búa sinna, hvað það kostar að framleiða fóðrið frá A-Ö, svo hægt sé að benda á leiðir til að ná fram sem mestri hagkvæmni. Ef þetta er ekki þekkt stærð á kúabúinu er afar erfitt að leiðbeina búunum svo vel eigi að vera.

### *6. Sótsporið*

Í Danmörku líkt og mörgum öðrum löndum hefur sótspor landbúnaðar verið undir smásjánni í nokkurn tíma og í þessari málstofu voru flutt alls níu erindi sem sneru að viðfangsefninu með einum eða öðrum hætti. Flest þeirra voru þó heldur sérhæfð og sneru að dönskum aðstæðum. Erindi frá afurðafélaginu

Arla var áhugavert en félagið er leiðandi á heimsvísu þegar horft er til útreikninga á sótspori mjólkurframleiðslunnar og stefnir félagið að því að vera að fullu sjálfbært árið 2050. Lykillinn að því að ná þeim árangri er að vita nákvæmlega hve mikil losun á sér stað á kúabúnum sem leggja inn mjólk hjá Arla og var í málstofunni flutt erindi um reiknilíkan sem félagið hefur þróað í þessum tilgangi. Þannig geta kúabændur einfaldlega pantað úttekt á búum sínum og eftir úttektina liggur strax fyrir hvar hægt er að gera betur og hvað þurfi etv. að bæta.

### *0,81 kg CO2/kg mjólkur 2030*

Félagið hefur reynslu af því að þegar bændur panta úttekt, þá hefur það eitt og sér strax áhrif á losunina enda vilja þeir, sem slíka úttekt panta, gjarnan bæta

sig. Útreikningar félagsins sýna að um 43% losunar verður til við meltingu, um 10% frá mykjunni, um 35% við fóðurframleiðsluna, um 7% vegna orkunotkunar og um 5% losunarinnar kemur annars staðar frá. Á móti kemur að nærri 10% binding verður að jafnaði á kúabúum sem leggja inn hjá félaginu vegna kolefnisbindingar í skógrækt. Arla áætlar að árið 2030 verði heildarlosun kúabúanna sem leggja inn hjá félaginu komin í að jafnaði 0,81 kg $CO_2$/kg orkuleiðréttrar mjólkur en í dag er meðallosunin 1,13 kg

### *Geta dregið verulega úr metanlosun*

Danir hafa lagt mikla áherslu á rannsóknir á sótspori landbúnaðar undanfarin ár og ný rannsókn, sem greint var frá í einu erindanna, sýndi að hægt er að draga verulega úr metanlosun vegna meltingar kúa en þar sem losun á metan við meltingu er lang stærsti skýringarþáttur sótspors kúabúa þá hafa margar rannsóknir verið gerðar á því hvernig megi draga úr þessari losun s.s. með því að blanda þangi eða nítrati við fóðrið, gefa kúnum hvítlauk og óregano, fitubæta fóðrið með fitu úr repju og margt fleira mætti nefna.

### *Geta minnkað losun um 40%*

Gerðar hafa verið ótal tilraunir og nú liggja fyrir fyrstu niðurstöður sem virðast lofa allgóðu. Þannig hefur vísindamönnum tekist að draga úr metanlosun kúnna um 40% án þess að það hafi bitnað á áti eða mjólkurframleiðslu. Það sem bændum er nú ráðlagt að gera er að fitubæta fóðrið þar sem fitan bindur vetni þegar hún mettast og þar með hverfur hluti af hráefninu sem annars myndar metan. Þá má blanda nítrati út í fóðrið sem gerir svipað og fitan, þ.e. bindur vetni. Að síðustu hafa tilraunir með efni sem heitir 3-NOP, sem er sérstaklega framleitt til að draga úr metanlosun kúa, gefið einkar góða raun en efnið byggir á nítroxýprópanóli. Þetta efni kemur í veg fyrir myndun metans í vömb kúnna og þó ekki sé gefið nema um 2 grömm af efninu á dag þá sýna tilraunir Dana að metanlosun kúnna verður um 30% minni en ella! Aðal vandamálið við að blanda þessu efni í fóður kúnna er að ná að dreifa svona litlu magni jafnt í fóðrið hjá kúnum. Þegar allt að framan er skoðað mæla danskir ráðunautar



Það þarf ótrúlega lítið magn af efninu 3-NOP, ekki nema 2 grömm á dag, til þess að snarminnka metanlosun kúa.

með því að fara blöndunarleið þ.e. bæði bæta við fitu, blanda nítrati í fóðrið og einnig 3-NOP.

### *Nýta landið vel*

Tvö erindi fjölluðu um uppskerumál og samhengi við sótsporið og þar kom fram að þó svo að bæði ræktun á fóðurmaís eða fóðurrófum væri betra, umhverfislega séð, en ræktun á grasi fyrir mjólkurkýr þá væri munurinn það lítill að uppskerumagnið af hverjum hektara væri í raun þýðingarmeira. Með öðrum orðum að til þess að draga úr umhverfisáhrifum ræktarlandsins væri mikilvægast að fá væna og nýtanlega uppskeru
.

### *7. Neytenda og heilsumál*

Það er nýlunda á þessu fagþingi að vera með málstofu sem nær til neytendamála en skýringin á því felst m.a. í nýju merkingarkerfi mjólkurvara í Danmörku s.k. hjartamerk-ingu en þetta er opinbert merkingakerfi sem bændur geta fengið á bú sín ef þeir ganga lengra varðandi aðbúnað og dýravelferð en hefðbundin lágmörk laga og reglugerða gera ráð fyrir. Í þessari málstofu voru flutt sjö erindi en flest þeirra voru mjög sérhæfð fyrir danskar aðstæður, sérstaklega erindi er varða heilbrigðismál. Það sem sneri að neytendamálum var hið nýja merkingarkerfi sem nær til þriggja hjarta og fá þá kúabúin, eftir úttekt, 1-3 hjörtu eftir því hvernig þau standa sig en áður hefur verið fjallað um þetta kerfi í Bændablaðinu.

### *Ganga lengra*

Í dag eru í þessu kerfi innan við 1000 dönsk kúabú og flest þeirra eru í nautakjötsframleiðslu eða blandaðri framleiðslu en ekki nema rúmlega 20 kúabú í mjólkurframleiðslu hafa hlotið hjartavottun. Skýringin felst m.a. í kröfum kerfisins en nefna má að til að fá úthlutað þremur hjörtum þarf kálfurinn að ganga undir kúnni í amk. 12 vikur svo dæmi sé tekið.

Kerfið í heild sinni er alls ekki hafið yfir gagnrýni en er skref í þá átt að geta umbunað þeim bændum sem eru tilbúnir að ganga lengra en hefðbundið er, án þess þó að breyta búskap sínum t.d. í lífrænt vottaða framleiðslu. Áhugasömum um þetta kerfi má benda á heimasíðuna www.bedredyrevelfærd.dk.

### *Sjúkrastíur eru ekki burðarstíur*

Annað áhugavert erindi í málstofunni fjallaði um mikilvægi þess að vera með sjúkrastíu á kúabúum og reynslu Dana af slíkri aðstöðu. Áður fyrr voru burðarstíur notaðar líka sem sjúkrastíur en það er liðin tíð og í dag eru þetta aðskild svæði enda má alls ekki setja saman kýr komnar að burði og veikar kýr. Reynsla danskra kúabænda af sjúkrastíum er almennt góð enda eru sjúkir gripir þá ekki innan um heilbrigða gripi og líkur t.d. á smiti á milli gripa er í lágmarki. Þá er auðveldara að veita þeim eftirlit og aðstoð ef til er sjúkrastía á búinu. Danir mæla með því að sjúkrastíur séu í raun útbúnar líkt og ráðlagt er að útbúa burðarstíu. Munurinn sé bara sá að stíuna má ekki nota fyrir burði!

### *8. Rekstur*

Líkt og á við um aðrar málstofur sem hér hefur verið fjallað um þá voru í þessari mál-stofu, sem innihélt 9 erindi, mest áhersla lögð á sérhæfðar danskar aðstæður s.s. hvernig þarlendir bændur eiga að bregðast við breytingum á lagaumhverfi, snúa sér varðandi lífeyrismál nú eða hvernig sé gott að fjárfesta ef reksturinn er að skila nægum afgangi og fleira mætti nefna. Tvö erindi af þessum níu sneru hins vegar beint að því hvernig rekstrarumhverfi kúabúa í dag er að verða meira eða minna stafrænt og hvernig sé hægt að bregðast við því með jákvæðum hætti.

### *Allt á einum stað*

Í dag eru það ekki einungis skýrsluhaldsupplýsingar sem eru stafrænar heldur alls konar aðrar upplýsingar eins og innvigtun mjólkur eða kjöts, fóðurupplýsingar, kvittanir frá birgjum og margt fleira mætti nefna. Þá eru í dag til margskonar snjallsímaforrit, eða öpp, sem margir nýta sér í dag til að auðvelda búskapinn en oft vinna þessi ólíku forrit illa eða ekki saman og það er bagalegt. Nú geta hins vegar danskir bændur meira eða minna fengið allar þessar upplýsingar beint inn á einn stað svo viðkomandi þarf ekki að skrá sig inn á mismunandi stöðum. Það sparar ekki bara tíma heldur gerir einnig öll gögn miklu aðgengilegri og nýtanlegri við að stýra búrekstrinum.

### *Stafrænt skrifborð*

Það er danska ráðgjafarfyrirtækið SEGES sem hefur þróað þennan vettvang fyrir bændur landsins og byggir kerfið á gömlum grunni þar sem bóndinn skráir sig bara inn á einum stað og þá opnast sjálfkrafa fyrir aðgengi að allskonar gagnagrunnum og kerfum, jafnt frá afurðastöðvum, fyrirtækjum, dýralæknum eða jafnvel bönkum. Segja má að kerfið sé einskonar stafrænt skrifborð bóndans og þarf hann því ekki að nota nema einn stað fyrir allt það sem bóndinn vill gera. Fyrir vikið, vegna þessa sameiginlega vettvangs, er hægt að láta hugbúnað ná í hin og þessi gögn og draga saman í skýrslur og yfirlit til þess að auðvelda búskapinn til muna.

### *9–10. Erlendir starfsmenn og dönsk kúakyn*

Síðustu tvær málstofurnar sneru báðar að sérhæfðum dönskum aðstæðum. Sú níunda um það hvernig danskir bændur geta auðveldað erlendum starfsmönnum að takast á við störf sín og sú tíunda fjallaði sérstaklega að ræktun danskra kúa þ.e. Jersey, Rauðar danskar og Holstein. Vegna sérstöðu þessara málstofa verður ekki vikið sérstaklega að þeim í þessari umfjöllun.

Umfjöllun um þetta áhugaverða danska fagþing lýkur hér með en þess má geta að hægt er að skoða og hlaða niður öllum erindum af fagþinginu með því að fara inn á upplýsingasíðu danska landbúnaðarins www.landbrugsinfo.dk. Þar þarf svo að velja „Kvæg“ (þ.e. nautgriparækt) og þar undir „Kvægkongressen“ og þá opnast heimasíða fagþingsins þar sem hægt er að skoða öll erindin með því að smella á „Præsentationer fra kongressen 2020“.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300






RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Úrvalsnýting nautanna sem voru fædd 2012–2014


Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is

**Oft hafa niðurstöður afkvæmarannsókna á nautum verið dregnar saman með því að sýna úrvalsnýtingu innan hvers árgangs á myndrænan hátt. Nokkuð er um liðið frá því þetta var gert síðast en með þessu má gera sér nokkra grein fyrir hvaða áhrif má ætla að komi fram í kúastofninum með notkun þeirra nauta sem valin eru til framhaldsnotkunar.**

Í byrjun er rétt að rifja upp hvað er verið að mæla. Úrvalsnýting fyrir ákveðinn eiginleika sýnir yfirburði þeirra nauta, sem valin eru til framhaldsnotkunar, í samanburði við það sem mögulega hefði mátt ná fram ef aðeins hefði verið valið fyrir þeim eiginleika og engum öðrum. Þegar valið er fyrir mörgum eiginleikum á sama tíma er illmögulegt að ná fram jákvæðu vali fyrir þeim öllum á sama tíma. Ástæða þess er ekki hvað síst að margir þeirra eiginleika sem valið er fyrir eru neikvætt tengdir innbyrðis og því verður sú útkoma ákaflega ólíkleg.

Hér verður litið á úrvalsnýtingu nauta fæddra árin 2012, 2013 og 2014 en afkvæmadómi þeirra er lokið. Þessir árgangar voru allir tiltölulega stórir á okkar mælikvarða en í árgangi 2012 voru 26 naut, 25 naut í árgangi 2013 og 29 naut í 2014 árgangi. Til áframhaldandi notkunar komu 7 naut úr árgöngunum 2012 og 2014 og 8 naut úr 2013 árgangnum. Á þessu má sjá að valið hefur verið nokkuð strangt og kröfurnar miklar til þeirra nauta sem komast til notkunar sem reynd naut.







Ef við horfum fyrst til nauta fæddra 2012 þá kemur fram einhver sú jákvæðasta mynd sem hægt er hugsa sér varðandi úrvalsnýtingu þar sem hún er jákvæð fyrir öllum eiginleikum nema fituhlutfalli. Þar stendur úrvalsnýtingin mjög nærri 0 sem þýðir að þessi naut munu lítil sem engin áhrif hafa á þann eiginleika, hvorki til hækkunar eða lækkunar. Eðlilega kemur hæst úrvalsnýtingin fram í heildareinkunn enda sú einkunn sem ræður hvað mestu um val nautanna. Eina frávikið frá 100% úrvalsnýtingu gagnvart heildareinkunn er Eitill 12022 sem því miður gaf það afleita júgurgerð þrátt fyrir háa heildareikunn að hann kom ekki til álita til framhaldsnotkunar. Annað sem óneitanlega vekur athygli er hve há úrvalsnýting þessa árgangs er fyrir eiginleika eins og júgur, spena, mjaltir, skap og endingu. Þess er því að vænta að áhrif 2012 árgangsins verði þau að bæta mjög þessa eiginleika í kúastofninum.

Úrvalsnýting nautanna frá 2013 og 2014 er saman á mynd. Þarna má aftur sjá ákaflega jákvæða mynd þó niðurstaðan sé ekki jafngóð hinni stórgóðu niðurstöðu 2012 nautanna. Við samanburð þessara tveggja árganga er einnig rétt að hafa í huga að í 2014 árgangi eru 7 af 29 nautum valin til framhaldsnotkunar en 8 af 25 í 2013 árg. sem þýðir að úrvalsstyrkur 2014 nautanna er mun hærri. Niðurstaðan ber kannski keim af því þar sem við sjáum gríðarháa úrvalsnýtingu þess árgangs hvað varðar heildareinkunn, afurðaþætti, mjaltir og skap. Ef horft er til 2013 árgangsins er eftirtektarvert hversu há úrvalsnýting fyrir frjósemi er í hópi þessara nauta. Þar verður þó að hafa í huga að mat fyrir frjósemi byggir á bili milli burða og því er mat nautanna á þessum tímapunkti að verulegu leyti byggt á ætterni. Eigi að síður gefur þetta vísbendingar um það sem vænta má. Eini neikvæði þátturinn hjá þessum árgöngum tveimur er frumutala og því er ekki hægt að reikna með að þau muni bæta júgurhreysti í stofninum. Hið gagnstæða á við um flesta aðra eða nánast alla aðra eiginleika. Þar er að vænta verulegra framfara með notkun þessara nauta ef svo fer fram sem horfir. Einkum er áhugavert og um leið ánægjulegt að sjá að þrátt fyrir háa úrvalsnýtingu og þar með sterku vali gagnvart mjólkurmagni í 2014 árg. er úrvalsnýting gagnvart efnahlutföllum ekki neikvæð svo neinu nemi þó svo milli magns og efna sé neikvæð fylgni. Fyrir nautin fædd 2013 er þetta aðeins öðruvísi. Þar er úrvalsnýting fyrir mjólkurmagni ekki mjög há en um leið jákvæð gagnavart efnaþáttunum. Þá er þessi árgangur breytilegri en hinir tveir þannig að úrvalsnýting fyrir t.d. heildareinkunn verður með aðeins öðru sniði en hinum árgöngunum tveimur.

Niðurstaðan segir okkur fyrst og fremst að þessi nautaárgangar eru góðir til úrvals því þar komu fram margir einstaklingar sem ná að sameina mikla kosti í mörgum eiginleikum sem færa munu íslenska kúastofninn feti framar.

**Bændablaðið** *Smáauglýsingar 56-30-300*
***Næsta blað kemur út 20. maí***

**Ný kynslóð 100% rafmagn!**

Eigum á lager nýja kynslóð af **MultiOne EZ-7** liðléttingum sem eru **100% rafknúnir** með góða endingu á rafhlöðunni.

Frábær fjölnotavél með **1600 kg lyftigetu** og möguleika á ýmsum aukahlutum.

Vélarnar afhendast með skóflu og taðgreip.

Hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **590 5116** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.




KLETTUR

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

## GARÐYRKJUFÉLAG ÍSLANDS



Björk Þorleifsdóttir, ritstjóri Garðyrkjuritsins.

### Garðyrkjuritið:
# Eitt hundraðasta tölublað

**Garðyrkjufélag Íslands er eitt af allra elstu félögum landsins, stofnað árið 1885. Frá 1895 hefur félagið gefið út Garðyrkjuritið með hléum. Fyrir stuttu kom út 100. árgangur þessa merka rits.**

Björk Þorleifsdóttir, ritstjóri ritsins, segir að í tilefni 100 ára útgáfusögu Garðyrkjuritsins hafi hún flett í gömlum árgöngum og það hafi vissulega komið henni á óvart hversu klassískt efnið í gömlu blöðunum er. „Efni blaðsins að þessu sinni er ekki síður fjölbreytt og fróðlegt og það ætti að höfða til bæði áhuga- og fagfólks í garðyrkju og ræktun.“

Meðal efnis að þessu sinni er ávarp Bjarkar ritstjóra og Ómars Valdimarssonar, formanns félagsins. Meðal höfunda að þessu sinni eru Tómas Atli Ponzi, sem segir frá tilraunum með ný tómataafbrigði, Jóhann Pálsson, Ásta Þorleifsdóttir og Vilhjálmur Lúðvíksson fjalla um rósir auk þess sem Hafsteinn Hafliðason segir frá rósinni 'Harison´s Yellow', Kálfafellsrófunni og fjölskyldunni á Kálfafelli. Kristján Friðbertsson, sem er bráðskemmtilegur penni, rekur ævintýri rifsþélunar og segir sögu fingurbjargablóma. /VH

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS



Ingólfur Guðnason, kennari við Garðyrkjuskólann, að kynna námið.

## Landbúnaðarháskóli Íslands:

# Örlítið færri umsóknir

**Um síðustu mánaðamót höfðu 118 nemendur sótt um nám við Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðsóknin er lítillega minni en á sama tíma á síðasta ári og stafar það líklega af óvissu vegna COVID-19.**

Tveir nemendur stefna á doktorsnám við skólann, sex í meistaranám og 37 í ólíkar greinar í háskólanámi að Hvanneyri.

„Alls hafa 73 sótt um starfsmenntanám við skólann, 25 í námskeiðaröðinni „Reiðmaðurinn“, 16 í búfræði og 30 í garðyrkjunám. Bent skal á að nemendur eru teknir inn í garðyrkjunámið að Reykjum annað hvert ár.“

Reiðmaðurinn er tveggja ára námskeiðsröð í gegnum endurmenntun en er einingabært og hluti af starfsmenntanáminu. /VH


Lely Center Ísland

GRAFAGRINDUR
GOTT ÚRVAL





**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.vbl.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600






Ylplast / Gróðurhúsaplast eru margra laga plastplötur úr polycarbonate, með gott einangrunargildi. Plöturnar henta mjög vel fyrir stórar og smáar byggingar.

Þykktir á lager eru 6, 10 og 16 mm, í glæru og hvítlituðu (opallitað). Hægt að útvega aðrar þykktir og liti.

Selt í heilum plötum, og einnig niðurskorið að þínum þörfum.

Að auki bjóðum upp á alla fylgihluti fyrir uppsetningu, svo sem gúmílista állista, dropalista, öndunartape og áltape.

Þekking, reynsla, þjónusta.

**Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Fást í síma 587 6677.**







Fást ehf / Köllunarklettsvegi 4, 104 Reykjavík / Sími: 587 6677 / Netfang: fast@fast.is / www.fast.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Fyrir okkur öll

# Bændur standa þétt saman

Meginverkefni Bændasamtaka Íslands er að gæta hagsmuna stéttarinnar. Félagsleg samstaða er dýrmæt og öflug starfsemi samtakanna eykur slagkraft bænda. Með aðild að BÍ njóta félagsmenn ýmissa réttinda og afsláttarkjara á þjónustu.

## Innheimta félagsgjalda

Félagsgjöld verða send út til bænda um miðjan maí. Gjöldin eru veltutengd og þrepaskipt en síðustu vikur hafa félagsmenn uppfært skráningu sína á Bændatorginu. Þeir sem eiga eftir að gefa upplýsingar um veltubil eru hvattir til að hafa samband sem fyrst svo gjaldið verði ekki áætlað.

Boðið verður upp á boðgreiðslur fyrir þá sem vilja skipta félagsgjaldinu. Þeir sem þess óska er bent á að hafa samband við þjónustufulltrúa BÍ í netfangið bondi@bondi.is.

## Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

***Við bjóðum nýja félagsmenn velkomna.***

Allar upplýsingar um félagsaðild er að finna á vefnum **bondi.is**
Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma **563-0300** og í netfangið **bondi@bondi.is.**

**Fylgstu með bændum á Facebook og bondi.is**



VÉLABÁSINN

# Renault Trafic – samanburður á nýjum og sex ára bíl



Renault Trafic, frekar ósáttur við þessa merkingu, en þrátt fyrir það þá er bíllinn góður.



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Í rúm 10 ár hef ég verið að skrifa hér um nýja bíla og prófað gagngert til þess að fjalla um. Á dögunum fékk ég nýjan vinnubíl.**

Bíllinn er sama tegund og sá sem ég hef unnið á síðastliðin fjögur ár. Fyrir vikið fannst mér upplagt að reyna að bera saman bílana tvo.

### *Vinsæll sendibíll hjá mörgum*

Renault Trafic hefur verið einn af mest seldu sendibílum landsins síðastliðin 10 ár, þeir eru eins og aðrir bílar, þurfa ást og umhyggju og reglulegt viðhald.

Eldri bílarnir eru ekki gallalausir, þeir eru frekir á bremsuklossa og þola illa að ganga mikið í hægagangi vegna sótmyndunar í útblásturskerfinu. Fyrir vikið er maður oft að „pirrast“ á gulum og rauðum ljósum í mælaborðinu.

Nýi bíllinn ætti að vera að mestu laus við þennan kvilla þar sem að hann er með Adblue kerfi sem brennir sótinu úr útblásturskerfinu.



Nýi og sá gamli, nú þarf maður ekki að skafa lengur því olíumiðstöðina er hægt að tímastilla og þá verður enginn svona snjór.

### *Nýi bíllinn*

Ég fékk ýmsu ráðið þegar nýi bíllinn var pantaður (er bæði ákveðinn og mátulega frekur). Ýmis aukabúnaður var pantaður í bílinn til þess að auka þægindi, öryggi og vellíðan við akstur og vinnu.

Vélin er dísilvél, 145 hestöfl (30 meira en gamli). Uppgefin eyðsla er 5,9 lítrar á hundraðið, en við sem á bílnum vinnum höfum séð meðaleyðslu niður í 7,7 lítra á hundraðið.

Hann er sjálfskiptur með hraðastilli (cruse control) og hita í bílstjórasæti.

Í bílnum mega vera þrír eins og í þeim gamla, en bakið í miðjusætinu er hægt að leggja niður og við það er komið þetta fína vinnuborð til að skrifa vinnuseðla.

Af fenginni reynslu af gamla bílnum var ýmislegt aukalega sett í nýja, eins og dráttarkrókur, betri lýsing inni í vinnu- og farangursrými. Meira áberandi viðvörunar blikkljósabúnaður, auka olíumiðstöð og auka loftræstingarbúnaður. Hann kostar sitt, en eykur öryggi og vellíðan þess sem á bílnum vinnur í allt að 16 tíma törn þegar mest á mæðir.

### *Sex ára munur á þægindum er mikill*

Að keyra nýja bílinn er hreinn draumur í samanburði við þann gamla. Mest munar um þessi auka 30 hestöfl. Sjálfskiptingin hjálpar mikið gömlum manni með lélegt hné.

Hraðastillinn setur maður á bæði innanbæjar og utan strax og umferðarhraða er náð í staðinn fyrir ójafnan hraða og sífelldan sársauka fyrir gamalt hné í gamla bílnum.


Með miðjubakið niðursett fæst þetta fína vinnuborð.


Uppáhaldið hjá mér í flestum bílum er hraðastillirinn, ná umferðarhraða og láta tæknina keyra.

Mest munar þó um aðgengið að rafgeyminum þegar þarf að gefa rafmagnslausum bíl start.


Áður en við fylltum farangursrýmið af tækjum var smellt af mynd til að sýna flotta vinnulýsinguna.


Undir farþegasætinu er gott hólf til að geyma rafmagnsverkfæri.

Rafgeymirinn í nýja er í „húddinu“ eins og í flestum bílum, en í þeim gamla er hann undir fótum ökumannsins. Rífa þarf mottu úr, skrúfa lokið laust í hvert sinn þegar gefa þarf rafmagn. Þetta er óskaplega vitlaus hönnun á vinnubíl.

### *Það eru mínusar, en fáir*

Mestan mun finn ég á bílstjórasætinu, en það er með þægilegasta sæti sem ég hef setið í. Gamla sætið var nánast orðið ónýtt.

„Cruse controlið“ nota ég óspart. Ljósin sem lýsa á veginn eru margfalt betri og umhverfisháðvaðinn inni í bílnum er afgerandi minni, en það eru mínusar.

Leiðsögukerfið er flókið og sem dæmi er erfitt að setja inn í það ákvörðunarstað langt í burtu. Gamli Garmin búnaðurinn var betri.

Felgustærðin hefur stækkað úr 16 í 17 tommur sem þýðir minna gúmmí og verri fjöðrun á okkar ónýta vegakerfi. Það sem mér þótti sárast var að ekki var hægt að fá bílinn með hita í stýrinu, en það er eitthvað sem gott væri að hafa fyrir kalda puttavinnu á íslenskum vetrardögum.

### Helstu mál og upplýsingar

| | |
|---|---|
| Lengd | 5.399 mm |
| Hæð | 2.465 mm |
| Breidd | 1.956 mm |

### *Verð og helstu mál*

Grunnverð á Renault Trafic er 4.850.000, en með öllum þeim aukabúnaði sem er í vinnubílnum er verðið töluvert hærra. Gæti trúað að það væri nálægt 6.000.000 fyrir utan tækin sem flutt voru á milli bíla, mér kemur aukakostnaðurinn ekki við, er alveg sama, mér líður vel að vinna á þessum bíl.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Árið 2020 verður ár sem lengi verður minnst



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Það er öllum ljóst að það sem á undan er gengið og á eftir að gerast vegna COVID-19 er komin upp sú staða að tímatalsviðmið verður í framtíðinni miðað við fyrir og eftir COVID um heim allan (ekki ósvipað og Vestmannaeyingar segja fyrir og eftir gos).**

Sú staða og breytingar sem þjóðin stendur frammi fyrir og á eftir að ganga í gegnum er ný reynsla og áskorun sem allir þurfa að hjálpast við að fara í gegnum.

***Góðum árangri þarf að fylgja eftir***

Þessi frábæri árangur að lágmarka smit með samkomubanni og öðrum aðgerðum síðustu tvo mánuði er orðinn það eftirtektarverður hjá erlendum fréttamiðlum (erlendir fréttamiðlar skrifa öfundsverðar greinar um velgengni Íslendinga um COVID -19 baráttuna). Það er þegar ljóst að einhverjir verða gjaldþrota vegna ástandsins, einhverjir koma til með að hagnast á ástandinu og fyrir enn aðra skiptir faraldurinn þá litlu máli. Það að samkomubanni hafi verið „aflétt/rýmkað“ þurfum við öll að fylgja eftir ráðleggingum um fjölda og nálgun. Þær stóru hátíðir, samkomur og íþróttamót sem fylgja sumri verða með öðru sniði, allir þurfa að vinna saman, passa upp á tveggja metra regluna, virða fjöldatakmarkanir og aðrar þær ráðleggingar frá okkar færustu fræðingum sem leiðbeina og stýra þjóðinni í gegnum þessa miklu baráttu.

***Þó ekki séu allir sammála þá hefur rifrildi engan tilgang***

Í upphafi aðgerða sáust gagnrýnisraddir og til voru efasemdamenn sem voru ekki sammála aðgerðum gegn COVID. Oft kom upp í huga minn við að lesa gagnrýni á aðgerðir setning frá sveitunga mínum fyrir mörgum árum:

„Huglausasti hundurinn í sveitinni geltir hæst.“

Síðustu þrjár vikurnar hef ég staðið í móttöku á viðskiptavinum hjólbarðaverkstæðis og vil ég halda því fram að aldrei hafi ég séð annað eins umburðarlyndi viðskiptavina við að bíða í röð og að fyrirfram pantaður tími hafi ekki staðist. Af um 1.500 viðskiptavinum hafa aðeins 3–5 kvartað, en fyrir nokkrum árum var ekki óalgengt að 3–5 kvörtuðu daglega. Ætli þetta sé ekki um tíunda vortörnin í sumardekkjaslag sem ég vinn við og aldrei hefur umburðarlyndið verið svona mikið. Það vil ég þakka breyttum hugsunarhætti sem bein afleiðing frá daglegum fundum frá „þríeykinu“. Tuð, rex og rifrildi hefur einfaldlega engan tilgang. Að æsa sig og rífast er óhollt og engum líður vel á eftir, hvorki þeim sem hlustar eða þeim sem brýnir raust óhóflega.




**Á tímum COVID-19 er munurinn á milli lífs og dauða fyrir sumum tveir metrar eða sex fet.**



**Gæti maður fyrirgefið sjálfum sér ef maður með heimsókn mundi smita allt heimilisfólk á býli með heimsókn?**

***Það eiga allir að hjálpast að, jafnt börn sem fullorðnir***

Það er alveg öruggt þó að árangurinn sé góður að í þessari baráttu þurfum við öll að hjálpast að og virða fjölda og fjarlægðartakmarkanir næstu mánuðina. Það er ekkert að því að minna fólk á að halda hæfilegri fjarlægð og lágmarka fjölda manns í litlum rýmum því það er smit enn þarna úti.

Miðað við þann árangur sem við höfum náð munum við með samheldni og samvinnu sigrast á þessari veiru fyrr en flestar aðrar þjóðir.

Að fara í sauðburð til að hjálpa til er árvisst hjá mörgum, en nú þarf að hugsa þá hjálp aðeins upp á nýtt, vill bóndi fá heimsókn? Ef farið er í heimsókn til að hjálpa til ætti viðkomandi að hafa með sér sína eigin gúmmíhanska, spritt og klæðnað sem hvergi kemur nálægt fötum og öðru sem tilheyrir býlinu. Það er ekki mikil hjálp í aðstoðinni ef gestur kemur með COVID -19 með sér í heimsóknina.

***Enginn veit framhaldið, þetta sumar verður skrítið***

Í síðasta Bændablaði var nefnt að stjórnendur sláturhúsa hefðu áhyggjur af að manna sláturhúsin næstkomandi haust. Eðlileg hugsun hjá þeim, en að sama skapi eru margir sem hafa misst vinnuna og ætti að vera hægt að manna sláturhúsin með þeim mannskap. Hins vegar hef ég áhyggjur af réttum og smölun á komandi hausti því þröngt er í gangnamannaskálum og víða mannmergð mikil í mörgum réttum á réttardag. Á þessum stöðum gæti verið erfitt að halda tveggja metra regluna, en vonandi eru þessar áhyggjur mínar óþarfar.







## KROSSGÁTA Bændablaðsins



## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



**Bændablaðið**
**kemur næst út 20. maí**
**Smáauglýsingar 56-30-300**

## LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR






**Á Selalæk hafði búið sama fjölskyldan síðan 1946 þangað til við kaupum af þeim Bjarna Jónssyni og Kristínu Bragadóttur og tökum við búinu þann 11. febrúar 2020.**

**Býli:** Selalækur 2.

**Staðsett í sveit:** Selalækur er staðsettur á Rangárvöllum.

**Ábúendur:** Þorgeir Þórðarson og Sólveig Mekkin Eggertsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Þorgeir og Sólveig Mekkin ásamt 4 börnum; Antonía Líf, 14 ára, Glódís Líf, 10 ára, Indíana Líf og Þór Karel sem eru bæði 7 ára og 2 hundar og slatti af köttum.

**Stærð jarðar?** 218 ha og þar af 90 ha ræktaðir.

**Gerð bús?** Mjólkurkýr og sauðfé.



**Fjöldi búfjár og tegundir?** 62 mjókurkýr, 57 kvígur, 55 naut, 40 kindur og 2 hrútar.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Byrjum daginn á því að mjólka kýrnar eftir mjaltir eru svo er það





nokkuð breytilegt eftir dögum og árstíma.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Það er nú ekkert sem er skemmtilegra en annað, þetta er svo fjölbreytt en heyskapurinn kemur samt upp í hugann þegar meður fer svona yfir störfin.

Leiðinlegast þegar gripur veikist eða drepst og þegar það bilar eitthvað í mjaltakerfinu.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Það verður tíminn svolítið að leiða í ljós. Róbót er á innkaupalistanum og svo stefnum við bara á að lifa og njóta.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu íslenskra búvara?** Mjólkurframleiðsla og svo höldum við að grænmetisrækt á Íslandi eigi gott tækifæri núna.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ab mjólk, egg og rabarbarasulta.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Grillað folaldakjöt og með því.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar yngsta dóttirin (7 ára) á bænum spurði pabba sinn í mjöltum hvort að það kæmi nýr pungur á kúna þegar þessi pungur væri búinn, benti á júgrað á kúnni, mjög hugsi á svip.

## MATARKRÓKURINN

# Hægeldaðir lambaskankar með rauðvínssósu



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari

**Hér er sígild leið til að útbúa lambaskanka, sem er mjög auðvelt. Allt er hægsoðið í rauðvíni með bragðgóðu grænmeti þar til allt er mjúkt og bragðgott, rauðvínið, grænmetið og lambið, safinn umbreytist í bragðmikla sósu. Bakið í ofni, eða jafnvel látið malla á eldavél í potti með loki.**





### Lambaskankar

**Hráefni**

- 4 lambaskankar
- 1 tsk. salt og pipar
- 2–3 msk. ólífuolía
- 1 bolli laukur, gróft saxaður
- 3 hvítlauksrif, söxuð fínt
- 1 bolli gulrót, stórir teningur
- 1 bolli sellerí, stórir teningur
- 2 bollar / 700 ml rauðvín
- 800 g tómatar í dós
- 2 msk. tómatmauk
- 2 bollar / 500 ml kjúklingasoð (eða vatn og kraftur)
- 5 kvistir timjan (helst bundnir saman), eða 2 tsk. þurrkað timjan
- 2 stk. þurrkuð lárviðarlauf (eða 4 fersk)
- Kartöflumús

**Aðferð**

Hitið ofninn í 180 gráður. Þerrið lambaskankana með eldhúsbréfi og stráið salti og pipar yfir. Hitið 2 msk. af ólífuolíu í stórum potti yfir miklum hita. Steikið lambaskankana í 2 lotum þar til þeir eru brúnaðir úti um allt, um það bil 5 mínútur. Setjið lambakjötið yfir á disk og hellið af umfram fitu (ef einhver er) úr pottinum. Lækkið hitann niður í miðlungs stillingu. Hitið 1 msk. af ólífuolíu í viðbót í sama pottinum, ef meira þarf. Bætið lauknum og hvítlauknum við, eldið í 2 mínútur. Bætið gulrót og sellerí við. Eldið í 5 mínútur þar til laukurinn er hálfgagnsær og sætur.

Bætið við rauðvíni, kjúklingasoði, maukuðum tómötum í dós, tómatpúrru, timjan og lárviðarlaufum. Hrærið vel og blandið saman. Setjið lambaskankana í pottinn og passið að skankarnir séu að mestu leyti í kafi eða til hálfs.

Hækkið hitann að miðlungs stillingu, látið malla. Lokið og flytjið síðan yfir í ofn í 2 klukkustundir. Takið úr ofninum og lokið af og setjið síðan aftur í ofninn í 30 mínútur í viðbót (svo þetta séu tvær og hálf klukkustund samtals). Gangið úr skugga um að lambakjötið sé mjúkt viðkomu – ef ekki skuluð þið hylja það og halda áfram að elda það í ofni. Best er að það sé þannig að það sé mjúkt viðkomu en helst samt fast við beinið.

Færið lambakjötið yfir á disk og haldið heitu. Takið lárviðarlauf og timjan úr.

Sigtið sósuna í pott og þrýstið á eftir með ausu til að fá kraftinn úr grænmetinu. Hellið sósunni aftur í pottinn. Látið malla yfir miðlungs hita og sjóðið aðeins niður eða þykkið eftir smekk. Smakkið síðan til með salti og pipar. Berið fram lambaskanka á kartöflumús eða blómkálsmauki með nóg af sósu!

### Kjúklingakryddblöndur

Hér eru svo tvær auðveldar og hollar kjúklingakryddblöndur sem hjálpa þér að rokka upp grillveisluna! Þessar marineringar eru hollar og afar bragðmiklar.

### Karrý kjúklingakrydd

- 1 tsk. avókadó- eða ólífuolía
- 1/2 bolli kókosmjólk
- 2 tsk. karríduft
- 1/2 msk. Garam Masala
- 1/2 tsk. túrmerikduft
- 1 rif hvítlaukur hakkaður fínt
- 1/2 tsk. engiferduft
- 1 tsk. salt

### Chimichurri kjúklingakrydd

- 2 msk. avókadó- eða ólífuolía
- 1/2 bolli ferskur kóriander
- 1/2 jalapeno chili
- 1/4 bolli rauðlaukur
- 1 hvítlauksrif
- 1 tsk. salt
- lime-safi

**Karríkjúklingur – aðferð**

Blandið saman öllum innihaldsefnum í skál og hellið síðan yfir kjúklinginn í rennilásapoka. Innsiglið og geymið í ísskáp eða frysti.

**Chimichurri kjúklingur – aðferð**

Setjið öll innihaldsefnin í matvinnsluvél og „púlsið“ nokkrum sinnum til að sameina, hellið síðan yfir kjúklinginn í renniláspoka og geymið í ísskáp eða frysti.

Grillið í gegn og framreiðið með kaldri sósu og salati að eigin vali.

## HANNYRÐAHORNIÐ

# Teppið Dancing On The Dock

**Bylgjumynstur er alltaf skemmtilegt að prjóna og ekki skemmir fyrir að það kemur skemmtilega út í teppum.**

**Stærð** ca: 90x114 cm

**Garn:** DROPS Fabel (fæst í Handverkskúnst): 50 gr af hverjum lit. Teppið á myndinni er prjónað úr litum: nr: 914, strönd, nr: 912, súkkulaði, nr: 522, túrkis/blár, nr: 162, sæblár, nr: 677, grænn/túrkis,

nr: 542, grænn, nr: 151, guacamole, nr: 910, þokumistur

**Prjónar:** Hringprjónn 80 cm, nr 4,5

Garðaprjón (prjónað fram og til baka): Lykkjurnar prjónast slétt í öllum umf.

**RENDUR:** Prjónið 7 cm með hverjum lit áður en skipt er yfir í næsta.

nr: 914, strönd

nr: 912, súkkulaði

nr: 522, turkos/blár

nr: 162, sæblár

nr: 677, grænn/turkos

nr: 542, grænn

nr: 151, guacamole

nr: 910, þokumistur

Endurtakið rendur alls tvisvar sinnum á hæðina eða þar til óskaðri lengd er náð.







**Uppskrift:** Stykkið er prjónað fram og til baka á hringprjón. Fitjið upp 222 lykkjur á hringprjóna nr 4,5 með strönd. Prjónið 2 umf GARÐAPRJÓN – sjá skýringu að ofan. Prjónið síðan þannig: 3 lykkjur garðaprjón – A.1 yfir næstu 216 lykkjur, endið á 3 lykkjur garðaprjón. Haldið áfram með þetta mynstur. Prjónið nú RENDUR – sjá skýringu að ofan. Þegar rendurnar hafa verið prjónaðar 2 sinnum á hæðina eru prjónaðar 2 umf garðaprjón með þokumistur, fellið síðan af.









Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | | | 5 | | 7 |
| | 5 | | 9 | 8 | | 6 | 1 | |
| 6 | 7 | 3 | | | | | 2 | |
| 4 | 6 | 5 | 8 | 7 | | | 9 | |
| | | 2 | 5 | | 4 | 3 | | |
| | 1 | | | 9 | 6 | 4 | 8 | 5 |
| | 2 | | | | | 9 | 3 | 4 |
| | 3 | 6 | | 2 | 1 | | 5 | |
| 5 | | 8 | | | 9 | | | 1 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 9 | | | 7 | | 5 | |
| | | 1 | | 8 | 5 | | | |
| 8 | | | | | | 7 | 4 | 6 |
| 5 | | | | 7 | 1 | 4 | | 9 |
| | | 8 | 3 | | 4 | 6 | | |
| 1 | | 3 | 9 | 2 | | | | 7 |
| 2 | 1 | 6 | | | | | | 8 |
| | | | 7 | 9 | | 1 | | |
| | 5 | | 6 | | | 3 | 2 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 7 | 5 | 2 | |
| | | | | | | 9 | 1 | |
| 3 | | | | | 9 | | | 4 |
| | | | | | 6 | | | 9 |
| | 8 | | | 5 | | | 4 | |
| 1 | | | 3 | | | | | |
| 8 | | | 7 | | | | | 6 |
| | 5 | 9 | | | | | | |
| | 4 | | 2 | 5 | 8 | | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | 3 | 8 | | | |
| | 5 | | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | | | |
| 2 | 4 | | | | | | | |
| | 8 | | | 7 | | | 1 | |
| | | | | | | | 3 | 9 |
| | | | | | 4 | | | |
| | | 3 | | | | | 6 | |
| | | | 5 | 1 | 2 | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Ætla á hestbak í sumar

**Haraldur Hjalti býr í Varmahlíð í Skagafirði ásamt foreldrum sínum og tveimur bræðrum.**



**Nafn:** Haraldur Hjalti.

**Aldur:** 10 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta:** Varmahlíð.

**Skóli:** Varmahlíðarskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir og útivist.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Pardusdýr.

**Uppáhaldsmatur:** Gufusoðnir kræklingar eins og ég fékk einu sinni í London.

**Uppáhaldshljómsveit:** Stuðmenn, Rucka Rucka Ali, Boyinaband og Dan Bull.

**Uppáhaldskvikmynd:** Avangers endgame.

**Fyrsta minning þín?** Þegar við strákarnir vorum að ,,berjast" í leikskólanum.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Æfi fimleika, bogfimi, fótbolta og spila á píanó.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Smiður og bisnessmaður.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Það er svo margt klikkað sem ég geri ...

**Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í sumar?** Byggja kofa og fara á hestbak.

**Næst »** Haraldur skorar á bekkjarsystur sína, Ólöfu Helgu Ólafsdóttur, að svara næst.

MENNING & SAGA

# Gyðjur, goðsagnir og hið góða samfélag kvennanna – fyrri hluti

**Hugmyndir kvenfrelsaranna um gyðjuveldið eða kvenyndissamfélagið, þ.e. um söguskeið hinnar miklu móður eða hinnar frjálsbornu konu, eru einkum sóttar til þriggja karla; þýska fornfræðingsins, Friedrich Wilhelm Eduard Gerhard (1795-1867), svissneska lög- og fornfræðingsins Johann Jakob Bachofen (1815-1887) og þýska heimspekingsins, Friedrich Engels (1820-1895). Friðrík Vilhelm setti fyrstur manna fram þá hugmynd, að fornar gyðjur ættu allar ættir sínar að rekja til einnar ævafornrar gyðjumóður.**


Arnar Sverrisson.

Í hinu mikla verki sínu, „Móðurréttinum“ (Das Mutterrecht), gerði Johann sér í hugarlund, að samfélög manna hefðu þróast úr svokölluðu móðurveldi, þar sem konur og gyðjur réðu ríkjum. Friðrik útfærði hugmyndina og færði rök fyrir því, að eignarhald karla á framleiðslutækjunum hefði valdið syndafallinu. Þar með festi feðraveldið rætur. Aukin heldur taldi Friðrik, að bylting öreiganna myndi færa konunni frelsun frá veldi feðranna.

En það var Marija Gimbutas (Marija Biruté Alseikaité (1821-1994)) hinn víðkunni og mikilhæfi fornleifa- og mannfræðingur, fædd í Vilnius í Lithaugalandi (Litháen), sem gaf gyðjuhugmyndasmiðunum byr undir báða vængi. María var fjölhæfur vísindamaður, m.a.kunn fyrir gyðjurannsóknir sínar, samanteknar í bókinni „Gyðjumenningunni“ (The Civilization of the Goddess), sem út kom árið 1991. Fornleifar og niðurstöður tungumálarannsókna túlkaði hún á þann veg, að í Evrópu hefði ríkt gyðju-, móður- og kvenmiðuð (e.gynocentric, matristic) steinaldarmenning, sem einkenndist af jafnræði, jöfnuði, kvenvirðingu og friðsemd. Þessi menning var, samkvæmt túlkunum hennar, upprætt af herskáum föðurveldis- eða karlveldisþjóðflokkum (androcratic, patrhiarchal) frá steppunum austan Svartahafs eða hinni fornu Evrópu, sem hún kallar svo.

Kenningar Maríu hafa aukið andagift smiðum gyðju- og nornatrúarbragða, þar sem dýrkaður er frjósemismáttur samlyndis- og jafnréttiskvenna í nánu sambandi við hrynjandi náttúrunnar, firrtar tortímandi og kúgandi körlum, sbr. bók Starhawk (Miriam Simos), „Vafningsdansinn: upprisa hinna fornu gyðjutrúarbragða“ (The Spiral Dance. A Rebirth of the Ancient Religion of the Great Goddess). (Starhawk þessi hefur staðið að gerð heimildarmyndar um Maríu, „Tímanna tákn“ (Signs Out of time)).

Fyrstu hugleiðingar Maríu um gyðjumenninguna komu út um það leyti, sem önnur bylgja kvenfrelsunar reið yfir (á sjöunda og áttunda áratugi síðustu aldar). Kvenfrelsarar gripu hugmyndir hennar á lofti, enda hentuðu þær vel spuna þeirra um kúgun karla.

Norður-ameríski fornleifafræðingurinn og umsjónarmaður safns Maríu, Ernestine Elster, segir: „Það voru kvenfrelsarar, sem í hugmyndum Maríu fundu þá fræðimennsku, sem þeir vonuðu að styðja mundu hugmyndir þeirra sjálfra um, að Guð væri kona. Maríu var lyft til hæstu hæða af hópi áhugasamra kvenna og karla. Sjálf leit hún aldrei um öxl.“

### *Vék kvenyndissamfélagið fyrir feðraveldinu?*

Kvenyndissamfélaginu var sem sé rústað af morðóðum þjóðflokkum að austan og enn var höggvið í sama knérunn, þegar kristni var lögtekin í Rómarveldinu. En, en! Hin forna trú lifði í leynum. Því var það, að kirkjan réðist til atlögu á fjórtándu öldinni til þess að uppræta hina fornu trú endanlega, segja kvenfrelsararnir. Úr hópi frumherja fyrstu bylgju kvenfrelsunar hafði Matilda Joslyn Gage (1826-1898) hreyft hugmyndum þess efnis, að kirkjan hefði dulbúið útrýmingu stoltra, sjálfráðra og státinna kvenna sem nornaveiðar á miðöldum.

Kvenfrelsarar á borð við Marilyn French (1929-2009), Barbara Ehrenreich (f. 1941), Gloria Steinem (f. 1934) og Deidre English (f. 1948), tóku þessum hugmyndum opnum örmum.

Ofangreindir kvenfrelsarar annarrar bylgju telja það sögulega staðreynd, að sjálfstæðar, keikar og klárar konur, hafi verið ofsóttar í gervi norna af evrópsku feðraveldi . En, en! Gyðjuveldið er ævintýri. Sömuleiðis kenningarnar um sérstaka útrýmingu klárra kvenna á miðöldum.

Norður-ameríski sagnfræðingurinn, Charlotte Allen (f. 1941) hefur rýnt í tilurð ofangreindra kvenfrelsunarkenninga og kvendýrkunartrúarbragða: „[F]ræðimenn eru almennt einhuga um, að hvorki sé stafkrók að finna né fornleifafundi um fornar þjóðir, sem nokkurn tímann hafa dýrkað eina frumgerðargyðju.“ Niðurstaða rannsókna á nornaveiðum er þessi, segir Charlotte: „Ákærðar nornir voru langt frá því að vera sjálfstæðar konur með bein í nefinu. Flestar þeirra voru fátækar og óvinsælar. Þær voru dæmigert ákærðar af almennum borgara (oft og tíðum öðrum konum), hvorki veraldlegum eða kirkjulegum yfirvöldum. Satt best að segja þótti yfirvöldum nornaréttarhöldin ógeðfelld og sýknuðu rúmlega helming hinna ákærðu.“

### *Er móðirin goðsögn?*

Í bók sinni, „Goðsagnir um móðurgjörninginn. Hvernig menningin endurskapar hina góðu móður“ (The myths of motherhood: How culture reinvents the good mother), spinnur Shari L. Thurer, sálfræðingur og sálkönnuður, prófessor við háskólann í Boston, áþekkar hugmyndir áfram: „[F]eðraveldið, altæk [alheims] drottnun karla á konum, hefur verið við lýði allar götur síðan [mæðraveldinu var tortímt].“ Konan varð fórnarlamb: „[F]eðraveldisvaldaránið átti sér stað, áður en ritmál kom til sögunnar. Því hefur sérhvert rit öðlast merkingu (refract through the prism) í [mál]vitund karldrottnunar. Því sem næst allur ritaður boðskapur fyrr og síðar, hvort heldur gefinn í skyn eða ógreinilegur (subliminal, liminal), er þrunginn skynbragði feðraveldisins. Allir [karlkyns] heimssöguritarar eru vilhallir. Heimssagan er skrifuð af sjónarhóli sigurvegara kynjastríðsins. Og þar eð feðraveldið er allsráðandi, er tungan og ritmálið gagnsýrt af því, svo að erfitt er að henda á því reiður.“

Móðirin varð líka fórnarlamb: „[Þ]egar framlag þeirra til æxlunar rann upp fyrir körlum og þeir tók tögl og haldir – og höfðu þannig að mestu leyti hönd í bagga með meginstraumi mannkynssögunnar – var móðirin gerð ómennsk. Það er, annað hvort var hún hafin upp til skýjanna (þannig urðu mæður fangar eigin táknupphafningar) eða gerðar að skynlausum skepnum (degraded) (sem litið var á sem undaneldishryssur). ... Alveg síðan karldrottnunin [brast á] hefur kynferði [konunnar] verið klofið frá móðerni og líkamsstarfsemi. Blæðingar, barnsburður [og] brjóstagjöf hefur þar með verið talin ótilhlýðileg [eða klúr].“

*Framhald í næsta tölublaði.*

*Arnar Sverrisson*
*Höfundur er ellilífeyrisþegi og uppgjafarbóndi.*
*Ótilgreindar þýðingar eru hans.*

FISKNYTJAR & NÁTTÚRA

# Áhættumat erfðablöndunar – Hver passar upp á íslenska náttúru?

**Málið varðar Áhættumat erfðablöndunar sem fyrst var gefið út af Hafrannsóknastofnun árið 2017 og endurskoðað árið 2020. Um 1.000 eldislaxar voru fjarlægðir úr norskum laxveiðiám á síðasta ári.**

### *Tryggja fjárhagslega hagsmuni*

Áhættumat erfðablöndunar virðist ganga út á að tryggja fjárhagslega hagsmuni laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila en hefur mjög takmarkað ef nokkuð með umhverfisvernd að gera. Skv. endurskoðuðu áhættumati á að auka framleiðsluheimildir til eldis á frjóum eldislaxi. Fáir hafa lagt í að stíga fram og gera athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar.


Valdimar Ingi Gunnarsson.

Af skiljanlegum ástæðum stíga forustumenn laxeldisfyrirtækja ekki fram með gagnrýni enda eru mjög miklir hagsmunir undir ef Áhættumat erfðablöndunar verður fellt úr gildi.

### *Áhættumat erfðablöndunar til að stjórna framleiðsluheimildum*

Laxeldisfyrirtæki fóru offari að sækja um framleiðsluheimildir fyrir laxeldi í sjókvíum. Áhættumati erfðablöndunar var ætlað að hemja uppbyggingu eldis á frjóum laxi og var á árinu 2017 komið með tillögur sem voru samþykktar á Alþingi árið 2019 þar sem var lagt til 71.000 tonna framleiðsluheimildir. Það kemur síðan á óvart að strax árið 2020 leggur Hafrannsóknastofnun til um 20% aukningu framleiðsluheimilda með að leika sér með forsendur, sem eru vafasamar eða beinlínis rangar. Áður hefur verið fjallað um þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi í Morgunblaðinu en hér verður lögð áhersla á að fjalla um þann skaða sem Áhættumat erfðablöndunar kann að valda á íslenskum laxastofum.

### *Ekkert áhættumat*

Fyrsta mikilvæga atriðið við áhættumatsvinnu er að reyna að koma í veg fyrir, í þessu tilviki, erfðablöndun. Fara strax í að ,,byrgja brunninn áður en barnið fellur ofan í hann“ en ekki fara þá leið sem Áhættumat erfðablöndunar felur í sér að fylgjast með og ,,telja fjölda barna sem falla ofan í brunninn“ án þess að grípa strax til viðeigandi aðgerða. Ef markmiðið er að koma strax í veg fyrir skaða er rétta leiðin að setja ,,lok á brunninn“ með að hindra uppgöngu eldislaxa eða fjarlægja úr veiðivatni fyrir hrygningu. Sérstakt áhyggjuefni er að Áhættumat erfðablöndunar hefur minna verndargildi en felst í þeim mótvægisaðgerðum sem best hafa reynst t.d. í Noregi. Í Áhættumati erfðablöndunar er verið að verja stærri laxveiðiár og að fórna minni veiðivötnum með laxi.


Sjókvíaeldi. Mynd / VIG

### *Getur haft jákvæð áhrif*

Það hefur verið heimilt að vera með eldi á frjóum norskum laxi í sjókvíum á Íslandi á ákveðnum svæðum í tæpa tvo áratugi. Sjálfsögðu má taka umræðu um það hvort heimila eigi laxeldi í sjókvíum við Ísland en sú umfjöllun verður ekki tekin fyrir hér. Þó að samkeppnishæfni laxeldis í sjókvíum á Íslandi sé mjög erfið ef markaðsverð á laxi lækkar þá getur uppbygging á eldinu haft jákvæð áhrif á viðkvæm samfélög ef vandað er til verka. Sú uppbygging má þó ekki vera á kostnað íslenskrar náttúru, einfaldlega vegna þess að auðvelt er að koma í veg fyrir neikvæð áhrif eða halda í algjöru lágmarki.

### *Það þarf að bæta vinnubrögðin*

Ef unnið verður áfram að uppbyggingu sjókvíaeldis á laxi eins og gert hefur verið á síðustu árum drifið áfram af aðilum sem hafa fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi þá mun það hafa neikvæð áhrif á umhverfið og er það ekki eingöngu bundið við erfðablöndun. Staðreyndin er sú að Íslendingar standa öðrum löndum að baki í umhverfismálum laxeldis í sjókvíum. Umhverfisvernd eða öflugum mótvægisaðgerðum getur fylgt verulegur kostnaður sem minnkar jafnframt fjárhagslegan ávinning laxeldisfyrirtækja. Fram að þessu virðist takmarkaður vilji hafa verið til að taka á þessu verkefni af atvinnugreininni og stjórnvöldum. Ef menn fara ekki að gæta sín geta málin þróast í þann farveg að allt eldi á frjóum laxi í sjókvíum verði bannað á Íslandi eins og dæmi eru um erlendis.

*Í næstu greinum verður fjallað um vankanta Áhættumats erfðablöndunar og leiðir til að draga úr hættu á erfðablöndun.*

*Valdimar Ingi Gunnarsson*
*Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.*


Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólastillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternatorar & Startarar


LESENDABÁS

**Rafhitarar**
í skip, hús og sumarhús
**Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð**
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

**Rafhitun**
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
• Tjaldvagninn • Fellihýsið • Húsbílinn • Bátinn • Hjólhýsið • Sumarhúsið • Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321


**HITAKÚTAR**
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**Smáauglýsingasíminn er:**
**563 0300**

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.350 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.800 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.


Polaris Sportman 500 6x6 árg. 2006. Ekið aðeins 5.130 km. Hjól í góðu standi. Verðhugmynd 900.000 kr. Uppl. í síma 892-7080. Fl. myndir ef óskað er eftir.


Er að leita af Hondum ss50 mt50 mb50. Jafnvel bara einhverjum pörtum úr hjólum. Skoða allt hvar sem þú ert á landinu. Allar ábendingar vel þegnar á valur@heimsnet.is eða í síma 896-0158.


Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is


Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 3.500 kg. Ýmsar lengdir. Parið frá kr. 19.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111, opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is


Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa. Ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Einnig gott úrval af 2ja og 3ja hesta kerrum. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is


Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is


Beislisvélavagn, á lofti. Verð 1.200.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.


Flatvagn árg. ´07 - 13 metra langur. Verð 1.100.000 kr. +vsk. Uppl. í s. 894-8620. Bíla og vélasala á Facebook.



Eigum til á lager úriþan-einingar fyrir kæla og frysta. Einnig hurðir og kerfi. Kristján G. Gíslason ehf. www.kgg.is - kgg@kgg.is – s. 552-0000.


Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. kr. 7.900 án vsk. ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.


Til sölu Axpan pro 36. árg. 2019. Þrjár skóflur fylgja: 20 cm, 30 cm og 60 cm. Mótor - Briggs & Stratton Bensín 420 cc. Verð 1.500.000 kr. Uppl. í síma 772-0688.


Árg. 2019 Temared kerra. Rampur, varadekk. Farmrými: 3.990 mm, 1.800 mm. Heildarst. 6.120 mm, 2.450 mm. Eiginþ. 904 kg. Hám.þ. 3.500 kg. Verð 990.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 660-6111.


Árg. 2019 ónotuð Temared kerra. Rampur, varadekk. Farmrými, 4.010 mm, 2.160 mm. Heildarst. 5.660 mm, 2.200 mm. Eiginþ. 676 kg. Hám.þ. 2.700 kg. Verð 594.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 660-6111.


Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is


Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Vagnasmiðjan auglýsir: Framleiðum og eigum á lager krókheysisgrindur með eða án gámalása, sterkar og ódýrar. Veljum íslenskt. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21, Rvk. S. 894-6000.


Húsbíll: Fiat T65 L Hobby, árg. 2016, ekinn 15.000. km. Ryðvarinn, sjónvarp, loftnet, gólfteppi. Mjög fallegur bíll. Dísil, beinskiptur. Kr. 10.900.000. Uppl. í síma 861-5620.


**Liebherr R926 SLC**
Árg. 2013. 750 mm spyrnur, tvískipt bóma, vökvahraðtengi, 4000 vst. 2 skóflur, góm og tennt.


**Liebherr L514 hjólaskófla**
2018 árg, um 9 tonn, 100 vst, 40 km/h keyrsluhraði, mjög öflug og lipur vél
*Verð 15.500.000 + vsk.*


**Yanmar SV26 smágrafa**
2,7 tonn. Árg. 2017. 195 vst. Smurkerfi, rótortilt og 3 skóflur.
*Verð: 5.270.000 + vsk. umboðss.*


**JCB JS145 hjólagrafa**
Árg. 2016. 4.120 vinnust. Einföld bóma, tvöföld dekk. Bakk- og hliðarmyndavélar. NOX TR19 rototilt með S60 tengi og gripfingrum, SVAB joystick. 3 skóflur -2 metra, 160cm & 50cm frá Vélsmiðju Guðmundar. Engcon gafflar.
*Verð: 15.700.000 + vsk.*


**Liebherr L538**
2007 árg. Vökvahraðtengi, skófla, gaflar, góð dekk og í mjög góðu standi.
*Verð 5.700.000 + vsk.*


**Komatsu PW130**
Árg. 2005. 12.000 vst. Rótortilt og tvær skóflur. Ný vökvadæla.
*Verð: 3.990.000 + vsk*


**Tsurumi** dælur í miklu úrvali.


**Weber** jarðveggsþjöppur og hopparar til á lager.

**Upplýsingar í síma 660-6051**
MERKÚR
www.merkur.is



**John Deere 6430**
*Árgerð: 2013 - Notkun: 1.900 vst.*
*Moksturskófla*



**O&K RH 8.5**
*Árgerð: 2003 - Notkun: 8.500 vst.*
*Hraðtengi, skófla og smurkerfi.*



**Scania 470**
*Árgerð: 2004 - Notkun: 680.000 km*
*Fylgir spoiler kit og kastaragrind.*



**NFP Eurotrailer**
*Árgerð: 2005*
*Tveggja öxla á tvöföldu*



**Doosan DX300LC-5**
*Árgerð: 2016 - Notkun: 7.050 vst.*
*Rótortilt sem hægt er að taka rótorin af. GPS frá Trimble, GB300 fleygur, 4 skóflur og smurkerfi*



**Bobcat A300**
*Árgerð: 2006 - Notkun: 7.231 vst.*
*Skófla, ný dekk og bakkmyndavél*

Vinnuvélar
Tækjamiðlun · Innflutningur · Sala

Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is







Jeep Wrangler Sport, árg. 2012, 3.6 L bensín, 285hp. Sjálfskiptur, Ekinn 128.000 km. Snorkel, smurður á 7.000 km fresti. Verð 2.990.000 kr. Uppl. í síma 846-4896.



Ford Escape árg. 2005 v6 3000. Ekinn 165.000 mílur. Dráttarbeisli sumar/vetrardekk gott viðhald. Verð 300.000 kr. Uppl. í síma 898-9172.



Heyvinnuvélar frá Póllandi fyrir smærri ræktunarsvæði. Rakstrar og snúningsvél. Rakstrarvélar. Snúningsvélar. Sláttuvélar, tromlu eða diska. Hagstæð verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Vegristar 4 x 2,5 m. Tilvalið í heimkeyrslur, afleggjara, einkavegi eða inn á túnin. Verð 297.500 kr. +vsk. Sama verð og í fyrra! Sjáum um flutning á staðinn fyrir hagstætt verð. Uppl. Sæblær ehf á Facebook og í síma 899-2202 og 862-1909.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu Hitachi ZW310 hjólaskófla árg. 2006. Notuð 6.400 vinnustundir. Nánari uppl. í síma 662-3100, Pétur.



Hringstigi til sölu, rúmir 4 metrar upp á pall, Heildarbreidd 2 metrar, þrep 90cm. Galvaniseraður. Staðsettur á Reyðarfirði. Fæst á hálfvirði - 700.000 kr. Uppl. í síma 893-2530.



Volvo FMX 500, 4 öxla, árg. 2012, ekinn 343.000 km, sjálfskiptur, bíll í góðu standi, skoðaður ´21, fæst á góðu verði. Uppl. í síma 897-8906.



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Dælur: Rafdrifnar, bensín, dísil, traktorsdrifnar, glussadrifnar. Slöngur og úðarar (sprinklerar) í öllum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Range Rover Evoque TD4, árg. 2015. Ekinn 57.000 km. Einn með öllu: sumar- og vetrardekk, dráttarkrókur, allt í rafmagni og alls konar þægindum. Verð kr. 5.300.000, bein sala. Upplýsingar gefur Stefán í síma 862-7711 eða netfangið: hotelnatur@hotelnatur.com



Til sölu Goldhofer beislisvagn, árg. 2006, í fínu standi. Staðsettur á Suðurnesjunum. Ásett verð 2,3 millj. kr. Frekari uppl. í s. 893-3024.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. Þyngd 900 gr. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Sláttuvélar, ekki færri en sautján sortir, 175 cm kostar kr. 285.000 +vsk. Skoðaðu nýjasta blaðið eða fáðu það sent. www.hardskafi.is sala@hardskafi.is - sími 896-5486.



Hyundai 3 tonn. Árg. 2016, vst. 250. Verð 3,8 millj. kr. +vsk. Uppl. í s. 898-1870.



Kerra 3,5 tonna árg. 2014 - 1155 kg. 8 metra og 210 breidd eigin þyngd. Verð 950.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Volvo EW 160 árg.´07, nýmáluð og á ný dekk, 7.800 vst. Krabbi og rótottilt. Verð 7,5 mill. kr. +vsk. Uppl. í s. 894-8620.



Gámagrind árg.´97, allir lásar. Verð 890.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 894-8620. Bíla og vélasala á Facebook.



Scania P94 árg. 2004, ek. 280.000 km. Lyfta. Loft framan og aftan. Verð 1.600.000 kr. +vsk. Uppl. í s. 894-8620.



Nýlegur og vel með farinn traktor, TYM TX75. Keyptur nýr 2018. Keyrður 770 klst. Verð 4,7 millj. kr. + vsk. Uppl. veitir Ágúst í s. 857-7009.



Pegasus Trimax S4 sláttuvél. Keypt 2018. Slátturbreidd 5 metrar. Sláttuhæð 10 – 110 mm. Selst á 3,7 millj. kr. +vsk. Uppl. veitir Ágúst í s. 857-7009.



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Mjög öflugar WC dælur með skerabúnaði. Búnaðurinn dælir frá salernum upp í skolplagnir. Hentar fyrir mörg WC. Blautþurrkur, tíðabindi, gólftuskur o.fl. engin fyrirstaða. Video á www.zehnder-pumpen.de (News). Umboðsaðili ZEHNDER á Íslandi. Hákonarson ehf. S. 892-8812 / 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalvanhúðaðir. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 160 cm x 200 cm x 16 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Skóbursti fyrir utan heimilið eða vinnustaðinn. Galv. grind með góðum burstum. Verðið er aðeins kr. 8.900 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Nissan Note 04/12. Ek. 55.000 km. 1.600, ssk, nýskoðaður, nýtt púst, góð dekk, nýsmurður, fullur bensíntankur. Uppl. í síma 774-7774.



Earbuds bluetooth heyrnartól. Ný, nettari og fullkomnari gerð! TILBOÐ aðeins 5.990 kr. Styður Android, IOS (Apple) - www.pakkatilbod.is


HAFNAREYRI

**Vörubíll til sölu**

**Hafnareyri ehf. auglýsir til sölu Scania P94 vörubíl árg. 2001. Ekinn 220 þús. km.**

**Verð: Tilboð**



Upplýsingar gefur Guðni Ingvar Guðnason, gudni@vsv.is / s. 8979741.

Hafnareyri ehf.
Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar
Sími 488 8000 • vsv@vsv.is • www.vsv.is




Patura spennar í úrvali. P1 er bæði fyrir 12V og 230V. 5 km drægni. Frábært verð, aðeins kr. 29.900. Mikið úrval af öðrum rafgirðingarvörum. Skoðið Patura bækling á www.brimco.is. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Ætlar þú að byggja? Þá gætu Nudura varmamótin verið lausnin, auðveld í uppsetningu. Stærstu mótin á markaðnum. Færri samsetningar og meiri hraði. www.aske.is. Uppl. í síma 660-1100.



Peugeot 5008 dísel, árg. 2011. Ekinn 142.000 km. Sjálfskiptur. 7 manna. Verð 1.150.000 kr. Uppl. í síma 862-8078 eða mummihall@gmail.com

JÖTUNN



Eigum nýjar Massey Ferguson dráttarvélar til afhendingar strax. MF 5713SA, 67155SA Dyna 4 og Dyna 6, 6718SA DVT, 7719SA DVT og 7726DVT. Jötunn, Austurvegi 69, sími 480-0402.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Um er að ræða tvær sjálfstæðar einingar hver um sig 3m X 6m, samtals 36 fm. Hægt er að flytja báðar einingar í einu á löngum vagni. Ekki er þörf á lögreglufylgd. 4X hífingaeyru á hvorri einingu – auðvelt í flutning. Verð 2.350.000 kr. Uppl. í s. 848-3103.

SK ÞAK

Tökum að okkur þakpappabræðslu um allt land. Upplýsingar í s. 869-6580 - Sverrir & Kristinn – s. 868-0628 og á skt.ehf@gmail.com

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Eigum nýjar Valtra dráttarvélar á lager til afhendingar strax. Valtra N114H5, N134A, N154EA, N174DST, N174 VersuST, T174 EDST og T234 DirectST. Jötunn Austurvegi 69, sími 480-0402.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR




Eigum nýja Schaffer 2024 SLT á lager til afhendingar strax. Verð: 3.400.000 kr. án vsk. Hafið sambandi við sölumenn: sala@jotunn.is eða síma 480-0402.



Til sölu MB Sprinter 519 Arctic Edition, sætafjöldi 19+2, árg. 2019. Leyfð heildarþyngd 5,5 tonn. Mjög vel útbúinn. Ekinn 2.500 km. Verð 12 millj. kr. +vsk. Uppl. í síma 864-9410.



Bílalyftur. Tveggja pósta bílalyfta 4,0 tn. rafm.læsingar. Verð kr. 495.000 m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu Audi A6, skráður 09/2007, 2.0 lítra 170 hestöfl, sjálfskiptur, ekinn 157.000 km á body en aðeins 100.000 km á vél. Nýtt í bremsum allan hringinn. Frábær bíll - þýsk gæði. Verð 900.000 kr. Uppl. í s. 862-3412.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is












Landstólpi - Traust í 20 ár



Loftræstimænir fyrir gripahús

- Hentar vel íslenskum aðstæðum -
- Hagstætt verð -

Fylgstu með okkur á FACEBOOK

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

EININGAHÚS

- Innflutt einingahús frá Lettlandi
- Yfir 20 ára reynsla
- Hönnun, framleiðsla og uppsetning
- Vandað efnisval og hagstæð tilboð
- Frí ráðgjöf og kostnaðarútreikningar



EINBÝLISHÚS - PARHÚS - RAÐHÚS -
WWW.EININGAHUS.IS GSM 698 0330 EMERALD@EMERALD.IS

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Gott framboð af áhugaverðum jörðum

jardir.is

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Byggingarstjórn

Tek að mér byggingarstjórn.
Örn Úlfar Úlfarsson
s. 844-5169
netfang: oulfarsson@gmail.com

RÉTTUR

- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

ÁSCO
BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V í 240V. Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, spennufellur 24V í 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. Raffgeymaskór. Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Humbaur kerrurnar eru til afgreiðslu strax! 2.000-2.500 kg flatvagnar. 2.000 kg 3,1x1,65x0,35 m. Verð kr. 640.000 m/vsk og skráningu. 2.500 kg 4.1x1.85x0.3 6m. Verð kr. 800.000 m/vsk og skráningu. Topplausnir. Smiðjuvegi 12 græn gata. 200 Kópavogi. Uppl. í s. 517-7718.

## Matvörur




Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is - s. 868-7204.




Hjá Sauðfjárbúinu Ytra-Hólmi er til sölu grafið ærkjöt, bjúgu og margt fleira. Pantanir hjá Kristínu í s. 860-2641 eða á kristina1@simnet.is



Í fyrsta sinn - íslensk jurtamjólk unnin úr byggi frá Vallanesi. Sölustaðir: Hagkaup, Melabúðin, Fjarðarkaup, Frú Lauga, Brauðhúsið, Fisk Kompaní, Vegan búðin og Matarbúr Kaju Akranesi.

Sparifé
-frá Gilsbakka-

Pyslur, saltkjöt, lambakjöt o.fl. Hágæða kjöt beint frá bónda. Sendum um land allt. Sjá úrval á Facebook: sparifegilsbakki / Insta: sparife



Bændabiti beint frá býli, Stórhóll í Skagafirði. Andaregg og fullmeyrnað lamba-, kiðlinga- og ærkjöt. www.runalist.is - runalist@runalist.is



Kombucha engifer. Lífrænt engiferið skín í gegn og gefur drykknum ferskt og ögn sterkt bragð. Góður drykkur - gott líf! Kombucha Ísland.



Kálfakjöt á grillið - mælum með tilboðspökkunum okkar, einnig landnámshænuegg, marmelaði og sultur o.fl. Heimsending. www.lindarbrekka.is




Holtsel er sveitabær í 19 km fjarlægð frá Akureyri. Bjóðum til sölu úrvals nautgripa- og alikálfakjöt, ekta heimagerðan rjómaís, egg, brodd og ýmislegt fleira góðgæti. Opið kl. 13-18 allar helgar í maí. Tökum einnig við pöntunum á Facebook og í tölvupósti: holtsel@holtsel.is. Sendum út á land.




Breiðdalsbiti framleiðir vörur úr breiðdælsku hráefni s.s. ærberjasnakk, fjallakæfu og Lamba-beikonkæfu án allra rotvarnarefna. Ærbjúgu, ærhakk, ærborgarar og fleira. Erum á Facebook og í vefverslun Austurlands Food Coop, shop.foodcoop.is. Netfang breiddalsbiti@gmail.com og s. 865-0313.




Ecospíru spírur bæta meltingu, styrkja ónæmiskerfið, eru hjartastyrkjandi, vernda frumur og auka orku og lífsgæði. Njótum þeirra alla daga.




Hrein íslensk náttúruafurð full af Omega 3 fitusýrum, vítamínum og orku. www.ican.is

Smáauglýsingar Bændablaðsins

# Framleiðir þú matvæli?

Með nýjum smáauglýsingaflokki í Bændablaðinu og á bbl.is, sem ber heitið **Matvörur**, geta framleiðendur af öllum stærðum og gerðum komið upplýsingum á framfæri um vöruframboð og vörumerki á hagkvæman og auðveldan hátt.

## Verið velkomin í viðskipti

Þín auglýsing birtist í **32 þúsund eintökum** Bændablaðsins sem kemur út á tveggja vikna fresti.

Hægt er að skrá smáauglýsingar í gegnum vef Bændablaðsins, **bbl.is.**

Grunnverð á auglýsingu með mynd og stuttum texta er aðeins **5.800 kr. m. vsk.**

**Auglýsingastjóri Bændablaðsins gefur nánari upplýsingar um birtingar í síma 563-0303.**




**Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is**



Kofareykt hrossabjúgu úr Fljótshlíðinni. Þessi eru alveg ekta - Beint frá býli. Einn langi kr. 1.900, tveir langar kr. 3.100. Sótt eða sent. Pantanir á smaratun@smaratun.is




Er kominn tími á að fagna? Ístertur fyrir öll tilefni. Ýmsar stærðir og bragðtegundir í boði. Hafið samband í s. 868-0357 eða á netfang erpur@simnet.is og saman gerum við eitthvað gott. Rjómabúið Erpsstaðir.

Korngrís frá Laxárdal er kjötvinnsla í Árnesi. Við seljum svínakjöt af okkar afurðum sem aldar eru á íslensku fóðri sem við ræktum sjálf.




Vantar þig aukna orku í sauðburðinum? Með afsláttarkóðanum „Bóndi" færð þú 25% afslátt af ORKU í vefverslun www.purenatura.is

Pizzavagninn er 16 ára gamall færanlegur veitingavagn í uppsveitum Árnessýslu. Við notum hráefni úr héraði. Dagskráin er á www.pizzavagninn.is



Nautakjöt til sölu beint frá býli. Hakk, 500 g í pakkningu, 1.900 kr. kg. Gúllas, 500 g pakkningu, 2.500 kr. kg og hamborgarar, 120 g, 4 saman í pakka á 1.200 kr. Uppl. og pantanir í gegnum netfangið birnaog@gmail.com

Syðri-Knarrartunga er á Snæfellsnesi. Við bjóðum upp á alikálfakjöt, ungkvígukjöt og kýrkjöt. Sími 866-6993 eða knarrartunga@simnet.is




REKO Reykjavík. Pantið vörur beint frá framleiðanda. Vöruafhending bænda fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, milli klukkan 17.00 og 18.00 í Mjóddinni. Nánar á Facebook: REKO Reykjavík.




Bændur og búalið - þið finnið kaupstaðarlyktina hjá okkur. Hamingjustund á barnum alla daga. Mímir, Hótel Sögu, Bændahöllinni við Hagatorg.



Birkihlíð kjötvinnsla býður upp á lamba- og nautakjöt. Verðskrá og fleira má sjá á facebook-síðu kjötvinnslunnar Birkihlíð kjötvinnsla. Förum einu sinni í mánuði á höfuðborgarsvæðið og nágrenni og eins til Akureyrar. Uppl. gefur Þröstur í s. 690-5528.



Cooking Harmony, Borgartúni 26, er bakarí, kaffihús & veitingastaður sem býður upp á fjölbreytt úrval af glúten- og laktósafríum vörum. www.cookingharmony.is



Sveitaskyr, rjómi og skyrkonfekt er meðal þess sem Rjómabúið Erpsstaðir framleiðir. Velkomin í sveitina!



Matur til að taka með heim frá Mími á Hótel Sögu alla daga á milli 17.00 til 21.00. Í boði eru stökkir kjúklingaleggir sveitamannsins. Hverri pöntun fylgja ljúffengar kartöflur, baðaðar í vorlauki og hvítlauksmajó. Því fleiri kjúklingaleggir, því fleiri kartöflur fylgja með. Verð á legg einungis 500 kr. Pantanir í síma 525-9970 eða í netfangið mimir.restaurant@radissonblu.com

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. S. 820-8096. Netfang: jh@johannhelgi.is

Til sölu Toyota Hilux árg. 2007. Lítillega breyttur, 33" dekk, með snorkel. Keyrður 100.000 km. 3 lítra vél. Tilboð óskast. Frekari uppl. í síma 662-2637.

Tohatsu 3,5 hö tvígengis utanborðsmótor. Lítið notaðar, verð 50.000 kr. Uppl. í síma 698-2663.

A.R.E. lok á pallbíl 6 fet. Var á Ford F350. Kr. 80.000. Uppl. í síma 698-2663.

Úrvals mómold til sölu. Ýmsir möguleikar á heimkeyrslu. Staddur í Ölfusi. Uppl. í síma 893-4921.

## Óska eftir

Óskum eftir að taka á leigu sumarbústað(i), viku og viku í sumar og haust. Erum tvö. Hafið samband við Reyni í síma 896-5142.

Óska eftir fremur litlu og lipru fjórhjóli. Þarf að vera í 100% lagi. Nánar í síma 859-5151 eða skilaboð á netfangið halsmen@simnet.is

Feðgar óska eftir gæsalandi til leigu næsta haust. Helst á Suðurlandi, en tilbúnir að skoða allt. Uppl. í síma 662-8741.

Á ekki einhver gamlan rafsuðutransara sem fæst fyrir ekki allt of mikinn pening? Er á Suðurlandi. Uppl. í síma 867-6752.

## Atvinna

Harðduglegur og samviskusamur Króati um fertugt óskar eftir að komast í vinnu á íslensku garðyrkjubúi. Hefur reynslu sem kokkur, ljósmyndari og af markaðsmálum. Hefur búið á Íslandi og unnið við hótelstörf sem kokkur síðustu ár. Talar ensku og skilur hrafl í íslensku. Uppl. í síma 764-5782 og í netfangið stjepan.matijevic@gmail.com

Óskum eftir að ráða aðstoðarmanneskju í sauðburð út maí. Uppl. í síma 898-8052.

Stúlka, 15 ára, óskar eftir að komast sem aðstoðarmaður í sveit í sumar. Hefur mikinn áhuga á að kynnast landbúnaðarstörfum, hörkudugleg. Uppl. í síma 898-0703.

Húsasmiður með áratuga reynslu langar í tilbreytingu í sumar og óskar eftir ígripavinnu, er til í að koma hvert á land sem er. Upplýsingar í síma 698-2261.

Óska eftir vinnu í sveit, helst á kúabúi. Ég er 26 ára karlmaður, þrælvanur allri sveitavinnu/vélarvinnu. Endilega hafið samband í síma 767-4391.

16 ára stelpu langar að komast í sveit á Suðurlandi. Er vön hestum og kindum. Hefur lokið barnfóstrunámskeiði RKÍ. Sími 868-1256, Ingibjörg.

Vantar starfskraft í sauðburð í maí. Uppl. í síma 896-0660.

## Húsnæði

Til leigu 2 herbergja íbúð með öllu innbúi á svæði 105. Með góðu útsýni yfir sundin og Esjuna. Laus nú þegar. Uppl. í s. 893-3475.

## Til leigu

Hrossabeit. Til leigu í Bláskógarbyggð um 50 ha. land til hrossabeitar. Uppl. í síma 618-1511.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Byggingar verktaki. Tökum að okkur: Nýbyggingar, uppsteypu, stálgrindarhús reising, viðhald húsa. Byggingarstjórn 1,2,3. Uppl. í síma 893-5374 og á nybyggd@gmail.com

BÝ TIL HVAÐ SEM ER - GERI VIÐ ALLT

Laghentur smiður ferðast um landið og tekur að sér verkefni.
- Kjarnaborun, allar stærðir af borum.
- Steypusögun, múrbrot. Fræsun fyrir gólfhita.
- Viðhald og viðgerðir á öllu, s.s. raftækjum.
- Geri við sumarbústaði, smíða hvað sem er inn í hús.

Drífandi ehf.
S. 777-8371 - Netfang: gunnariceman@gmail.com

LÖGGARÐUR EHF.
Stofnað 1985

Almenn lögfræðiþjónusta, erfðaskrár, skipti dánarbúa, gallamál vegna fasteigna, vinnuréttamál og slysamál.

Hafðu samband: loggardur.is eða 568-1636.



Regnsett fyrir útileguna

Regnsett sem er fóðrað með slitsterku og endingargóðu Jersey efni. Efnið er teygjanlegt sem auðveldar hreyfingu. Hetta með smellum. Endurskinsborðar á öxl og hálsi. Buxurnar eru með teygju í mitti og vasa að framan með flipa.

Stærðir: XS - 3XL.
Efni: 100% pólýúretan með jersey fóðri, 170 g/m².
Litir: Blátt og svart.

Verð: kr. 12.390,-

KH VINNUFÖT
KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is



„Þingvallavatn 2020"

Léttar bryggjur við vötn
Auðveld uppsetning – úrval fylgihluta.

KRÓLI ehf. Strandvegur 2, 210 Garðabæ
s. 690 1155
koh@kroli.is
www.kroli.is

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Næsta Bændablað kemur út 20.maí

Bændablaðið



90 %

Inniheldur 90% vatn

# Lostæti af ástríkum ættum

Jarðarber eru sæt, safarík og fallega rauð, enda náskyldir ættingjar rósarinnar. Borðaðu þau ein og sér eða dýfðu þeim í súkkulaði með þeim sem þú elskar.



KOLEFNISJAFNAÐ
KOLVIÐUR
ICELAND CARBON FUND
FRÁ BÓNDA TIL ÞÍN

islenskt.is

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti